1 09	999	32	Orlofsheimili BSRB
1 07	981	06	Orlofsheimili verkalýðssamtakanna, bygging
1 02	989	10	Ólympíunefnd
1 09	999	41	Óviss útgjöld
1 06	301	15	Prestar og prófastar
1 06	301	19	Prestsembættisbústaðir, viðhald
1 02	999	67	Prestseturshús á Sauðanesi, viðhald
1 06	281	04	Próf málflytjenda
1 11	302		Rafmagnseftirlit ríkisins
1 06	205	02	Rannsóknarlögregla
1 02	232		Rannsóknaráð ríkisins
1 08	311		Rannsóknastofa háskólans
1 05	203	04	Rannsóknastofa í Vestmannaeyjum
1 05	272		Rannsóknastofnanir sjávarútvegs, bygging
1 11	203		Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins
1 05	203		Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins
1 11	202		Rannsóknastofnun iðnaðarins
1 04	206		Rannsóknastofnun landbúnaðarins
1 04	299	14	Rannsóknastöðin Katla, Víkurbakka
1 08	399	30	Rannsóknir í samvinnu við WHO
1 02	983	10	Rannsóknir við Kröflu
1 07	999	08	Rauði kross Íslands
1 02	203		Raunvísindastofnun háskólans
1 01	101	09	Ráðherrabústaður á Þingvöllum, rekstur
1 01	101	07	Ráðherrabústaður við Tjarnargötu, rekstur
1 01	101	06	Ráðherrabústaður við Tjarnargötu, viðhald
1 10	325		Rekstrardeild ríkisskipa
1 02	999	07	Reykholtsstaður
1 09	214		Ríkisskattanevnd og skattsektanevnd
1 08	399	28	Rhesusvarnir
1 06	301	27	Rit presta í Hólastifti
1 02	982	21	Rithöfundasamband Íslands
1 02	982	32	Rithöfundasjóður Íslands

1 07	981	14	Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota
1 09	971		Ríkisábyrgðasjóður, framlag
1 15	181		Ríkisbifreiðar, framlag
1 09	103		Ríkisbókhald
1 14	101		Ríkisendurskoðun, aðalskrifstofa
1 06	283	04	Ríkisfangelsi og vinnuhæli, bygging
1 09	104		Ríkisfjárhirsla
1 03	201	03	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli
1 11	233		Ríkisprentsmiðjan Gutenberg
1 06	202		Ríkissaksóknari
1 09	201		Ríkisskattstjóri
1 08	302		Ríkisspítalar, skrifstofa
1 00	301		Ríkisstjórn
1 02	422		Ríkisútgáfa námsbóka
1 02	972		Ríkisútvarp, sjónvarp, aðflutningsgjöld
1 02	999	52	Rjómabúið á Bausstöðum, viðhald
1 02	904		Safnahúsið
1 06	205		Sakadómaræmbætti
1 02	999	71	Samband austfirskra kvenna
1 02	999	37	Samband íslenskra barnakennara
1 02	999	38	Samband norðlenskra kvenna
1 02	999	50	Samband norðlenskra kvenna, námskeið í heimilisgarðrækt
1 02	999	72	Samband vestfirskra kvenna
1 02	679		Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni
1 10	101		Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa
1 03	101	02	Samningar við erlend ríki
1 02	581	02	Samvinnuskólinn
1 04	243		Sauðfjárveikivarnir
1 06	301	29	Saubæjarkirkja
1 07	981	03	Sáttanefndir í vinnudeilum
1 03	301		Sendiráðið í Bonn
1 03	311		Sendiráðið í Brussel
1 03	302		Sendiráðið í Kaupmannahöfn
1 03	303		Sendiráðið í London
1 03	304		Sendiráðið í Moskvu
1 03	305		Sendiráðið í Osló
1 03	306		Sendiráðið í París
1 03	307		Sendiráðið í Stokkhólmi
1 03	308		Sendiráðið í Washington
1 06	281	03	Setu- og varadómarar
1 00	201	09	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka
1 10	672		Sérleyfissjóður
1 06	281	05	Siglingadómur
1 10	341		Siglingamálastofnun ríkisins
1 02	974		Sinfóníuhljómsveitin
1 07	999	10	S.Í.B.S., styrkur
1 09	999	02	Símakostnaður og burðargjöld fyrir stjórnarráðið
1 07	999	11	Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra
1 07	999	32	Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, byggingarstyrkur
1 05	101		Sjávarútvegsráðuneytið, aðalskrifstofa
1 02	571		Sjómannaskólahúsið
1 07	999	23	Sjómannastofur
1 10	332	04	Sjómerki

1 06	254		Sjómælingar og sjókortagerð
1 10	342		Sjóslysanevnd
1 10	333	08	Sjóvarnargarðar
1 05	299	01	Sjóvinnunámskeið
1 08	399	27	Sjúkraflug
1 08	381		Sjúkrahús og læknaþústaðir
1 06	283	06	Sjúkrakostnaður refsifanga
1 09	207		Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum
1 09	206		Skattstofa Norðurlandsumdæmis eystra, Akureyri
1 09	205		Skattstofa Norðurlandsumdæmis vestra, Siglufirði
1 09	211		Skattstofa Reykjanesumdæmis, Hafnarfirði
1 09	208		Skattstofa Suðurlands, Hellu
1 09	204		Skattstofa Vestfjarða, Ísafirði
1 09	209		Skattstofa Vestmannaeyja
1 09	203		Skattstofa Vesturlandsumdæmis, Akranesi
1 09	202		Skattstofan í Reykjavík
1 09	212		Skattstofur, sameiginleg útgjöld
1 02	999	21	Skáksamband Íslands
1 06	301	21	Skálholtsstaður, framlag
1 10	321	02	Skipaútgætur ríkisins
1 07	301		Skipulagsstjóri
1 02	791	17	Skíðakennsla í skólum
1 02	989	08	Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum
1 04	231		Skógrækt ríkisins
1 04	299	18	Skógræktarfélag Íslands
1 05	299	02	Skólabátar
1 08	399	37	Skólar heilbrigðisstétta
1 08	393		Skólayfirlæknisembættið
1 05	901		Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna
1 09	981		Skrifstofubýgging við Grensásveg
1 09	999	07	Skýrsluvélaakostnaður vegna launagreiðslna
1 07	999	13	Slysavarnafélag Íslands
1 08	381	05	St. Franciscusarreglan, Stykkishólmi, byggingarstyrkur sjúkrahúss
1 08	381	08	St. Jósefsspítali í Hafnarfirði, byggingarstyrkur
1 02	881	11	Starfsemi stúdenta
1 02	982	18	Starfslaun listamanna
1 01	101	02	Stjórnarráðshús
1 06	102		Stjórnartíðindi
1 02	999	19	Stjórnunarfélag Íslands
1 11	205		Stjórnunarnámskeið
1 04	287		Stofnlánadeild landbúnaðarins
1 02	205		Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi
1 08	481	05	Stórstúka Íslands
1 10	321		Strandferðir, framlög
1 09	384		Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur
1 09	383		Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn
1 07	999	14	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra
1 07	999	18	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, vegna sérnáms
1 07	999	15	Styrktarfélag vangefinna
1 07	999	16	Styrktarfélag vangefinna, dagheimili
1 07	999	36	Styrktarfélag vangefinna á Austurlandi
1 07	999	35	Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi
1 07	974		Styrktarsjóður fatlaðra

1 07	999	33	Styrktarsjóður lamaðra og fatlaðra
1 07	975		Styrktarsjóður vangefinna
1 02	984	09	Styrkur handa rithöfundi til dvalar á Norðurlöndum
1 02	881	05	Styrkur til íslendinga til að læra tungu grænlandinga
1 02	881	09	Styrkur til útgáfustarfa
1 02	507		Stýrimannaskólinn í Reykjavík
1 02	582		Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum
1 06	301	12	Sumarbúðir þjóðkirkjunnar
1 02	999	39	Sumardvalarheimili, dagheimili og vistheimili fyrir börn úr bæjum og kaupúnum
1 02	999	61	Sumarnámskeið í Leirárskóla
1 02	999	63	Sumarskóli í Edinborg
1 02	983	04	Surtseyjarfélagið
1 02	999	23	Svifflugfélag Íslands
1 06	225		Sýslumaður og bæjarfógeti, Akureyri
1 06	229		Sýslumaður og bæjarfógeti, Eskifirði
1 06	236		Sýslumaður og bæjarfógeti, Hafnarfirði
1 06	226		Sýslumaður og bæjarfógeti, Húsavík
1 06	218		Sýslumaður og bæjarfógeti, Ísafirði
1 06	235		Sýslumaður og bæjarfógeti, Keflavík
1 06	222		Sýslumaður og bæjarfógeti, Sauðárkróki
1 06	227		Sýslumaður og bæjarfógeti, Seyðisfirði
1 06	221		Sýslumaðurinn, Blönduósi
1 06	213		Sýslumaðurinn, Borgarnesi
1 06	215		Sýslumaðurinn, Búðardal
1 06	219		Sýslumaðurinn, Hólmavík
1 06	232		Sýslumaðurinn, Hvolsvelli
1 06	230		Sýslumaðurinn, Höfn í Hornafirði
1 06	216		Sýslumaðurinn, Patreksfirði
1 06	234		Sýslumaðurinn, Selfossi
1 06	214		Sýslumaðurinn, Stykkishólmi
1 06	231		Sýslumaðurinn, Vík í Mýrdal
1 02	999	08	Sæðýrasafnið í Hafnarfirði
1 02	999	65	Sæðýrasafnið í Hafnarfirði, stofnkostnaður
1 02	999	74	Sögualdarbær í Þjórsárdal
1 11	235	03	Sölustofnun lagmetisiðnaðarinnar
1 06	301	10	Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar
1 02	999	20	Taflfélag Reykjavíkur
1 02	999	84	Talkennsla fyrir vangefin börn, námsstyrkur
1 08	481	04	Templarahöllin, byggingarstyrkur
1 01	101	12	Thor Thors sjóðurinn
1 02	999	85	Til fyrrverandi barnakennara
1 07	999	17	Til hjálpar nauðstöddum íslendingum erlendis
1 02	202		Tilraunastöð háskólans á Keldum
1 02	999	11	Tímaritið Veðrið
1 07	999	06	Tjaldanesheimilið
1 09	282		Tollamál, sameiginlegur kostnaður
1 03	201	02	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli
1 09	263		Tollgæsla
1 09	261		Tollstjórinn í Reykjavík
1 02	563		Tónlistarfræðsla
1 02	563	03	Tónlistarskólar, aðrir
1 02	563	02	Tónlistarskólinn í Reykjavík

1 02	563	06	Tónlistarskólinn í Reykjavík og Barnamúsíksskólinn, byggingarstyrkur
1 02	563	05	Tónlistarstarfsemi
1 01	999	12	Tryggingabætur skv. kjarasamningum
1 08	323		Tryggingaeftirlitið
1 08	271		Tryggingastofnun ríkisins
1 11	299	05	Tækniástoð S. þ., UNDP
1 08	399	33	Tækniástoð við sveitarfélög
1 02	501		Tækniskóli Íslands
1 07	999	28	Umbúðasmíði vegna fatlaðra
1 06	255		Umferðarráð
1 02	791	18	Unglingafræðsla
1 02	988	04	Ungmennafélag Íslands
1 09	381		Uppbætur á lífeyri
1 04	290		Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir
1 02	871		Upptökuheimilið í Kópavogi
1 06	301	07	Utanfarir presta
1 03	101		Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa
1 11	235	02	Útflutningsmiðstöð iðnaðarins
1 02	989	06	Útgáfa handbóka um skólaþróttir
1 06	281	09	Útgáfa lagasafns
1 06	281	06	Útgáfa norræns dómasafns
1 06	301	24	Útgáfustarfsemi, þjóðkirkjan
1 09	481		Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum
1 06	301	20	Útihús á prestsetrum
1 06	206	02	Útlendingaeftirlit
1 03	102		Varnarmáladeild
1 03	201	04	Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar
1 07	399		Vatnsveitur
1 04	286	11	Veðdeild Búnaðarbankans
1 10	652		Veðurstofan
1 10	211		Vegagerð
1 05	299	09	Veiðieftirlit
1 04	246		Veiðimálaskrifstofan
1 04	205		Veiðistjóri
1 04	244		Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða
1 05	221		Verðlagsráð sjávarútvegsins
1 12	902		Verðlagsskrifstofan
1 05	299	10	Verðuppbætur á línufisk
1 11	204		Verkstjórnarnámskeið
1 08	471	04	Vernd
1 02	802		Vernd barna og ungmenna
1 02	999	77	Verslunarhús á Flateyri, varðveisla
1 02	581		Verslunarskólar
1 02	581	01	Verslunarskóli Íslands
1 03	399	04	Vestur-íslendingar, samskipti
1 06	301	05	Vestur-íslenskar kirkjur
1 02	506		Vélskóli Íslands
1 02	987		Viðeyjarstofa, endurbætur
1 05	299	11	Viðgerðarþjónusta á fleitartækjum
1 11	299	08	Viðræðunefnd um orkufrékan iðnað
1 12	101		Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa

1 06	243		Vinnuhælið á Kvíabryggju
1 06	242		Vinnuhælið á Litla-Hrauni
1 07	981		Vinnumál
1 02	801		Vistheimilið Breiðavík
1 08	377		Vistheimilið Gunnarsholti
1 10	331		Vita- og hafnamál, aðalskrifstofa
1 10	332	05	Vitabyggingar
1 10	332		Vitamál
1 10	332	02	Vitar, rekstur
1 08	374		Vífilsstaðaspítali
1 02	983	03	Vísinda- og fræðimenn
1 02	975		Vísindasjóður
1 12	999		Vörusýningar erlendis
1 07	999		Ýmis framlög, félagsmálaráðuneytið
1 08	399		Ýmis heilbrigðismál
1 02	989		Ýmis íþróttamál
1 15	191		Ýmis lán ríkissjóðs
1 04	299		Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála
1 02	399		Ýmis utanríkismál
1 02	983		Ýmis visindaleg starfsemi
1 09	999		Ýmislegt, fjármálaráðuneytið
1 02	999		Ýmislegt, menntamálaráðuneytið
1 05	299		Ýmislegt á sviði sjávarútvegs
1 02	999	40	Zontaklúbbur Akureyrar vegna Nonnahúss
1 11	235	04	Þangverksmiðja, Reykhólum
1 00	201	08	Þingmannasamtök NATO
1 02	999	68	Þingstaður í Kópavogi, rannsókn
1 02	999	41	Þjóðdansasafélagið
1 01	902		Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd
1 02	931	03	Þjóðgarðurinn Jökulsárglúfrum
1 01	931	02	Þjóðgarðurinn Skaftafelli
1 01	102		Þjóðhagsstofnun
1 02	999	60	Þjóðháttá- og byggðakvikmyndir
1 06	301		Þjóðkirkjan
1 06	301	40	Þjóðkirkjan, fastanefndir
1 02	973		Þjóðleikhúsið, framlög
1 02	902		Þjóðminjasafn Íslands
1 02	903		Þjóðskjalasafn Íslands
1 13	102		Þjóðskráin
1 08	502		Þroskaþjálfaskólinn
1 09	999	14	Þungaskattsálagning með ökumælum
1 04	299	09	Æðarræktarfélag Íslands
1 02	322		Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans
1 02	988		Æskulýðsmál
1 02	988	02	Æskulýðsráð ríkisins
1 06	301	11	Æskulýðsstörf, þjóðkirkjan
1 06	284	03	Öleftirlit
1 02	902	20	Örnefnastofnun
1 06	261		Öryggiseftirlit ríkisins

B-HLUTI

2 05	274	Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins	
2 09	931	Arnarhvoll	
2 08	273	Atvinnuleysistryggingasjóður	
2 04	221	Áburðarverksmiðja ríkisins	
2 09	101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	
2 10	211	Áhaldahús vegagerðarinnar	
2 07	972	Bjargráðasjóður Íslands	
2 09	932	Borgartún 7	
2 08	911	Brunabótafélag Íslands	
2 01	171	Byggðasjóður	
2 05	272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	
2 05	271	Byggingarsjóður hafrannsóknaskips	
2 02	977	Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu	
2 02	276	Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	
2 07	271	Byggingasjóður ríkisins	
2 07	272	Byggingasjóður verkamanna	
2 04	272	Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	
2 07	971	Erfðatjársjóður	
2 10	673	Ferðaskrifstofa ríkisins	
2 05	211	Fiskimálasjóður	
2 10	471	Flugmálastjórn	
2 03	111	Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	
2 04	236	Fóður- og fræframleiðsla í Gunnarsholti	
2 04	238	Fóðuriðjan, Ólafsdal	
2 03	101	Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	
2 04	239	Græn fóðurverksmiðja, Flatey, A-Skaft.	
2 08	471	Gæsluvistarsjóður	
2 10	332	Hafnabótasjóður	
2 02	201	Happdrætti háskólans	
2 02	211	Háskólabíó	
2 09	103	Innkaupastofnun ríkisins	
2 11	331	Jarðboranir ríkisins	
2 04	172	Jarðasjóður	
2 04	171	Jarðeignir ríkisins	
2 11	332	Jarðvarmaveitur ríkisins	
2 06	371	Kirkjubyggingasjóður	
2 06	372	Kirkjugarðasjóður	
2 06	373	Kristnisjóður	
2 11	313	Kröfluvirkjun	
2 11	234	Lagmetisiðjan Siglósiöld	
2 07	372	Landakaup kaupstaða og kauptúna	

2 04	271	Landgræðslusjóður
2 06	251	Landhelgissjóður
2 10	334	Landshöfn, Keflavík, Njarðvík
2 10	335	Landshöfn, Rífi
2 10	333	Landshöfn, Þorlákshöfn
2 11	232	Landssmiðjan
2 11	311	Landsvirkjun
2 11	312	Laxárvirkjun
2 04	246	Laxeldisstöð í Kollafirði
2 02	872	Lánasjóður íslenskra námsmanna
2 07	371	Lánasjóður sveitarfélaga
2 11	315	Lína Krafla—Akureyri
2 09	102	Lyfjaverslun ríkisins
2 08	377	Læknishéraðasjóður
2 06	101	Lögbirtingablaðið
2 02	976	Menningarsjóður
2 11	314	Norðurlína
2 11	371	Orkusjóður
2 10	101	Póstur og sími
2 11	321	Rafmagnsveitur ríkisins
2 09	971	Ríkisábyrgðasjóður
2 11	233	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg
2 02	422	Ríkisútgáfa námsbóka, skólavörubúð
2 02	971	Ríkisútlit, hljóðvarp
2 02	972	Ríkisútlit, sjónvarp
2 03	121	Sala varnarliðseigna
2 02	679	Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni
2 11	231	Sementsverksmiðja ríkisins
2 10	672	Sérleyfissjóður
2 02	974	Sinfóníuhljómsveit
2 05	221	Síldarverksmiðjur ríkisins
2 10	321	Skipaútlit ríkisins
2 04	237	Stórólfsvallarbúið
2 07	974	Styrktarsjóður fatlaðra
2 07	975	Styrktarsjóður vangefinna
2 04	206	Tilraunabúið á Hesti
2 04	208	Tilraunastöðin á Möðruvöllum
2 04	207	Tilraunastöðin á Reykhólum
2 04	211	Tilraunastöðin á Sámstöðum
2 04	209	Tilraunastöðin á Skriðuklaustri
2 08	271	Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrstryggingar
2 08	271	Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingar
2 08	271	Tryggingastofnun ríkisins, slysatryggingar

2 10	671	Umferðarmiðstöð
2 02	871	Upptökuheimilið í Kópavogi
2 10	331	Vitamálastjórn, áhaldahús
2 02	975	Vísindasjóður
2 09	939	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs
2 02	973	Þjóðleikhús
2 08	311	Þvottahús ríkisspítala

Efnisyfirlit

	Bls.
A-hluti: Fjárreiður rikissjóðs og ríkisstofnana	1
Greiðsluyfirlit rikissjóðs	1
Rekstrarreikningur	2
Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda	8
Æðsta stjórn ríkisins	8
Forsætisráðuneytið	9
Menntamálaráðuneytið	11
Utanríkisráðuneytið	32
Landbúnaðarráðuneytið	37
Sjávarútvegsráðuneytið	44
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	48
Félagsmálaráðuneytið	63
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	67
Fjármálaráðuneytið	73
Samgönguráðuneytið	78
Iðnaðarráðuneytið	82
Viðskiptaráðuneytið	86
Hagstofa Íslands	86
Ríkisendurskoðun	87
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	87
B-hluti: Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign	88
Heimildir	125
Sérstök yfirlit	128
1. Heildarútgjöld eftir tegundum útgjalda, A-hluti	128
2. Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta	128
3. Samandregið yfirlit yfir útgjöld ríkisins eftir tegundum útgjalda	129
4. Skipting ríkisútgjalda eftir hagrænu eðli	129
5. Hlutfallsleg skipting útgjalda eftir ráðuneytum og málefnaflokkum	130
6. Heildarútgjöld eftir ráðuneytum. Samanburður við fjárlög 1976	131
7. Framkvæmdaframlög 1976 og 1977	132
8. Verklegar framkvæmdir samkvæmt A- og B-hluta fjárlagafrumvarps 1977 og fjáröflun til þeirra	133
9. Tekjustofnar sem ráðstafað er til sérstakra þarfa. Skipting eftir tekju- stofnum	134
10. Tekjustofnar sem ráðstafað er til sérstakra þarfa. Skipting eftir viðtak- endum	136
11. Hlutfallsleg skipting ríkistekna eftir tegund skatta og gjalda	137
12. Skipting lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og styrktarfjár	137

	Bl.
Athugasemdir	145
Yfirlit og samanburður við fjárlög 1976	149
Gjaldahlið	149
Tekjuhlið	158
Lánahreyfingar	164
Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins	167
Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni í stafrófsröð	193

Nd. 2. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [2. mál]
um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Flm.: Benedikt Gröndal, Gyfi Þ. Gíslason og Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Í 11. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands skulu í 3. mgr. falla niður orðin „í sameinuðu þingi“.

2. gr.

32. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

3. gr.

38. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Alþingi hefur rétt til að senda forseta lýðveldisins ávörp.

4. gr.

39. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:
Alþingi getur skipað nefndir þingmanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þingið getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar eða bréflugar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

5. gr.

Síðari mgr. 42. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

6. gr.

Í 43. gr. stjórnarskrárinnar falli niður orðið „Sameinað“ í fyrri mgr.

7. gr.

44. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:
Ekkert lagafrumvarp má samþykkja, fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umr.

8. gr.

45. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

9. gr.

Í 49. gr. stjórnarskrárinnar, 1. mgr., skal í stað orðanna „samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í“ koma: samþykkis þingsins.
Í 2. mgr. skal í stað orðanna „nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi“ koma: nema þingið leyfi.

10. gr.

52. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Alþingi kýs sér forseta og þrjá varaforseta.

11. gr.

53. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál, nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði atkvæði.

12. gr.

54. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál og beiðast um það skýrslu ráðherra.

13. gr.

55. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Eigi má Alþingi taka við neinu málefni, nema einhver þingmanna flytji það.

14. gr.

56. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Þyki Alþingi ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert mál, getur það vísað því til ráðherra.

15. gr.

Í 57. gr. stjórnarskrárinnar skulu falla niður orðin „beggja deilda og sameinaðs“.

16. gr.

58. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.

17. gr.

79. gr. stjórnarskrárinnar, fyrri mgr., hljóði svo:
Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga að nýju. Samþykki Alþingi síðan ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.

Greinargerð.

Deildaskipting Alþingis var ákveðin með stjórnarskránni 5. janúar 1874, en kom til framkvæmda á þinginu 1875.

Enda þótt deildaskiptingin hafi enst heila öld, af því að Íslendingar hafa haft öðrum stjórnskipunarmálum að sinna, var hún frá upphafi umdeild og vafasöm og torveldaði sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Deildaskiptingin er erlent fyrirbæri, sem á sér engar forsendur í stéttlausu þjóðfélagi Íslendinga, en hefur kostað bæði fé, tíma og stjórnarfarsleg vandkvæði.

Deildaskipting þingsins hefur hvað eftir annað gert ríkisstjórnnum, sem studdar voru af hreinum meiri hluta alþingismanna, erfitt að gegna hlutverki sínu. Afleiðingin hefur orðið veikara stjórnarfar, sem oft hefur jaðrað við upplausn og ýtt undir ábyrgðarleysi og ævintýrapólitík. Þess vegna er tími til kominn að afnema deildaskiptinguna og skipa Alþingi í eina málstofu.

Alþingi starfaði óskipt frá endurreisn þess til 1875. Kom varla til greina að skipta 26 þingmönnum í deildir, enda tefldu Danir ekki í neina tvísýnu, þar sem konungkjörnir þingmenn voru 6 og kosningarréttur miklum takmörkunum háður. Á þessum árum var mikið rætt og ritað um skipan Alþingis, og var ekki að undra, þótt imprað væri á þeim möguleika að taka upp deildaskiptingu. Erlendis barðist borgarastéttin hvarvetna fyrir réttindum og völdum. Konungar og aðall létu undan sígu, en vörðu sig með því að ríghalda í sérstakar þingdeildir fyrir forréttinda-stéttir. Trúðu þá margir, meðal annars á Íslandi, að slík skipan væri eðlileg og sjálfsgöð.

Þetta mál bar á góma á Þjóðfundinum 1851, en mikill meiri hluti fulltrúa undir forustu Jóns Sigurðssonar tók afstöðu með einni málstofu. Þeir viðurkenndu að vísu, að tvískipting gæti átt rétt á sér, þar sem stéttamunur og aðrar aðstæður væru fyrir hendi, en um það væri ekki að ræða á Íslandi.

Konungur lagði nýtt og að mörgu leyti merkilegt frumvarp til stjórnskipunar-laga fyrir Alþingi 1867. Þingið átti að fá aukin völd, en jafnframt taldi stjórnin rétt að setja á það nokkur höft, enda þótt einni málstofu væri haldið. Nefnd alþingismanna fjallaði ítarlega um málið og gerði tillögu um deildaskiptingu, en einnig að þjóðkjörnum þingmönnum yrði fjölgað verulega.

Jón Sigurðsson var ekki ánægður með þessa þróun mála, og í Nýjum félags-ritum 1870 sagði hann: „Með því að þröngva frelsi Alþingis í frumvarpinu 1867 (33. gr.) kom stjórnin því til leiðar, að stungið var upp á að skipta þinginu í tvær deildir, eða málstofur, sem eykur bæði málalenging og kostnað meira en þörf er á og gefur hinum konungkjörnu færi á að ónýta hvert mál á þinginu, ef þeir vilja. Stjórnin hefur líka fundið, að þetta var eins sterkt ófrelsisband eins og hitt, og hefur því samþykkt uppástunguna, þó hún í raun og veru sýnist vera henni mót-fallin. En það hyggjum vér, að mjög fáir mundu vera með tvískiptu þingi, ef þeir ættu kost á að halda því heilu og óskiptu afarkostalaust.“

Skoðanir Jóns fengu stuðning frá ýmsum einstaklingum og í bænaskrá. Samt sem áður samþykkti næsta þing enn skiptinguna, og henni var haldið í stjórnar-skránni 1874, sem þó í heild var hin mesta stjórnarbot, ekki síst af því að Alþingi fékk löggjafarvald í sérmálum Íslendinga.

Á síðustu áratugum nítjándu aldar og fram eftir hinni tuttugustu var meira rætt og deilt um sjálfstæðismálið en nokkuð annað, og kom skipan Alþingis þar mikið við sögu. Það var Íslendingum að sjálfsgöðu þyrnir í augum, að hinir kon-ungkjörnu þingmenn gátu með helming atkvæða í efri deild fellt hvaða mál sem þeim sýndist. Tókst loks að fá þessu breytt 1903, er þingmönnum deildarinnar var fjölgað um tvo og hinum þjóðkjörnu þar með tryggður meiri hluti.

Óskipt þing átti sér ávallt nokkra formælendur á þessum árum, en flestir stjórnsmálamenn virtust þó ekki reiðubúnir til að afnema deildaskiptinguna, að minnsta kosti meðan konungkjörnir þingmenn sátu enn á þingi. Benedikt Sveins-son sagði til dæmis, að með tímanum gæti svo farið, að óskipt þing þætti hag-kvæmast, en hann taldi það ekki tímabært. Í stað þess komu fram ýmsar hug-myndir, svo sem að láta kjósa til efri deildar með takmörkuðum kosningarrétti, að láta kjósa deildarmenn tvöfaldri kosningu með kjörmönnum eða að kjósa þá hlutfallskosningu, ýmist í fáum kjördæmum eða með landið allt eitt kjördæmi. Íslendingum reyndist, eins og Bjarni Benediktsson orðaði það, „vandi að mynda nýtilega efri deild“.

Landskjörið var tekið upp 1915, þegar konungkjör þingmanna var lagt niður. Hiur sex landskjörnu þingmenn voru kosnir, fyrst til 12, en síðar til 8 ára, hlut-hundnum kosningum með landið allt eitt kjördæmi. Kosningarréttur og kjörgengi voru bundin við 35 ár, þegar almennur kosningarréttur var miðaður við 25 ár. Árið 1934 var landskjörið afnumið, og síðan hafa þingmenn allir verið kjörnir á sama hátt á sama tíma, en sameinað þing hefur kjörið til efri deildar. „Er óneitan-legt, að deildaskiptingin hefur þar með, a. m. k. að nokkru leyti, misst sína fyrri

þýðingu, þótt hún kunni enn að réttlætast af öðrum ástæðum," segir Ólafur Jóhannesson í Stjórnskipun Íslands.

Alþýðuflokkurinn hafði áður á stefnuskrá sinni, að landið skyldi gert að einu kjördæmi og allir þingmenn sitja í einni málstofu. Flutti Jón Baldvinsson um þetta frumvarp 1933 og sagði þá í greinargerð: „Í einni málstofu geta þingmenn hvorki skotið sér undir það, að mál verði betur athugað í hinni deildinni, né treyst því, að það verði tafið þar eða fellt. Afstaða alþingismanna til allra mála verður því hreinni og þau betur athuguð.“ Mótbárum um hættu á flauturslegri afgreiðslu mála í einni málstofu mætti Jón, eins og margir aðrir á undan honum, með því að benda á, að hafa megi fjórar umræður um lagafrumvörp.

Núgildandi kjördæmaskipan, með algerum hlutfallskosningum í fáum kjördæmum og uppbótarpingsætum, fer svo nærri hugmyndinni um landið sem eitt kjördæmi, að Alþýðuflokkurinn hefur látið þar við sitja. Hins vegar heldur hann enn fram hugmyndinni um eina málstofu, eins og þetta frumvarp ber með sér.

Bjarni Benediktsson kunni betri skil á deildaskiptingu Alþingis en nokkur annar. Kom út frá hans hendi mikið fræðirit um þetta efni 1939 (Deildir Alþingis), og ítarleg ritgerð um sama efni birtist í bókinni Land og lýðveldi, I. bindi.

Enda þótt Bjarni héldi sig við fræðilega könnun málsins, sagði hann á einum stað: „Þýðing tvískiptingar þingsins hefur tvímælalaust farið minnkandi,“ og á öðrum: „Í bili horfir helst þannig, að tvískipting þingsins muni smám saman hverfa.“

Lengst hefur verið gengið í þessu máli í forsætisráðherratið Bjarna í samstjórn Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Í stefnuræðu, er hann flutti í upphafi fyrsta þings eftir kosningarnar 1967, gaf hann þessa yfirlýsingu: „Teknar verði upp viðræður milli stjórnmalaflokkanna um þá breytingu á stjórnarskránni, að Alþingi verði ein málstofa.“

Deilt hefur verið um, hvort raunverulega eigi að telja Alþingi tvískipt, þar eð þingmenn eru allir kjörnir á sama hátt á sama tíma. Hafa sumir sagt, að deildirnar væru lítið meira en nefndir kjörnir af sameinuðu þingi. Aðrir hafa látið það ráða, að hvor deild getur fellt mál og þær hafa þannig mikið sjálfstætt vald. Þetta þýðir, eins og Bernharð Stefánsson segir í endurminningum sínum, að „í rauninni gildir atkvæði efri-deildar-þingmanns tvöfalt á við neðri-deildar-þingmann í öllum almennum löggjafarmálum.“ Sex þingmenn í efri deild geta fellt frumvarp, ef ellefu eru á fundi og greiða atkvæði.

Hins vegar hefur því ekki verið gaumur gefinn, að Alþingi hefur í raun réttir ekki tvær málstofur, heldur þrjár. Sameinað þing hafði sáralítið hlutverk í fyrstu. Einar Arnórsson segir í Réttarsögu Alþingis um störf þess eftir breytinguna 1874: „Það má telja undantekningu, að Alþingi starfi í einni málstofu. því að venjulega fara störf þess fram í deildunum.“ Eftir því sem árin hafa líðið, hefur sameinað þing þó vaxið að verkefnum og völdum og hefur nú meiri þýðingu en deildirnar. Fjárlög voru upphaflega afgreidd í deildum, en flutt til sameinaðs þings 1934. Þingsályktunartillögur þekktust varla fyrr á árum, en eru nú ekki aðeins umfangsmikið form þingmála, heldur eru þær notaðar til að stofna lýðveldi, gera mikilvægustu alþjóðasamninga og ákveða aðild að alþjóðlegum samtökum, marka stefnu í landhelgismálum og fleiri stórmálum, staðfesta áætlanir um framkvæmdir og margs fleira. Fyrirspurnir höfðu áður litla þýðingu og voru fáar, en eru nú loftvog landsmálanna og eftirlætis auglýsingaform þingmanna. Allt hefur þetta valdið því, að sameinað þing tekur nú oft tvo af fjórum fundadögum Alþingis í viku hverri.

Störf Alþingis mundu án efa verða einfaldari og ódýrari í einni málstofu en þrem. Breyting á nefndaskipan mundi hafa mikla þýðingu, þar eð nefndum mætti fækka úr 24 í 13, og hver þingmaður mundi sitja í færri nefndum, sem hann gæti sinnt betur en nú gerist. Slíkar endurbætur á nefndastarfi Alþingis eru aðkallandi. Þá mundi tími ráðherra nýtast betur, ef þeir þyrftu ekki að taka þátt í umræðum um mál sín í tveim deildum.

Veigamikil röksemd fyrir afnámi deildaskiptingar Alþingis er áhrif hennar á meirihlutavald og ríkisstjórn. Þingmenn eru nú 60, en ekki nægir fyrir flokk eða flokka að hafa 31 þingmann til að stjórna landinu. Til þess þarf meiri hluta í báðum deildum, að minnsta kosti 21:19 í neðri deild og 11:9 í efri deild, og verður ríkisstjórn því að hafa 32 stuðningsmenn hið minnsta — eða 53.3%.

Stundum hefur verið haldið fram, að þessi krafa um aukinn meiri hluta stuðlaði að sterkum ríkisstjórnnum. Reynslan hefur þó sýnt hið gagnstæða. Deildaskiptingin hefur hvað eftir annað veikt stjórnir, sem þó höfðu meiri hluta þingmanna að haki sér, og leitt til margvíslegra erfiðleika.

Eftir kosningarnar 1931 hafði Framsóknarflokkurinn 23 þingmenn af 42, eða hreinan meiri hluta. Vegna landskjörinna þingmanna í efri deild voru atkvæði þar þó jöfn. Hafði ríkisstjórn Tryggva Þórhallssonar því ekki starfhæfan meiri hluta á þingi og hraktist fljótlega frá völdum. Hún var að visu veik, af því að hún hafði aðeins 35% kjósenda á bak við þinglið sitt, en þannig var kjördæmaskipan þá.

Eftir kosningarnar 1934 höfðu Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn 25 þingmenn af 49. Þá skorti eitt atkvæði í neðri deild til þess að hafa starfhæfan meiri hluta, en Ásgeir Ásgeirsson kom þeim til bjargar, svo og Magnús Torfason.

Eftir að stjórn Emils Jónssonar var mynduð 1959, skapaðist það ástand, að með stuðningi Sjálfstæðisflokksins hafði hún 27 þingmenn gegn 25. Samt hafði stjórnarandstaðan (Framsóknarflokkur og Alþýðubandalag) meiri hluta í efri deild. Komust tvö meginmál stjórnarinnar því aðeins áleiðis, að stjórnarandstæðingar fengust til að styðja þau til skiptis, enda þingrof framundan.

Ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar naut eftir fráhrarf Bjarna Guðnasonar stuðnings meiri hluta þingmanna (31:29), en hafði ekki meiri hluta í neðri deild og gat ekki komið þýðingarmestu málum gegnum þingið. Þetta skapaði stóralvarlegt ástand og leiddi til þingrofs og kosninga.

Ábyrgir menn verða að hugsa þetta mál og gera sér grein fyrir því, hver hætta er á, að deildaskiptingin haldi áfram að veikja íslenskt stjórnarfar, kalla á ábyrgðarlausar aðgerðir og draga úr trausti þjóðarinnar á stjórnkerfi sínu.

Þegar málið er skoðað í þessu ljósi, hljóta menn að fallast á, að tími sé kominn til að afnema deildaskiptingu Alþingis. Það þarf að gera fyrir næstu kosningar, svo að ný skipan geti komið til framkvæmda snemma á næsta kjörtímabili.

Nd.

3. Frumvarp til laga

[3. mál]

um breyting á lögum nr. 115 1936, um þingsköp Alþingis, sbr. lög nr. 54 1972.

Flm.: Benedikt Gröndal.

1. gr.

1. málsl. fyrri málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Kosning forseta og varaforseta í sameinuðu þingi og báðum deildum gildir þar til þing er næst sett, jafnvel þótt þing hafi verið rofið.

2. gr.

Síðari mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Í forföllum forseta ganga varaforsetar að öllu leyti í þeirra stað.

3. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Forsætisnefnd er skipuð forsetum og varaforsetum þingsins, svo og einum fulltrúa hvers þingflokks, sem engan á forseta.

Nefndin fer með stjórn Alþingis, skipar skrifstofustjóra og starfslið, ákveður þingfararkaup og úrskurðar kostnaðarreikninga, fer með málefni alþingishúss, húss Jóns Sigurðssonar og Þingvalla.

Skrifstofustjóri skal aðstoða forseta og gera tillögur um starfslið og starfstilhögun. Hann stendur fyrir reikningum Alþingis, útgáfu og dreifingu Alþingistíðinda, hefur umsjón með alþingishúsinu og garði ásamt öðrum húseignum og lóðum.

Skrifstofustjóri sér um skjalasafn og bókasafn Alþingis ásamt tveim þingmönnum, sem forsætisnefnd tilnefnir. Forsætisnefnd gefur út erindisbréf honum til handa og öðrum, er skipa ábyrgðarstöður þingsins.

4. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Sameinað Alþingi kýs allar fastanefndir þingsins á öðrum fundi sínum. Kjörtímabili nefndanna lýkur, þegar nýtt þing er sett, nema þing hafi verið rofið.

Fastanefndir eru þessar:

- 1) **Dóms- og kirkjumálanefnd**, skipuð sjö alþingismönnum, fer með mál er varða stjórnskipan og stjórnarfar, þingsköp og þá málaflokka, er heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið samkvæmt lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands.
- 2) **Félagsmálanefnd**, skipuð sjö alþingismönnum, fer með þá málaflokka, sem heyra undir félagsmálaráðuneyti samkvæmt lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands.
- 3) **Fjárhagsnefnd**, skipuð sjö alþingismönnum, fer með almenn efnahagsmál, Hagstofu Íslands og þá málaflokka, er heyra undir fjármálaráðuneytið almennt samkvæmt lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands.
- 4) **Fjárveitinganefnd**, skipuð níu alþingismönnum, fjallar um frv. til fjárlaga og fjáráukalaga, ríkisendurskoðun, skoðun ríkisreikninga og fjárlaga- og hagsýslustofnun.
- 5) **Heilbrigðis- og trygginganefnd**, skipuð sjö alþingismönnum, fjallar um þá málaflokka, sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samkvæmt lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands.
- 6) **Iðnaðarnefnd**, skipuð sjö alþingismönnum, fjallar um þá málaflokka, er heyra undir iðnaðarráðuneyti samkvæmt lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands.
- 7) **Landbúnaðarnefnd**, skipuð sjö alþingismönnum, fjallar um þá málaflokka, er heyra undir landbúnaðarráðuneyti samkvæmt lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands.
- 8) **Menntamálanefnd**, skipuð sjö alþingismönnum, fjallar um þá málaflokka, er heyra undir menntamálaráðuneyti samkvæmt lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands.
- 9) **Samgöngunefnd**, skipuð sjö alþingismönnum, fjallar um vegáætlanir, hafnaráætlanir, flóabáta og aðra málaflokka, er heyra undir samgönguráðuneyti samkvæmt lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands.
- 10) **Sjávarútvegsnefnd**, skipuð sjö alþingismönnum, fjallar um þá málaflokka, er heyra undir sjávarútvegsráðuneyti samkvæmt lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands.
- 11) **Utanríkismálanefnd**, skipuð sjö alþingismönnum og sjö til vara, fjallar um þá málaflokka, er heyra undir utanríkisráðuneytið samkvæmt lögum og reglugerðum um Stjórnarráð Íslands. Nefndin er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkis- og varnarmál, enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni, ef formaður hennar eða utanríkisráðherra kveður svo á.

- 12) Viðskiptanefnd, skipuð sjö alþingismönnum, fjallar um þá málaflokka, sem heyra undir viðskiptaráðuneyti samkvæmt lögum og reglum um Stjórnarráð Íslands.
- 13) Umboðsnefnd, skipuð sjö alþingismönnum, fjallar um kvartanir, er Alþingi berast eða upp eru teknar á þingi varðandi opinbera stjórnsýslu, og rangindi, er menn telja sig beitta af henni. Sérstök lög gilda um umboðsnefnd og störf hennar.

Hver fastanefnd kýs sér formann, varaformann og skrifara. Hver nefnd skal hafa sér til aðstoðar tiltekna starfskrafta.

Þyki þingflokkur nauðsyn að skipta um mann í nefnd, er það heimilt, ef forsætisnefnd samþykkir. Skal tilkynna það í sameinuðu þingi, ef skipti eru ekki tíma-bundin.

Fastanefndir Alþingis ákveða sér fasta fundartíma í samráði við forsætisnefnd. Ákvæði 34. gr. 1. mgr. um skyldu þingmanna til að sækja alla þingfundi eiga og við um nefndafundi.

Sameinuðu þingi og báðum þingdeildum er heimilt að vísa þingmálum til fastanefnda. Þær skila skriflegum nefndarálitum og tillögum, sem teljast þingskjöl sameinaðs þings eða þeirrar deildar, sem málið sendi nefndinni. Að jafnaði skal fyrri deild, sem fjallar um mál, vísa því til nefndar, en heimilt er að gera það á öllum málsstigum.

Fastanefndum ber auk þessa að fylgjast með framkvæmd laga hver á sínu sviði og hafa frumkvæði um nýja lagasetningu eða breytingu á lögum eftir því sem þær sjá ástæðu til.

Þegar þing situr ekki, geta fastanefndir haldið fundi utan þingstaðar.

Eigi þingflokkur ekki fulltrúa í þingnefnd, getur forsætisnefnd heimilað honum áheyrnarfulltrúa með málfrelsi á nefndafundum.

Heimilt er sameinuðu þingi að kjósa lausanefndir til að fjalla um einstök mál sín eða deilda, ef meira en helmingur þingmanna greiðir því atkvæði.

5. gr.

- 1) 1. og 2. mgr. 28. gr. laganna orðist svo:

Tillögur til þingsályktunar skulu vera í ályktunarformi og skal prenta þær og útbýta meðal þingmanna á fundi. Tillögur má eigi taka til umræðu fyrir en að minnsta kosti einni nóttu eftir úthýtingu.

Um þingsályktunartillögur, er varða stjórnskipan lýðveldisins, utanríkis- eða varnarmál, skulu fara fram tvær umræður, og má vísa tillögnum til nefnda milli umræðna. Öllum öðrum þingsályktunartillögum skal vísa til nefnda án umræðu. Þegar nefndarálit liggur fyrir, skal ræða tillögurnar og afgreiða.

- 2) 4. mgr. sömu greinar falli niður.

6. gr.

Upphaf 36. gr. laganna orðist svo:

Flutningsmaður máls, en eigi nema einn, má

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá og með fyrstu þingsetningu eftir staðfestingu þeirra.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er að auka hlut Alþingis í stjórnkerfi lýðveldisins og bæta starfshætti þess með eftirfarandi breytingum:

- 1) Að breyta skipan og verkefnum fastanefnda þingsins, fækka þeim verulega og gera þingmönnum kleift að einbeita sér að 1—2 nefndum.

- 2) Að láta fastanefndirnar starfa milli þinga, halda fundi utan þingstaðar, fylgjast með framkvæmd laga hver á sínu sviði og hafa frumkvæði um lagasetningu eða breytingu laga.
- 3) Að kjósa umboðsnefnd Alþingis, er gegni hlutverki umboðsmanns til að verja landsmenn gegn órétti í stjórnslu og veita stjórnvöldum aðhald.
- 4) Að taka upp forsætisnefnd, er stjórn mála Alþingis með auknum völdum og aukinni ábyrgð.
- 5) Að breyta meðferð þingsályktunartillagna til að stytta þann tíma þingsins, sem farið hefur í umræður um annað en beina lagasetningu.
- 6) Að staðfesta í lögum þá hefð, að þingforsetar gegni störfum milli þinga, jafnvel þegar þing er rofið.

Vöxtur þjóðarinnar, félagsleg umbrot og tæknibylting hafa á síðustu áratugum aukið til muna verkefni Alþingis og kröfur þjóðarinnar til þess.

Enda þótt kjördæmaskipan hafi verið breytt, þingmönnum fjölgað, aðstaða þeirra og launakjör bætt til muna, hafa litlar breytingar verið gerðar á starfsháttum þingsins sjálfs. Slíkar breytingar verður þingið að gera til að fylgjast með tímanum og forðast að tapa áhrifum og trausti.

Það hefur vafist ótrúlega fyrir forustusveit íslenskra stjórn mála að setja stjórnarskrá, sem hæfir nýstofnuðu lýðveldi, og virðast ríkisstjórnir og flokkar aldrei sjá út úr myrkviði erfiðra dægurmála. Reynslan sýnir, að hyggilegt mundi vera að gera fyrst breytingar á kjördæmaskipan og Alþingi, en taka síðan til við heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar.

Breytt nefndaskipan.

Nefndir Alþingis eru veigamesti þáttur í málefnastarfi þess. Þar á þingið að beita áhrifum sínum við athugun mála, sambandi við menn og stofnanir utan þings, ráðgjöf sérfræðinga og mótun löggjafar og ályktana.

Nefndakerfi þingsins hefur um langt skeið verið sundurlaust og mistækt, og nefndir hafa með sárafáum undantekningum ekki unnið sér þá virðingu og þau völd, sem þær ættu að hafa.

Fastanefndir Alþingis eru 24 talsins. Efri deild og neðri deild hafa hvor sitt nefndakerfi og sameinað þing hið þriðja, en þar hefur nefndum farið fjölgandi. Þannig eru þrjár allsherjarnefndir í þinginu, tvær nefndir um hvern höfuðflokk löggjafar og nokkrar nefndir aðeins í sameinuðu þingi.

Nefndir hafa yfirleitt sjö þingmenn hver, fjárveitinganefnd tíu, en utanríkis-málanefnd ein varamenn. Nefndasæti eru því alls 178. Þar eð átta ráðherrar sitja ekki í nefndum, skipast nefndasætin milli 52 þingmanna og koma 3.4 sæti á hvern. Í reynd er nefndafjöldi mjög misskipt á milli þingmanna, en á þinginu 1975—76 var skiptingin á þessa leið:

- 1 nefnd: 3 þingmenn,
- 2 nefndir: 13 þingmenn,
- 3 nefndir: 17 þingmenn,
- 4 nefndir: 8 þingmenn,
- 5 nefndir: 7 þingmenn og
- 6 nefndir: 4 þingmenn.

Augljós tilhneiging er hjá hinum áhrifameiri mönnum þingflokka að vera í fáum nefndum, en nýliðar eru margir í fjölda nefnda. Þriðjungur þingmanna er, samkvæmt þessum tölum, í helming allra nefndasæta.

Í frv. er gerð tillaga um, að fastanefndir verði engar í deildum, en allar í sameinuðu þingi. Þrátt fyrir það gætu deildir vísað málum til nefndanna og þær gefið út skrifleg nefndarálit og tillögur. Munnleg framsaga fyrir nefndarálitum mundi falla niður, enda er hún óþörf og tímafrek. Engin hætta er á, að sjónarmið komist ekki til skila og mál verði ekki sótt og varin þrátt fyrir það.

Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er þingdeildum heimilað að skipa nefndir innan-deildarþingmanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða.

Um fastanefndir eru hins vegar engin ákvæði í stjórnarskrá og hefur verið talið heimilt að ákveða skipan þeirra og störf í lögum um þingsköp.

Til álita kemur, hvort það brýtur í bága við deildaskiptingu Alþingis í 32. gr. stjórnarskrárinnar, ef þingsköp heimila, að deildir vísi málum til nefnda, sem kosnar eru í sameinuðu þingi. Þetta var þó leyft í lögum um utanríkismálanefnd 1928, en var síðar fellt niður.

Þýðing deildarskiptingarinnar hefur farið ört minnkandi síðustu áratugi, en verkefni sameinaðs þings aukist að sama skapi. Gallar hins tvískipta nefndakerfis komu snemma í ljós, og var gripið til þess ráðs að láta nefndir beggja deilda vinna saman. Eru slíkar samvinnunefndir heimilaðar í þingsköpum og hafa verið fastur liður í þingstörfum mestalla þessa öld.

Flutningsmaður telur þær breytingar, sem nú er gerð tillaga um, nauðsynlegar vegna stórauðsins álags verkefna þingsins og í beinu framhaldi af þróun þingstarfa. Sameiginlegt nefndakerfi raskar ekki þeirri meginreglu deildaskiptingarinnar, að lagafrumvörp, önnur en fjárlög og fjárukaalög, verði ekki afgreidd, fyrr en þau hafa verið rædd þrisvar í hvorri deild.

Við þá breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir, mundi fastanefndum Alþingis fækka úr 24 í 14 og sætum í þeim úr 178 í 101, eða 1.9 á hvern og einn af 52 þingmönnum. Ef reynt væri að skipta þessu starfi jafnar en verið hefur, mundu þingmenn geta einbeitt sér mun meir að verkefnum nefnda sinna.

Þá er gert ráð fyrir að breyta verkaskiptingu fastanefndanna, og er tekin upp sama skipting og ríkir milli ráðuneyta í lögum og reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Þetta mundi reynast hagræðing fyrir alla aðila.

Það er nýjung, að gerð er tillaga um umboðsnefnd Alþingis. Er henni ætlað það verkefni, sem fela átti umboðsmanni Alþingis samkvæmt stjórnarfrv., sem flutt hefur verið, en ekki afgreitt. Sú leið að fela þingnefnd þetta verkefni er farin í Vestur-Þýskalandi, og mælir ýmislegt með því, að hún mundi henta íslenskum aðstæðum betur en nýtt embætti umboðsmanns. Um slíka nefnd þyrfti að setja sérstök lög, og er frv. að slíkum lögum flutt um leið og þetta. Vísast til þess um frekari upplýsingar og röksemdir varðandi umboðsnefnd.

Þingnefndir hafa yfirleitt látið sér nægja að afgreiða (eða afgreiða ekki) þau mál, sem flutt eru á Alþingi og vísað til þeirra. Hitt heyrir til undantekninga, að þær flytji sjálfar mál, og gera þær það þá yfirleitt að bón utanaðkomandi aðila, t. d. ráðuneyta. Nú er gerð tillaga um að setja það ákvæði í þingsköp, að þingnefndir skuli fylgjast með framkvæmd laga hver á sínu sviði og hafa frumkvæði um nýja lagasetningu eða breytingar á lögum, ef þurfa þykir. Þetta ákvæði mundi veita nefndum tækifæri til að afla sér upplýsinga, veita framkvæmdavaldi aðhald, hafa samband við margvíslega aðila í þjóðfélaginu og gera Alþingi þannig að mun virkari aðila í stjórnkerfinu en það nú er.

Gert er ráð fyrir, að nefndir starfi á milli þinga, og mundi það sérstaklega vera við framkvæmd á þessu síðastnefnda ákvæði. Er þeim heimilað að halda fundi utan Reykjavíkur, og gæti það aukið tengsl þings og þjóðar og sannfært almenning um, að þingmenn kynntu sér málefni ítarlega og legðu sig fram um að fylgjast með, hver á sínu sviði.

Tillögur til þingsályktunar.

Tillögur til þingsályktunar geta verið með ýmsu móti. Sumar fela í sér ákvarðanir Alþingis varðandi stjórnskipan, þar á meðal traust eða vantraust á ráðherrum eða ráðuneytum, eða stefnumörkun í mikilsverðustu utanríkis- og varnarmálum. Aðrar tillögur fjalla um margvísleg efni, stór og smá, sem þingmenn vilja koma á framfæri.

Fyrr á árum var algengast, að slíkar tillögur væru fluttar í deildum, en ekki var ljóst, hvort þær þyrfti að afgreiða í báðum deildum, fyrr en það var lögfest í þingsköpum fyrir fáum árum. Með tímanum hefur þeim tillögum fjölgað til muna, sem fluttar eru í sameinuðu þingi, og jafnframt hefur meðferð þeirra orðið umfangsmeiri þáttur þingsstarfa. Sem dæmi má nefna, að 1930 voru fluttar 22 ályktunartillögur og 15 þeirra afgreiddar. Á þinginu 1975—76 voru slíkar tillögur 74, en aðeins 28 þeirra hlutu afgreiðslu. Settar hafa verið upp tvær nefndir í sameinuðu þingi til að fjalla um þetta tillöguflóð, allsherjarnefnd og atvinnumálanefnd, auk þess sem fjárveitinganefnd og utanríkismálanefnd fá slíkar tillögur til meðferðar.

Samkvæmt 28. gr. þingskapa má ræða tillögur til þingsályktunar einu sinni eða tvisvar. Geri tillögur ráð fyrir útgjöldum úr ríkissjóði, skulu þær jafnan bornar fram í sameinuðu þingi og hafðar um þær tvær umræður. Í framkvæmd er vart hægt að segja, að farið sé eftir þessum ákvæðum. Ef ein umræða er ákveðin um tillögu, er umræðunni að jafnaði frestað og málinu vísað til nefndar, og heitir þá „framhald einnar umræðu“ það, sem í raun er síðari umræða.

Þingmenn nota ályktunartillögur til að koma á framfæri ýmsum hugmyndum um áhugamál sín eða hagsmunamál kjördæma, fara fram á rannsókn eða undirbúning frumvarpa. Heyrst hefur sú ásökun, að þeir noti þetta form þingmáls til að auglýsa sig án þess að leggja vinnu í að semja lagafrumvörp um áhugamál sín, og er sannleikskorn í því. Orð eru þó til alls fyrst, og þetta tillöguform á tvímælaust rétt á sér, þótt það hafi sjaldan sömu þýðingu og lagasetning.

Hér er gerð tillaga um að flokka þingsályktunartillögur og ákveða í þingsköpum tvær umræður um þær, sem snerta stjórnskipan, utanríkis- eða varnarmál. Hins vegar verði öðrum tillögum vísað til nefnda umræðulaust, og mundi sparast við það mikill tími, sem farið hefur í þessi mál.

Það eru sérstök hlunnindi fyrir þingmenn að geta flutt tillögur til þingsályktunar og fengið þær prentaðar sem þingskjöl með greinargerðum, þó ekki fylgi sjálfkrafa réttur til framsöguræðu. Málin komast fyrir augu fjölmiðla, og þingskjölum er dreift um landið, svo að oft er tilgangi þingmanns náð með flutningi og prentun málsins.

Allar þessar tillögur fara til nefnda. Ef tillögurnar fá þar hljómgrunn og afgreiðslu, koma þær aftur á dagskrá og verða ræddar eftir því sem efni standa til.

Ræðuflaumur þingmanna og fjölgun þingmála eru vandamál á flestum löggjafarþingum lýðræðislanda. Í grannríkjum okkar hafa á síðustu árum ferðar margar breytingar á þingsköpum til að leysa þetta vandamál, draga úr ræðulengd og gera þingin starfhæf. Í flestum löndum eru strangar takmarkanir á ræðulengd, en hér er ekki farið inn á þá braut, heldur aðeins lögð til hagræðing á einum þætti þingsstarfa. Mun það raunar algengast um öll þingmál í öðrum löndum, að þau fari beint til nefnda og einstakir þingmenn hafi takmarkaðan rétt til að flytja framsöguræður fyrir málum sínum, enda greinargerðir prentaðar. Er raunar sums staðar mjög takmarkað, hvað einstakir þingmenn geta flutt af málum (öðrum en fyrirspurnum), og byggist starf þinganna mest á stjórnarfrumvörpum.

Forsætisnefnd.

Í núverandi þingsköpum greinir frá stjórn þingforseta á fundum þingsins, svo og að þeir skipi skrifstofustjóra.

Hér er gerð tillaga um að auka veg og völd forsetanna með því að láta þá sameiginlega skipa forsætisnefnd. Er verksvið hennar skilgreint og aukið allmikið frá því, sem nú er.

Allt fram til síðustu ára var venja, að stjórnarflokkar beittu meiri hluta sínum til að kjósa flokksmenn sína í allar stöður forseta og varaforseta. Nú hefur orðið sú ánægjulega breyting, að stjórnarandstæðingar hafa á nokkrum þingum verið kjörnir fyrri varaforsetar, og þeir aldrei brugðist því trausti eða valdið ríkisstjórn erfiðleikum. Vonandi heldur þessi þróun áfram. Þó þykir rétt að gera ráð fyrir, að

þingflokkar, sem engan eiga forseta, fái einn mann hver í forsætisnefnd, sökum þess hve mikið vald nefndin fær yfir störfum þingsins.

Loks segir í síðustu mgr. 3. gr., að forsætisnefnd gegni störfum sínum milli þinga, jafnvel þótt þing hafi verið rofið. Hér er lögfest skipan, sem verið hefur í reynd. Þingforsetar þurfa að annast stjórnun þingsins og koma fram fyrir þess hönd, þótt þing sitji ekki, og mikilvægast er þó, að forseti sameinaðs þings er einn af handhöfum forsetavalds.

Nd. 4. Frumvarp til laga [4. mál]
um umboðsnefnd Alþingis.

Flm.: Benedikt Gröndal.

1. gr.

Heimilt er öllum þeim, sem telja sig eigi ná rétti sínum eða vera misrétti beittir af stjórnvöldum, að senda Alþingi um það skriflega kvörtun.

2. gr.

Umboðsnefnd skal vera ein af fastanefndum Alþingis, kosin af sameinuðu þingi samkvæmt ákvæðum þingskapa. Hana skipa sjö alþingismenn.

3. gr.

Hlutverk umboðsnefndar er að styðja menn til að ná rétti sínum, hindra að stjórnvöld beiti nokkurn mann rangindum og stuðla þannig að góðri, opinberri stjórnarsýslu.

Umboðsnefnd tekur við skriflegum kvörtunum samkvæmt 1. gr. og fjallar um þær eins og lög þessi mæla fyrir um.

Umboðsnefnd getur tekið upp mál að eigin ákvörðun eða samkvæmt skriflegum óskum alþingismanna.

Þingmálum má vísa til nefndarinnar, og fjallar hún þá um þau eins og mælt er fyrir um nefndastörf í þingskögum.

4. gr.

Umboðsnefnd fjallar um opinbera stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga með þeim takmörkunum á verksviði, sem hér greinir:

Í ríkiskerfinu eru eftirtaldar stofnanir undanskildar verksviði nefndarinnar:

- a) Dómstólar í dómsathöfnum, og
- b) Þjóðkirkjan um trúarkenningar.

5. gr.

Kvartandi skal greina nafn sitt og heimilisfang, og er nefndinni óheimilt að taka fyrir nafnlaus bréf. Fylgja skulu kvörtunum öll tiltæk sönnunargögn.

Kvörtun skal bera fram innan árs frá því stjórnarsýslugerðingur var framin eða til lykta leiddur, nema sérstakar ástæður séu til lengri frests.

Ef stjórnarsýslugerðingur má skjóta til æðra stjórnvalds, er ekki unnt að kvarta undan honum, fyrr en æðsta stjórnvald hefur fellt úrskurð sinn í málinu. Þá hefst ársfrestur.

6. gr.

Umboðsnefnd ákveður, hvort erindi, sem henni berast (önnur en þingmál, sem vísað er til hennar), skuli tekin til meðferðar. Samþykki nefndin að taka erindi ekki til meðferðar, skal endursenda það og greina ástæðu fyrir synjun.

Nefndin ákveður málsmeðferð erinda. Heimilt er að fela tveim nefndarmönnum að rannsaka mál og leggja niðurstöður fyrir nefndina. Skal þá annar þingmaður vera úr stjórnarflokki, en hinn úr stjórnarandstöðuflokki.

Heimilt er nefndinni að leita álits löglærðra manna eftir því sem þörf kerfur. Forsetar Alþingis ákveða starfslið og starfsaðstöðu nefndarinnar.

Nefndin starfar milli þinga og þarf ekki að taka mál, er henni hafa verið send, upp á ný á nýju þingi.

7. gr.

Umboðsnefnd á rétt á, að stjórnvöld láti henni í té alla tiltæka vitneskju, sem hún þarf til starfs síns, svo sem með afhendingu skýrslna, skjala, bókana o. s. frv.

Réttur umboðsnefndar til að krefjast vitneskju sætir þeim takmörkunum, sem taldar eru upp í 2. tl. 125. gr. og 2. og 4. tl. 126. gr. laga nr. 85/1936 og 94. gr. laga nr. 73/1973.

Umboðsnefnd getur kallað menn fyrir til að bera vitni um atvik, er máli þykja skipta.

8. gr.

Nú ákveður umboðsnefnd að taka fyrir kvörtun á hendur stjórnvaldi. Skal þá skýra viðkomandi frá efni kvörtunar, nema rannsókn kunní að torveldast sökum þess.

9. gr.

Svo framarlega sem ekki leiðir annað af starfi umboðsnefndar samkvæmt lögum þessum, ber nefndarmönnum og starfsliði nefndarinnar að gæta þagnarskyldu um atvik, sem þeim verða kunní í starfi, enda þurfi þau eðli máls samkvæmt að fara leynt og séu ekki þegar á almennings vitorði. Þagnarskylda helst, þótt menn hverfi úr nefndinni eða hætti störfum fyrir hana.

Formaður nefndarinnar úrskurðar vafamál er varða þagnarskyldu.

10. gr.

Umboðsnefnd getur lýst áliti sínu á hverju máli, sem kemur til meðferðar hennar. Skal birta álitsgerðir sem skýrslur til sameinaðs þings og prenta sem þingskjöl, nema ákvæði 9. gr. banni.

Umboðsnefnd getur bent á, að stjórnsýslumanni eða opinberum sýslunarmanni hafi að hennar áliti orðið á mistök, vanræksla, ranglæti eða hvað eina annað, er ábótavant þykir. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu, að stjórnsýslugerðingur brjóti í bága við lög, skorti stoð í lögum eða sé ógildur, getur hún látið það í ljós.

Umboðsnefnd getur látið mál niður falla að fenginni leiðréttingu eða skýringu stjórnvalda.

Umboðsnefnd er heimilt að senda saksóknara eða handhafa ögunarvalds niðurstöður sínar og málsskjöl.

11. gr.

Umboðsnefnd getur lagt fram þingsályktunartillögur í sameinuðu þingi um mál, telji hún niðurstöðu sína gera þingsályktun nauðsynlega.

Ef umboðsnefnd kemst að þeirri niðurstöðu, að meinbugir séu á gildandi lögum eða reglugerðum, ber henni að tilkynna það forseta sameinaðs þings, sem felur málið viðkomandi þingnefnd til athugunar, svo og ber að tilkynna það hlutaðeigandi ráðuneyti eða sveitarstjórn.

Telji meiri hluti eða minni hluti nefndarinnar að athuguðu máli, að þörf sé breytinga á gildandi lögum eða nýrra lagaákvæða, skal fara með þá niðurstöðu á sama hátt og greinir í 2. mgr.

12. gr.

Ef umboðsnefnd verður áskynja stórvægilegra mistaka eða afbrota stjórnvalds, ber henni að gefa hlutaðeigandi ráðuneyti eða saksóknara sérstaka skýrslu

um málið. Ef um sveitarstjórnarmál er að ræða, skal á sama hátt gefa sveitarstjórn skýrslu.

Umboðsnefnd ákveður sjálf, hvort og hvenær gefin er skýrsla um mál samkvæmt 10. gr. eða með opinberri fréttatilkynningu. Ávallt skal láta fram koma, hvað viðkomandi stjórnvald hefur fært fram til varnar eða skýringar.

13. gr.

Umboðsnefnd setur sér sjálf starfsreglur og skulu forsetar Alþingis staðfesta þær. Lög þessi taka gildi við setningu næsta Alþingis eftir staðfestingu þeirra.

Greinargerð.

Alþingi hefur samþykkt tillögu um að undirbúa embætti umboðsmanns, og stjórnarfrumvarp þess efnis hefur verið lagt fyrir þingið. Það var ekki afgreitt og hefur um sinn ekki verið endurflutt.

Með þessu frumvarpi er málið tekið upp á nýjum grundvelli. Í stað þess að setja upp embætti umboðsmanns Alþingis er hér lagt til, að sérstök fastanefnd Alþingis gegni hlutverki hans.

Hugmyndin um umboðsmann er upprunnin á Norðurlöndum og hefur fest rætur í nokkrum löndum utan þeirra.

Hugmyndin um umboðsnefnd er upprunnin í Vestur-Þýskalandi. Þar er réttur manna til að snúa sér skriflega til löggjafarþings með umkvartanir festur í stjórnarskrá sambandslýðveldisins og landanna, og slíkar nefndir eru starfandi við sambandsþingið í Bonn og við landsþingin.

Umboðsnefnd gegnir í megindráttum sama hlutverki og umboðsmanni hefur verið ætlað, þótt óhjákvæmilega sé þar nokkur munur á framkvæmd. Umboðsnefnd mundi hafa eftirfarandi umbætur í för með sér:

- 1) Mannréttindi aukast, þar sem fólki yrði tryggður réttur til að snúa sér beint til Alþingis, ef það telur sig ekki ná rétti sínum eða vera misrétti beitt af stjórnvöldum og getur eigi sótt mál sín fyrir dómstólum.
- 2) Málsmeðferð gæti verið skjót, einföld og kostnaðarlítill.
- 3) Störf nefndarinnar mundu auðvelda Alþingi að veita stjórnvöldum nauðsynlegt og eðlilegt aðhald.
- 4) Nefndin gæti kannað, hvar þörf er nýrrar löggjafar eða breytinga á lögum, og haft frumkvæði um það.
- 5) Störf nefndarinnar mundu auka tengsl Alþingis við þjóðina og ættu að draga úr tortryggni í garð þingsins.

Fyrri tillögur.

Á 84. löggjafarþingi (1963—1964) flutti Kristján Thorlacius tillögu til þingsályktunar um stofnun embættis lögsögumanns með hliðsjón af norrænni löggjöf um „ombudsmand“. Kristján endurflutti tillöguna á 85. þingi ásamt Þórarni Þórarinssyni og á 86. þingi ásamt Einari Ágústssyni. Á 88. löggjafarþingi (1967—68) fluttu þeir enn sömu tillögu, Kristján Thorlacius, Einar Ágústsson, Bjarni Guðbjörnsson, Ingvar Gíslason, Sigurvin Einarsson og Eysteinn Jónsson. Tillögur þessar hlutu ekki afgreiðslu.

Á 91. löggjafarþingi (1970—71) flutti Pétur Sigurðsson þáttill. um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis og endurflutti hana á næsta þingi. Þá mælti allsherjarnefnd sameinaðs þings með samþykkt tillögunnar að fengnum umsögnum lagadeildar Háskóla Íslands og Dómarafélags Íslands, og var tillagan samþykkt sem ályktun Alþingis 16. maí 1972.

Ólafur Jóhannesson dómsmálaráðherra fól Sigurði Gizurarsyni hæstaréttarlögmanni að semja frumvarp til laga um umboðsmann. Skilaði hann frumvarpinu með

ítarlegri greinargerð í marslok 1973. Haustið eftir var frumvarpið lagt fram, en varð ekki útrætt og hefur ekki verið endurflutt síðan.

Við samningu þess frumvarps, sem hér birtist, hefur mjög verið stuðst við stjórnarfrumvarpið frá 1973, enda þótt ýmislegt breytist vegna eðlismunar, að nú er um umboðsnefnd að ræða. Hér fylgir ekki ítarleg greinargerð um forsögu þessa máls, reynslu hjá ýmsum þjóðum eða hugmyndir, sem starfsemi umboðsmanna byggist á. Nægir þar að vísa til hinnar ítarlegu greinargerðar eftir Sigurð Gizurarson, sem fylgdi frumvarpinu 1973.

Reynsla Vestur-Þjóðverja.

Í stjórnarskrá sambandslýðveldisins Þýskalands frá 23. maí 1949 er 17. gr. á þessa leið:

„Öllum er heimilt, einum eða fleirum saman, að senda viðkomandi embættum eða þjóðþingum skriflegar beiðnir eða umkvartanir.“

Skipuð var sérstök nefnd í sambandsþinginu í Bonn til að gegna þessu hlutverki (Petitionsausschuss), en jafnframt voru sett svipuð ákvæði í stjórnarskrár landanna og komið upp samskonar nefndum í landsþingum. Heimild þessi er ekki takmörkuð við þýska borgara og ekki við fólk á lögræðisaldri.

Reynsla varð sú, að landsfólkið sneri sér í vaxandi mæli til þinganna með ýms vandamál, sem það taldi sig ekki geta leyst á annan hátt. Varð þessi stjórnarskrár-réttur mikils metinn og jafnframt talið, að umboðskerfi þinganna væri hin gagnlegasta leið til að efla traust borgaranna á þingræði.

Þar kom, að rétt þótti að búa betur um hnútana lagalega og víkka nokkuð starfs-svið umboðsnefndanna að fenginni reynslu. Var gerð breyting á stjórnarskrá Sambandslýðveldisins (grein 45 C) og bætt við ákvæðum um, að þingin skyldu hafa slíkar nefndir, en ákveða mætti starfsvið þeirra með lögum. Tilgangurinn var að veita heimild til lagasetningar um nefndirnar, og voru slík lög sett í Bonn í febrúar 1965 og einnig í flestum landsþingunum.

Í sambandi við eflingu umboðsnefndanna hugleiddu þýskir ráðamenn hið norræna kerfi umboðsmanna, en komust að þeirri niðurstöðu, að betur væri fallið fyrir land þeirra að halda umboðsnefndarkerfinu.

Þar eð hugmyndir um umboðsmann Alþingis hafa ekki náð fram að ganga, þrátt fyrir augljósan áhuga Alþingis og vandlega undirbúið frumvarp, þykir rétt að leggja fram hinar þýsku hugmyndir og freista þess að fá Alþingi til að íhuga, hvort sú lausn muni ekki eiga allt eins vel við íslenskar aðstæður og mundi jafnvel geta gert hér meira gagn heldur en embættismaður með skrifstofu og starfslið umhverfis sig, hvar sem hann sæti. Sérstaklega er rétt að benda á, að umboðsnefndarkerfið mundi bæta sambúð og samstöðu milli almennings og Alþingis, og slík mannréttindi, sem Alþingi stæði á lifandi hátt vörð um, hlytu að auka veg þingræðis í landinu.

Rétt er, að fram komi, að flutningsmaður hefur á sama þingi flutt frumvarp um breytingar á nefndastörfum Alþingis, þar sem gert er ráð fyrir, að þingmenn sitji í færri nefndum, vegur og áhrif nefnda verði meiri en verið hefur, nefndir hafi meiri starfskrafta og verði veigameiri þáttur í þingstörfum en áður.

Sp.

5. Tillaga til þingsályktunar

[5. mál]

um útgerð sérstaks Vestfjarðaskips á vegum Skipaútgerðar ríkisins.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fara þess á leit við ríkisstjórnina að hún feli Skipaútgerð ríkisins að hefja undirbúning að útgerð á sérstöku Vestfjarðaskipi er annist flutninga milli Reykjavíkur og vestfirskra hafna. Við þennan undirbúning verði haft

samráð við sveitarstjórnir á Vestfjörðum og aðra aðila þar, svo sem eins og þá aðila, sem hafa með höndum flutninga á landi og sjó innan fjórðungsins, og leitast við að skipuleggja vöruflutninga í samráði við þá þannig að vöruflutningar frá Reykjavík til uppskipunarhafna á Vestfjörðum og frá uppskipunarhöfnum og um fjórðunginn geti gengið greitt og örugglega og sem ódýrast. Jafnframt verði sérstaklega athugað hvort ekki sé unnt að hefja rekstur Vestfjarðaskips mjög bráðlega, t. d. með því að taka til bráðabirgða á leigu skip til flutninganna eða með því að notast við gamla Herjólf með einhverjum breytingum á meðan verið er að undirbúa kaup eða smíði á skipi, sem hentaði að öllu leyti til að sinna þessu sérstaka verkefni.

Greinargerð.

Ásamt Austfjörðum eru Vestfirðir sá landshluti, sem býr við erfiðastar samgöngur á Íslandi. Lengi vel var alls ekkert vegasamband við fjórðunginn og enda þótt vestfirskar byggðir hafi verið tengdar við aðalakvegakerfi landsins með framkvæmd fyrsta samgöngubáttar Vestfjarðaáætlunar á sínum tíma er enn langt í frá, að vestfirðingar séu í jafngóðu akvegasambandi við þjónustumiðstöð landsins alls — Reykjavíkursvæðið — og flestir aðrir landsmenn. Þar við bætist, að akvegir milli Vestfjarða og annarra landshluta, milli samgöngusvæða á Vestfjörðum og jafnvel milli nágrannabyggðarlaga innan sama samgöngusvæðis eru lokaðar sökum snjóa hart nær hálf t. árið. Allan þann tíma verða vestfirðingar að treysta einvörðungu á samgöngur á sjó og í lofti og eru þá nánast settir líkt og þeir byggju á eyju aðskilinni frá meginlandi Íslands. Að sjálfsögðu er þetta ástand mjög bagalegt bæði fyrir vestfirsk heimili og allan atvinnurekstur á Vestfjörðum og þá ekki hvað síst fyrir fólk í byggðarlögum, sem eru algerlega einangruð frá nærsveitum á veturnum og engin aðstaða er til þess að flytja vörur eða fólk, hvorki á láði né í lofti. Á undanförunum árum hefur einangrun margra slíkra staða þó verið rofin með gerð flugvalla í nágrenninu, en flestir þessara flugvalla eru þó í raun réttir bráðabirgðaflugvellir þar sem flest flugleiðsögutæki og öryggistæki skortir og aðstöðu fyrir farþega er mjög ábótavant. Er talið, að kostnaður við að koma þeim flugvöllum, sem nú eru notaðir á Vestfjörðum, í viðunandi horf nemi ekki lægri upphæð en 1 milljarði króna, og af því má sjá, að mikið verk er enn óunnið til þess að tryggja vestfirðingum viðunandi flugsamgöngur.

Engu að síður er þó ljóst orðið af reynslunni, að flugvélar verða þau samgöngutæki, sem öðrum fremur mun annast flutninga á fólki til og frá Vestfjörðum og jafnvel innan samgöngusvæða á Vestfjörðum. Flugid er sá ferðamáti, sem fólkið hefur kosið sér sjálfst eins og sjá má af því, að árið 1974 voru 75.6% allra farþegaflutninga til og frá Vestfjörðum með flugvélum og að á árunum 1961—1974 minnkuðu farþegaflutningarnir á sjó um helming meðan farþegafjöldi með flugvélum fimmfaldaðist. Á næstu árum mun hlutur farþegaflugsins til og frá Vestfjörðum örugglega vaxa enn, enda er beinlínis ráð fyrir því gert bæði af vestfirðingum sjálfum, áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins og í áætlunum Vegagerðar ríkisins um samgöngubætur á landi, að flugið verði ferðamáti framtíðarinnar.

Öðru máli gegnir hins vegar um vöruflutningana. Eins og nú standa sakir eru flutt um 70 þús. tonn af vörum til Vestfjarða á ári og er talsverður hluti þess almennar neysluvörur ásamt vörum svo sem eins og varahlutum o. fl. til vestfirskra atvinnufyrirtækja. Þær vörur, sem hér um ræðir, eru flestar þannig, að mikið liggur við að geta fengið þær fljótt og örugglega og án allt of mikils tilkostnaðar. Segja má, að þessir flutningar séu ekki óviðunandi á sumrum þegar vöruflutningabifreiðir ganga reglulega milli Vestfjarða og Reykjavíkur, en á veturnum er ástandið í þessum efnum gersamlega óþolandi. Siglingar skipa Skipaútgerðar ríkisins til Vestfjarðahafna eru þá sem endranær mjög strjálar, og það hefur t. d. iðulega komið fyrir, að vörur, sem pantaðar hafa verið til fjölmennustu byggðarlaganna á Vestfjörðum og átt hafa að koma fyrir jóla, hafa ekki borist fyrr en eftir nýár. Þetta orsakar að sjálfsögðu talsvert fjárhagslegt tjón fyrir verslanir, vöruskort og jafnvel vöruburrð

á mikilvægum neysluvörum og ótrúlega erfiðleika fyrir atvinnufyrirtæki. Einasta ráðið til þess að fá bót við þessu hefur verið að flytja vörurnar flugleiðis, en það er einhver dýrasti flutningamáti, sem um getur, og þann mikla aukaskatt verða vestfirskir neytendur eða vestfirsk atvinnufyrirtæki að borga. Til þess að gefa einhverja hugmynd um hvaða fjárhæðir hér er um að tefla má nefna, að skv. álitserð Vegagerðar ríkisins um tengingu Inn-Djúps, sem gerð var s. l. sumar, nam flutningskostnaður 10 kg vörusendingar með skipautgerð ríkisins frá Reykjavík til Vestfjarða (verðl. í okt. 1975) frá kr. 66.61 upp í kr. 100.60 eftir vöruflokkum, flutningskostnaður með flugvélum (árslok 1972) kr. 286.00 og flutningskostnaður sömu sendingar með vöruflutningabifreið (afgreiðslugjald innifalið) um kr. 250.00. Ofan á þessi flutningsgjöld leggjast svo að sjálfsgöðu smásöluálagning og söluskattur, sem breikka enn bilið, svo af því má sjá, að það er ekki svo lítið atriði fyrir vestfirska neytendur og vestfirsk atvinnufyrirtæki hvaða flutningaleið valin er eða öllu heldur hvaða flutningaleið menn neyðast til þess að velja miðað við aðstæður, enda er það algengt, að t. d. varahlutur, sem kostar nokkur hundruð krónur í varahlutaverslun í Reykjavík, kosti vestfirskan neytanda talsvert á annað þúsund þegar neytandinn fær hlutinn í hendur.

Það hefur sjálfsagt háð því nokkuð að fá varanlega lausn á þessum málum, að til skamms tíma hefur engin ákveðin stefna verið mótuð um, hvernig skuli staðið að framkvæmdum í samgöngumálum á Vestfjörðum og milli Vestfjarða og annarra landshluta hvað flutninga varðar. Menn hafa ekki snúið sér að því á grundvelli hagkvæmniskannana, rannsókna á flutningaþörf, flutningagetu og flutningamöguleikum að velja vísitandi úr þeim flutningaleiðum, sem bjóðast, og ákveða t. d. á hvaða flutningaleiðir skuli leggja sérstaka áherslu fyrir hverja gerð flutninga. En nú virðist vera, að sú stefna hafi verið mótuð. Það hefur verið gert í fyrsta lagi með forsendum, sem áætlanadeild — nú byggðadeild — Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur sett sér varðandi störf að gerð byggðaaætlunar fyrir Vestfirði, í öðru lagi í forsendum og niðurstöðum álitserðar Vegagerðar ríkisins um tengingu Inn-Djúps og í þriðja lagi í samþykkt Fjórðungspings vestfirðinga, sem gerð var í september í haust. Stefnan, sem mótuð hefur verið, er í öllum meginatriðum hin sama hjá þessum þremur aðilum.

Í fyrsta lagi er þar staðfest sú niðurstaða, sem reynslan hefur raunar sannreynt að sé vilji vestfirðinga, að flutningar á fólki til og frá Vestfjörðum, jafnvel innan samgöngusvæða þar, fari fram í lofti. M. ö. o. má vænta þess, að í framtíðinni verði samgöngubætur hvað farþegaflutninga varðar fyrst og fremst unnar á sviði loftferða — með framkvæmdum við flugvallagerð, öryggis- og flugleiðsögubúnað á flugvöllum og í bættri aðstöðu fyrir farþega.

Í annan stað sýna kannanir á hinum ýmsu flutningamátum vöru, að flutningar á sjó til og frá Vestfjörðum eru ódýrasti og öruggasti flutningamátinn. Í beinu framhaldi af þessu er það niðurstaðan hvað varðar röðun framkvæmda í vegamálum á Vestfjörðum, að fyrst skuli leggja áherslu á tengingu byggðarlaga innbyrðis innan hvers hinna fjögurra samgöngusvæða á Vestfjörðum (Ísafjarðarsvæði, Patreksfjarðarsvæði, Reykhólasvæði og Strandasvæði). Sem viðfangsefni nr. 2 verði að tengja þessi samgöngusvæði við aðalvegakerfi landsmanna með varanlegum hætti (vestrarvegum). Þriðja viðfangsefnið verði svo að tengja þessi samgöngusvæði innbyrðis að svo miklu leyti sem það verður ekki gert í viðfangsefni nr. 2. M. ö. o. geta vestfirðingar ekki vænst þess í náinni framtíð að geta átt vól á vöruflutningum á landi allt árið um kring frá Reykjavík af þeirri ástæðu einfaldlega að sá kostur er svo dýr hæði fyrir vestfirska neytendur og þjóðfélagið í heild, að hagkvæmara er og öruggara að flytja vöruna sjóleiðis til vestfirskra hafna og svo þaðan landleiðis eða sjóleiðis um samgöngusvæðin og í samræmi við það á að vinna að varanlegum vegagerðum og þá væntanlega gerð vöruflutningahafna og ferjubryggja í fjórðungnum. Þarna er sem sé verið að marka þá stefnu til framtíðar, að vöruflutningar til Vestfjarða fari fram sjóleiðis til ákveðinna uppskipunarhafna eftir aðstæðum og svo þaðan landleiðis eða með flóabát um samgöngusvæðin. Þetta er í fullu samræmi

við þá forsendu bæði áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins og Vegagerðarinnar, að vöruflutningar á sjó um langan veg séu bæði ódýrastir og hagkvæmastir, en hins vegar ódýrara og hagkvæmara að flytja vöru landleiðis ef um skamman veg er að fara. Þessi megin stefnumörkun þýðir þó ekki, að flutningar um langan veg með bifreiðum eða flugvélum eigi að leggjast niður. Ýmsar vörur sérstaks eðlis (t. d. ávextir, áriðandi varahlutir o. fl.) verða sjálfsagt áfram fluttar flugleiðis (ca. 1,5—2% af heildarvöruflutningum) og flutningar á landi yfir sumarmánuðina milli Reykjavíkur og Vestfjarða gætu allt eins orðið hér eftir sem hingað til, ef sá flutningamáti gæti reynst samkeppnisfær í verði og þjónustu — en megin stefnan er sú, að vörur til og frá Vestfjörðum verði fluttar á sjó. Þannig nýtist fjármagnið best og þannig verður varan ódýrust fyrir vestfirska neytendur.

Til þess að þetta geti orðið þarf hins vegar að endurskipuleggja frá grunni alla sjóflutninga til og frá Vestfjörðum. Komur skipa hálfsmánaðarlega og jafnvel sjaldnar til vestfirskra hafna eru allsendis ófullnægjandi. Þjónusta Skipaútgerðar ríkisins við þá, sem vörur flytja með skipum félagsins, þarf einnig að batna mjög verulega frá því, sem nú er. Þjónusta vöruflutningabifreiða umfram þá, sem Skipaútgerð ríkisins veitir, er einna helst sú, að með vöruflutningabifreiðunum fær flytjandinn vöruna heim í hlað, en verður hins vegar að sækja hana sjálfur á afgreiðslu Skipaútgerðarinnar, og í annan stað er almennt álitid, að meðferð á vörunni sé mun betri hjá landflutningafyrirtækjunum en útgerðinni. Hvort tveggja þetta er auðvitað hægt að bæta hjá Sikpaútgerð ríkisins og þarf að bæta ef sú stefna í vöruflutningamálum, sem að framan var rakin, á að bera árangur.

Í fyrsta lagi þarf til að koma sérstakt skip, Vestfjarðaskip, sem annast vöruflutninga á sjó milli Reykjavíkur og Vestfjarða og a. m. k. á vetrum flutninga milli samgöngusvæða vestra. Þetta skip þarf að koma á a. m. k. helstu lykilhafnir á Vestfjörðum ekki sjaldnar en tvisvar í viku og vera sérstaklega byggt til gámaflutninga til hraðrar lestunar og losunar og til þess að vel geti farið um flutninginn. Í annan stað er nauðsynlegt að útgerðin hafi fasta samninga við flutningafyrirtæki þau — eigendur vöruflutningabifreiða og flóabáta — sem eiga að flytja vöruna áfram til neytenda eða fyrirtækja innan hvers samgöngusvæðis, svo flutningar að og frá uppskipunarhöfnum gangi fljótt og örugglega. Einmitt þess vegna er ráð fyrir því gert í þáttill. að við undirbúning útgerðar sérstaks Vestfjarðaskips verði haft samráð við aðila, er annast flutninga á sjó og landi á Vestfjörðum, og jafnvel enn aðra, svo sem eins og stærstu verslunar- og þjónustufyrirtæki vestfirðinga, auk sveitarstjórna.

Tillaga um kaup og rekstur á sérstöku Vestfjarðaskipi hefur áður verið flutt á Alþingi, en ekki náð fram að ganga. Nú hefur það hins vegar gerst, að mörkuð hefur verið ákveðin stefna í samgöngumálum vestfirðinga, sem ætlunin er að vinna eftir á næstu árum, og alger forsenda fyrir því, að sú stefna skili árangri, er, að sjósamgöngur við Vestfirði verði leystar með sérstöku Vestfjarðaskipi. Verði það ekki gert verður framkvæmd þeirrar samgöngustefnu, sem mörkuð hefur verið fyrir Vestfirði, hvorki heil né hálf.

Flutningsmaður gerir sér fulla grein fyrir því, að það getur tekið talsverðan tíma að fá til landsins skip, sem sérstaklega hentar til þeirra verkefna, sem að framan hefur verið lýst. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að reynt verði hið fyrsta að ráða bót á vöruflutningavandkvæðum vestfirðinga þó til bráðabirgða sé. Því er þeirri hugmynd varpað fram í tillögunni, að athugað verði hvort ekki sé hægt að fá skip, þótt ekki sé það sérstaklega byggt til þessara flutninga, sem gæti komið mjög fljótlega í gagnið, og er í því sambandi bent á möguleika á að fá leiguskip eða nota skip, gamla Herjólf, sem nú er ónotað og á söluskrá. Þótt það skip sé lítið og á ýmsan hátt ekki hentugt til þeirra verkefna, sem hér um ræðir, er það þó tiltölulega nýlegt skip, sem reynst hefur vel á erfiðri siglingaleið, og e. t. v. mætti án mjög verulegs kostnaðar breyta t. d. lestarbúnaði þess þannig, að það gæti hentað til bráðabirgða sem Vestfjarðaskip. A. m. k. yrði það stór framför frá því, sem verið hefur, ef gamli

Herjólfur yrði tekinn til bráðabirgða í fastar áætlunarferðir milli Reykjavíkur og Vestfjarða í stað þess að liggja bundinn við bryggju í Reykjavík engum til gagns.

Meginatriði málsins er þó það, að stofnanir ríkisvaldsins og ríkisvaldið sjálft samhæfi aðgerðir sínar eftir að ákveðin stefna hefur verið mörkuð — að hægri höndin viti, hvað sú vinstri er að gera. Það er til lítilla bóta að áætlanir séu gerðar um röðun framkvæmda í samgöngumálum vestfirðinga, Vegagerð ríkisins vinni með fullum stuðningi vestfirðinga og væntanlega Alþingis að því að bæta samgöngur innan samgöngusvæða á Vestfjörðum beinlínis í því skyni að auðvelda dreifingu vöru innsvæðis til og frá útskipunarhöfn, ef svo gleymist eða er vanrækt að gera ráð fyrir örum og traustum sjóflutningum að og frá þessum höfnum. Útgerð sérstaks Vestfjarðaskips er alger forsenda þess að það markmið náist, sem opinberar stofnanir og vestfirðingar sjálfir hafa sammælt um, og nauðsynlegt er að undirbúningur slíkrar útgerðar verði nú þegar hafinn, eins og þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir.

Nd. 6. Tillaga til þingsályktunar [6. mál]

um skipan sérstakrar þingnefndar til þess að kanna gang og framkvæmd dómsmála.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason.

Með tilvísan til 39. greinar stjórnarskrárinnar samþykkir neðri deild Alþingis að kjósa úr hópi þingdeildarmanna nefnd skipaða einum fulltrúa frá hverjum þingflokki til þess að rannsaka sérstaklega gang og framkvæmd eftirfarandi atriða í dómsmálum:

1. Hvernig staðið er að rannsóknum sakamála hjá þeim embættum, sem slík verk efni hafa með höndum, þ. á m. hjá ríkissaksóknara, sakadómi og skattannsóknastjóra. Sérstök áhersla verði lögð á að kanna hver rannsóknaraðstaða þessara embætta er, hvað valdi því, að rannsókn ýmissa meiri háttar sakamála dregst á langinn fram úr öllu hófi, hvort brögð séu að því, að rannsóknum sé látið lokið án þess að öll þau atriði, sem upp hafa komið, séu krufin til mergjar, hversu mörg þau mál séu og hver þau séu, sem dregist hefur óhóflega lengi að leiða til lykta á rannsóknastigi, og hvort ástæða sé til þess að ætla, að utanaðkomandi öfl eða annarlegir hagsmunir geti haft áhrif á gang rannsóknarinnar.
2. Hvernig háttað er gangi dómsmála hjá hinum ýmsu dómstögum og dómaraembættum í landinu, þ. á m. hvort óeðlilegur dráttur sé á gangi þeirra mála hjá einstökum embættum og þá hvers vegna og hvort brögð séu að því, t. d. í sambandi við skattalagabrot, að skattayfirvöld láti nægja að senda þau skattsekta- nefnd til úrskurðar þótt málin séu þannig vaxin að um tvímælalaus refsilagabrot sé að ræða.
3. Hvernig háttað er framkvæmd refsidóma, þ. á m. eftir hvaða reglum sé farið varðandi ákvarðanir um afplánun, hvort mikil brögð séu að því að dómur sé ekki afplánaðir innan eðlilegs tíma, hvort slíkt eigi fremur við um einn flokk eða eina tegund afbrota, t. d. fjársvik og auðgunarbrot, en aðra, hvernig háttað sé eftirliti með þeim, sem fengið hafa skilorðinsbundinn dóm eða biðdóm, hvort brögð séu að því, að einn og sami maður sé dæmdur æ ofan í æ fyrir sams konar afbrot án þess að vera látinn afplána fyrri dóma, og hversu algengt sé, að menn fái af ýmsum orsökum að afplána dóma, t. d. fyrir fjársvik eða auðgunarbrot, annars staðar en í viðurkenndum fangelsum eða vinnuhælum, svo sem eins og sjúkrahúsum eða heilsuhælum, eða sleppi alveg við það.

Neðri deild Alþingis samþykkir að veita nefnd þessari rétt til þess að heimta skýrslur, munnlegar og bréflugar, af embættismönnum og öðrum starfsmönnum ríkisins og ráða sér til aðstoðar sérfróðan mann eða menn. Nefndin skal ljúka

störfum á vetrinum 1976—1977 og skila Alþingi skýrslu um störf sín fyrir lok vfirstandandi þings.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í ljósi þeirra miklu umræðna, sem farið hafa fram á opinberum vettvangi undanfarin missiri um gang og framkvæmd dómsmála, refsímála og rannsóknar sakamála, ætti ekki að þurfa að fara mörgum orðum í greinargerð um tillögu þá, sem hér er flutt. Nægilegt ætti að vera að benda á, að sú gagnrýni, sem fram kom á stöðuna í þessum málum á Alþingi og í blöðum á s. l. vetri, hefur reynst vera að mjög verulegu leyti á rökum reist. Þeim spurningum, sem var t. d. varpað fram af fyrsta flutningsmanni þessarar tillögu í ræðu á Alþingi á s. l. vetri, er enn ósvarað, þau dæmi, sem tekin voru um furðulegan og óafsakanlegan seinagang í dómskerfinu, standa enn óhöggud. Þau mál, sem sérstaklega voru nefnd, er dómskerfinu — rannsóknaraðilum, ákærvaldi, dómsvaldi og refsivaldi — virtist vera um megn að afgreiða, eru enn óafgreidd og engin frekari skýring hefur fengist á ýmsum aðgerðum dómsmálayfirvalda, sem margir, bæði leikir og lærðir, töldu í hæsta máta vafasamar og ekki þjóna almennum og opinberum réttarvörsluhagsmunum. Það eina, sem í raun rétttri hefur nýtt fram komið, er, að uppskált hefur orðið um fleiri ný mál, einkallega fjársvika- og auðgunarbrotamál, sem ekki verður betur séð en séu þrautskipulögð af hópi eða hópum manna, ástæða er til þess að ætla að eigi sér langan aðdraganda, möguleiki ætti að hafa verið að upplýsa fyrr, meiri eða minni launung hefur hvílt yfir og ýmsir óttast með hliðsjón af fyrri reynslu að erfitt verði að upplýsa til hlítar.

Það hefur vart farið fram hjá einum alþingismanni, að ástandið í dómsmálunum er mjög ofarlega á haugi í umræðum manna á meðal og að margir landsmenn eru uggrandi um, að mjög alvarlegar brotalamir séu á íslensku réttarkerfi — óttast jafnvel, að fullkomið réttaröryggi ríki ekki í landinu. Eindregnar óskir eru uppi um, að dómsmálakerfið allt sé tekið til athugunar, það leitt í ljós í hverju því er ábótavant og úrbætur gerðar svo landsmenn allir geti örugglega treyst því, að þeir búi í fullkomnu réttarríki þar sem lögum er framfylgt, gangur dómsmála með þeim hætti, sem til er ætlast, og allir séu jafnir fyrir lögnum.

Allt fram til þessa hafa dómsmál ekki verið í hópi þeirra mála, sem mest hefur verið um fjallað á Alþingi. Þau atvik, sem í ljós hafa komið um vanhæfi dómskerfisins í sambandi við afgreiðslu alvarlegra sakamála, hafa því komið flestum þingmönnum jafnmikið á óvart og öllum almenningi. Tíðindi þau, sem orðið hafa í sambandi við meðferð þessara mála, hafa dunið yfir þingmenn og þjóðina alla eins og reiðarslag, og þótt hinar miklu umræður, sem urðu um þessi mál á liðnum vetri, hafi orðið til þess, að yfirvöld dómsmála hafi eitthvað rumskað, sbr. nokkur lagafrumvörp um úrbætur, sem sýnd voru á síðasta þingi, en ekki afgreidd, hafa viðbrögðin verið fátkennd og það sem mestu máli varðar — lítinn sem engan árangur borið. Sem dæmi um þessi fátkenndu vinnubrögð má nefna, viðbrögðin við tillögu til þingsályktunar sem flutt var á síðasta þingi um að rannsóknir ákveðinna meiri háttar sakamála yrðu eflidar með auknum mannafla og bættri starfsaðstöðu þeirra, sem rannsóknunum sinntu. Dómsmálayfirvöld, þ. á m. ráðherra, fundu þessari tillögu flest til foráttu — töldu, að engin þörf væri á sérstökum aðgerðum eins og þeim, sem tillagan gerði ráð fyrir, og hvorki heimild né möguleikar til þess að leggja út í þann kostnað, sem leiða mundi af samþykkt tillögunnar — enda var hún ekki afgreidd. Þó liðu ekki nema nokkrar vikur þar til skyndilega var snúið við blaðinu, ráðnir erlendir sérfræðingar til aðstoðar við rannsókn þessara mála, leitað eftir þjónustu erlendra sérfræði- og tæknistofnana á þessu sviði og hafinn undirbúningur að útvegun á auknum og dýrum tækjaútbúnaði í sambandi við rannsóknir sakamála. Þannig er sagt eitt í dag og annað á morgun og hvað rekur sig á annars horn líkt

og örvæntingaræði ráði gerðum manna í stað iðrunaðra og skynsamlegra vinnubragða. Ekki verður það til þess að auka tiltrú manna á íslensku réttarfari — og því síður þar sem enginn sést árangurinn.

Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er mælt svo fyrir, að hvor þingdeild geti skipað nefndir innanþingdeildarmönnum til þess að rannsaka mikilvæg mál, sem almenningur varða, og að þingdeildin geti veitt nefndum þessum rétt til þess að heimta skýrslur, bæði munnlegar og skriflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Í þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að slík nefnd innanþingdeildarmanna í neðri deild Alþingis verði nú kjörin til þess að rannsaka gang og framkvæmd dómsmála á Íslandi — stöðuna í þeim málaflokki, sem hefur verið efst á baugi í almennri umræðu nú um nokkurt skeið og slík ótíðindi fara af, að landsmenn vita vart lengur hvaðan á þá stendur veðrið. Hafi einhvern tíma verið ástæða til þess að beita þessu ákvæði stjórnarskrárinnar, þá er það nú og í því máli, sem um er fjallað. Alþingi þarf sjálft að kanna til botns ástandið í dómsmálunum og gera grein fyrir niðurstöðunum í opinberri skýrslu, sem síðan yrði grundvöllur markvissra og samhæfðra úrbóta. Það er sannfæring flm. þessarar þingsályktunartillögu, að þetta sé ekki aðeins almennur vilji, heldur krafa, sem Alþingi verði að sinna ætli það ekki að stofna tiltrú manna á réttarfarinu í þessu landi í enn meiri hættu en orðið er. Neiti Alþingi að gegna ótvíræðri skyldu sinni í þessu efni eða drepi málinu á dreif er einnig virðingur þess og álit hætt.

Við rannsókn eins og þá, sem gerð er tillaga um, er nauðsynlegt, að nefnd sú, sem verkið á að hafa með höndum, geti leitað til sérfróðra manna um aðstoð, ellegar verða störf hennar torleyst eða jafnvel óframkvæmanleg. Því er í tillögunni gert ráð fyrir, að nefndin fái heimild til þess að ráða sér sérfróða menn til aðstoðar, og eðlilegast er, að kostnaður við störf nefndarinnar sé greiddur úr ríkissjóði, eins og tillaga er einnig gerð um.

Í tillögugreininni sjálfri eru talin upp ýmis atriði, sem óskað er sérstakrar athugunar á. Sú upptalning er þó alls ekki tæmandi, enda hlýtur nefndin að ráða því nokkuð sjálf, hvernig hún vinnur og hvaða einstök mál hún kannar. Í upptalningunni er þó vikið að flestum eða öllum þeim atriðum, sem ástæða virðist til þess að athuga sérstaklega miðað við þær upplýsingar um ástand mála, sem eru á almannavitorði. Þyki ástæða til mun verða gerð grein fyrir því frekar í umræðum um þessa tillögu, en flm. ætla, að hin einstöku tilefni, sem að baki búa, séu þingmönnum ekki síður en öðrum enn svo í fersku minni að ekki ætti að þurfa að setja á langar tölur þar um.

Tilgangurinn með þessari tillögu er ekki sá að leitast við að kasta sökum vegna þess, sem miður hefur farið í dómsmálum, á einstakan mann eða menn, heldur hitt, að Alþingi sjálft — sú stofnun, sem verður að hafa frumkvæðið um flesta þá hluti, sem gera þarf til úrbóta — leggi sig fram um að komast til botns í málunum, geri þjóðinni grein fyrir niðurstöðunum og að á þeim verði síðan byggt það, sem byggja þarf. Tillaga þessi varðar svo mikilsvert mál, að Alþingi hlýtur að sjá sóma sinn í að afgreiða hana. Og þingmenn þurfa vart að skoða hug sinn um, að almenningur í landinu mun fylgjast með því, hver sú afgreiðsla verður.

Sb.

7. Tillaga til þingsályktunar

[7. mál]

um ferðafrelsi.

Flm.: Magnús Kjartansson.

Alþingi ályktar að skora á utanríkisráðherra að tryggja fulla gagnkvæmni í samskiptum við önnur ríki að því er varðar ferðafrelsi. Skal stefna íslenskra stjórnarvalda vera sú að ryðja úr vegi öllum hindrunum á ferðafrelsi. Vilji önnur ríki ekki fallast á þá skipan, heldur leggi hömlur á ferðir íslendinga, skulu þegar þess ríkis sæta sömu tálmunum ef þeir kjósa að ferðast til Íslands.

Greinargerð.

Þær reglur, sem hér er gerð tillaga um, eru almennar í samskiptum íslendinga við önnur ríki og raunar í samskiptum flestra ríkja heims. Þegar undan er skilin sú stefna að hafa frjálsræðið sem mest. Á þessu er þó ein veigamikil undantekning. Bandaríki Norður-Ameríku kappkosta að tryggja þegnum sínum óskert freðafrelsi í öðrum löndum, en neita þegnum annarra þjóða um hliðstæð réttindi í Bandaríkjunum. Þannig þurfa bandarískir þegnar engin leyfi íslenskra stjórnarvalda til ferðalaga eða langdvalar hérlandis, en íslendingar þurfa leyfi bandarískra stjórnarvalda til að stíga fæti inn fyrir landamæri Bandaríkjanna. Var þessum hömlum á ferðafrelsi íslendinga beitt af mikilli hörku um langt árabíl og leyfisveitingar háðar njósnum um skoðanir manna. Þetta eftirlit hefur verið mildað síðustu árin, en þó er því enn beitt á furðulegan hátt. Er skemmst að minnst erfiðleika sem sendinefnd Alþingis íslendinga varð fyrir í Bandaríkjunum í sumar á leið sinni til Kanada í boði kanadíska þingsins. Virtist sú framkoma bera vott um óvild til Alþingis íslendinga og íslensku þjóðarinnar.

Með þessari tillögu er því beint til íslensku ríkisstjórnarinnar að hún kanni hvort bandarísk stjórnarvöld eru reiðubúin til að tryggja íslendingum fullt ferðafrelsi í Bandaríkjunum. Haldi Bandaríkin hins vegar fast við hömlur sínar á ferðum íslendinga, verði hliðstæðar hömlur settar á ferðir Bandaríkjamanna til Íslands. Sjálfstæði ríkis er m. a. háð fullu jafnrétti í samskiptum við önnur ríki.

Sþ.

8. Tillaga til þingsályktunar

[8. mál]

um sundlaug við Grensásdeild Borgarspítalans.

Flm.: Magnús Kjartansson, Jóhann Hafstein, Einar Ágústsson,
Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að heita sér fyrir því í samráði við ríkisstjórnina, að á fjárlög ársins 1977 verði tekið framlag til sundlaugagerðar við Endurhæfingardeild Borgarspítalans við Grensásveg.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessarar tillögu hafa allir dvalist á Endurhæfingardeild Borgarspítalans við Grensásveg, mislengi þó. Þessi sjúkrahússtofnun er myndarleg, húsa- kynni hentug og vistleg, starfsfólkið mjög samvalið og áhugasamt um að ná sem bestum árangri. Fyrir þá, sem þarna dveljast og eiga við persónulegan vanda að stríða, er ótrúlega uppörvandi að fylgjast með framförum annarra sem hafa getu, þrek og einbeiti til þess að fylgja ráðum lækna og hjúkrunarliðs.

Enda þótt Grensásdeild Borgarspítalans sé myndarleg stofnun er að sjálfsögðu þörf framkvæmda sem stuðlað gætu að því að hún kæmi að enn meira gagni. Fyrsti flutningsmaður þessarar tillögu ræddi nokkuð við starfsfólk um það hverjar framkvæmdir væru brýnastar, einkum við yfirlækni deildarinnar, Ásgeir B. Ellertsson dr. med. Niðurstaða hans var sú að gerð sundlaugar handa fötluðum væri það verkefni sem gagnlegast væri og líklegast til að skila árangri. Hefur hann samið greinargerð þá sem hér fer á eftir um notagildi sundlaugar.

„Eiginleikar vatns gera það mjög hentugt til notkunar við sjúkráþjálfun.

- a) **Hitaleiðari:** Vatn er sérstaklega heppilegt til að leiða hita, bæði til að hita upp og kæla líkamshluta.
- b) **Þungi vatns:** Þyngd vatnsins, tregða og uppdrifseiginleiki nýtist í mörgum tilvikum sem mótstaða við styrktaræfingar.

- c) **Uppdrifseiginleiki vatns:** Uppdrifseiginleiki vatns upphefur að miklu leyti líkamsþunga og auðveldar því í mörgum tilfellum æfingar. T. d. verður álag á burðarlimi minna og kemur það sér vel við þjálfun brotinna og lamaðra lima, sem ekki þola fullan líkamsþunga. Enn fremur gerir uppdrifseiginleiki vatnsins ýmsum sjúklingum, sem lítið sem ekkert geta hreyft sig á þurru landi, kleift að hreyfa sig í vatni. Þannig eru möguleikar á að styrkja vöðva og framkvæma hreyfingar í vatninu, sem annars væri ekki unnt að inna af hendi. Þeir, sem t. d. eru lamaðir í öllum útlimum, eiga að geta synt með smá-höfuðhreyfingu eftir mikla þjálfun.

Helstu ástæður til lækningameðferðar í sundlaug.

1. Heila- og taugasjúkdómar:

- Þegar um er að ræða magnleysi í útlimum og á bol, vegna sjúkdóma í taugum, t. d. við taugabólgur (polyneuritis, polyradiculitis).
- Við verulega lömun í ganglimum (paraplegia) og á útlimum öllum (tetraplegia), oftast vegna skemmda í mænu, t. d. afleiðingar mænuáverka eftir slys eða sjúkdóma, eins og mænuæxla o. s. frv.
- Í ákveðnum tilfellum af meðfæddri heilalömun (cerebral palsy) og helftrarlömun (hemiparesis), t. d. eftir blóðtappa og blæðingar og sérstaklega þar sem veruleg stíflömun (spasticitet) er til staðar.

2. Gigtar- og liðsjúkdómar:

- Ýmsar tegundir liðagigtar.
- Liðaskemmdir eftir slys (beinbrot með brotlínu inn í liðinn) og við slit á liðum.
- Vöðvaspenningsverkur (vöðvabólga).

3. Brot:

Þeir sjúklingar, sem hafa hlotið heinbrot, geta margir byrjað þjálfun í sundlaug um leið og þeir eru grónir sára sinna, þ. e. a. s. eftir ca. 10 daga.

4. Aflimun:

Þar sem aflimun (amputation) hefur verið gerð vegna sjúkdóma eða sem afleiðing slysa.

5. Ýmsir aðrir sjúkdómar.

6. Andleg upplýfting:

Fyrir alla hreyfihamlaða, sem geta hreyft sig frjálst í vatni.

Endurhæfingardeild Borgarspítalans samanstendur af 2 legudeildum með 60 rúmum í Grensásdeild og 34 rúmum í Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg, ásamt meðferðardeild í aðalbyggingu Borgarspítalans og er sú deild þjónustudeild við hinar ýmsu deildir þar. Á Endurhæfingardeildinni lágu á árinu 1975 tæplega 550 sjúklingar og voru um $\frac{2}{3}$ hlutar þeirra með einkenni frá heila- og taugakerfi, liðum, vöðvum og beinum og hefðu haft gott af eða nauðsynlega þurft á meðferð að halda í vatni. Að mjög takmörkuðu leyti hefur verið reynt að bæta úr brýnustu þörf á þessu sviði með því að fá að láni sundlaug Æfingastöðvar lamaðra og fatlaðra við Háaleitisbraut. Voru á árinu 1974 farnar 211 ferðir með sjúklinga í sund, á árinu 1975 145 ferðir og það sem af er árinu 1976 86 ferðir.

Þegar Endurhæfingardeildin tók til starfa við Grensásveg var strax haft orð á því að sundlaug vantaði inn í mynd þeirrar lækningameðferðar, sem deildin leitast við að inna af hendi. Í tillögum deildarinnar til framkvæmdastjóra Borgarspítalans við fjárhagsáætlun fyrir 1977 er farið fram á heimild til að hefjast handa um hönnun og byggingu sundlaugar við deildina (sjá meðfylgjandi afrit).

Sundlaug við Grensásdeild: Í tillögum Endurhæfingardeildar frá 9.10. '74 var óskað eftir athugun á að koma upp sundlaug við Grensásdeildina.

Skýring: Þar sem engin sundlaug er við deildina hafa æfingar í vatni að mjög takmörkuðu leyti getað farið fram. Úr þessu hefur verið reynt að bæta með láni á sundlaug Styrktarfélagss lamaðra og fatlaðra á Háaleitisbraut, en þangað hafa s. l. 2 ár verið farnar u. þ. b. 350 ferðir, með að jafnaði 5—10 sjúklinga í hvert sinn. Hefur þó raunverulega lítil hluti þeirra sjúklinga, sem þurft hafa, komist með í þessar ferðir, enda þótt meiri hluti sjúklinga deildarinnar væri með einkenni frá heila og taugakerfi, beinum, liðum og stoðkerfi. Æfingar í sundlaug koma einkum að gagni við ýmsar lamanir, þar sem hreyfingar allar eru miklu léttari í vatni. T. d. er möguleiki á að sjúklingur með verulega lömum í ganglimum geti gengið í vatni og þannig styrkt vöðva og göngulag, sem hann gæti ekki í andrúmsloftinu. Annar stór hópur sjúklinga, sem þarfnast æfinga í vatni, er liðagigtarsjúklingar og aflimaðir sjúklingar, svo hið helsta sé nefnt. Hjá þessum sjúklingum verður t. d. álagið á veika liði miklu minna í vatni en undir venjulegum kringumstæðum. Sundlaug á Grensási gæti ekki eingöngu komið sjúklingum Endurhæfingardeildarinnar að notum, heldur einnig verið nýtt af lömuðum og fötluðum einstaklingum í Reykjavík á kvöldin og hugsanlega orðið keppnislaug lamaðra og fatlaðra hérlandis.“

Um þetta mál hefur þegar verið fjallað í æðstu stofnunum Reykjavíkurborgar. Á fundi borgarráðs Reykjavíkur 1. okt. s. l. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svo hljóðandi tillögu sem síðan var einróma staðfest á borgarstjórnarfundi 7. október:

„Borgarráð samþykkir að fela borgarverkfræðingi í samráði við borgarlækni að kanna, hvort hægt er að koma fyrir sundlaug við Grensásdeild Borgarspítalans, og leggja fyrir borgarráð umsögn ásamt kostnaðaráætlun að þessari könnun lokinni.“

Þannig eru fullar forsendur fyrir samvinnu ríkisins og Reykjavíkurborgar um þessa brýnu framkvæmd.

Flutningsmenn óska þess að nefnd sú, sem fær þingsályktunartillögu þessa til meðferðar, hraði störfum sínum, þannig að hægt verði að kanna vilja Alþingis svo snemma að heilbrigðisráðherra hafi ráðrúm til að bera fram raunhæfa tillögu um nauðsynlega fjárveitingu til þessarar brýnu framkvæmdar.

Sp. 9. Tillaga til þingsályktunar [9. mál]

um samningu afdráttarlausari lagaákvæða er banni opinberum starfsmönnum að veita viðtöku umtalsverðum gjöfum umfram það, sem starfsréttindi kveða á um.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson,
Gylfi P. Gíslason, Jón Ármann Héðinsson.

Alþingi ályktar að óska eftir því við fjármálaráðherra, að hann feli þeim aðilum, sem starfa að endurskoðun á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, að þeir geri sérstaklega tillögur um ný og afdráttarlausari fyrirmæli en nú er að finna í lögum, er banni opinberum starfsmönnum að veita viðtöku umtalsverðum gjöfum, endurgjaldslausri þjónustu, sérstökum friðindum eða óvenjulegri fyrirgreiðslu umfram starfsréttindi, er meta má til peningaverðs, frá opinberum aðilum, einstaklingum eða fyrirtækjum, sem viðkomandi starfsmaður hefur starfsleg samskipti við. Auk þess skal í tillögunum kveðið á um skyldu opinbers starfsmanns til þess að upplýsa til rétttra aðila um þau friðindi, gjafir, endurgjaldslausa þjónustu o. s. frv., er hann kynni að hafa þegið, svo og um viðurlög við brotum.

Jafnframt verði þeim aðilum, er þessa endurskoðun á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hafa með höndum, falið að gera tillögur um samþærilegar reglur varðandi ráðherra og alþingismenn, sveitarstjórnarmenn og starfs-

fólk sveitarstjórna svo og um aðra þá, sem ráðnir eru eða kjörnir til opinberra starfa, og þá um sérstaka lagasetningu þar um, ef þurfa þykir, svo og að gera tillögur um þær breytingar á öðrum lögum, svo sem eins og almennum hegningarlögum, sem gera þyrfti þessu samfara.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þróunin hefur orðið sú bæði hérlendis og erlendis, að hið opinbera og stofnanir þess ásamt ýmsum hálf-opinberum stofnunum, fyrirtækjum og sjóðum hafa stöðugt eflst að áhrifum og ítökum — þá ekki hvað síst á sviði efnahags- og fjármála. Hvort heldur er um einstakling eða atvinnufyrirtæki að ræða er vart til sú framkvæmd, sem hann eða það þarf ekki að sækja undir a. m. k. einn slíkan opinberan aðila og viðtökurnar, sem umleitunin hlýtur, ráða oftár en ekki algerum úrslitum um hvort af hinni ráðgerðu framkvæmd getur orðið. Þekking, dugnaður og hæfni einstaklingsins ásamt eiginfjárhagsgetu hans o. s. frv. skipta að vísu máli í slíkum tilvikum, en undirtektir opinberra stofnana og ráðamanna við erindinu eru þó mjög oft þyngri á metunum. Undir slíkum kringumstæðum gera menn sér að sjálfsögðu fulla grein fyrir því, að hætta er á að önnur atriði en að framan voru talin, svo sem þjóðfélagsstaða einstaklings, „aðstaða“ hans eða fyrirtækis, sem hann veitir forstöðu, eða enn önnur atriði, ráði erindislokum. Það er alkunna, að slík aðstaða t. d. atvinnufyrirtækis er iðulega metin til peningaverðs, t. d. við eigendaskipti (good-will), og ýmis alkunn síðari tíma dæmi úr heimfréttum sanna, svo ekki verður um villst, að menn eru reiðubúnir til þess að verja nokkrum fjármunum til þess að skapa sér eða fyrirtæki sínu slíka góðvild með ýmsum hætti og þá ekki einvörðungu með því að verja fé til að kynna hugsanlegum viðskiptavinum framleiðsluna og fyrirtækið í auglýsingum.

Jafnframt því, sem opinberar stofnanir og sjóðir vaxa með þessum hætti að áhrifum og ítökum, aukast að sjálfsögðu völd þeirra einstaklinga, sem fara eiga með forsjá þessara mála í umboði almennings — hvort heldur sem þeir eru ráðnir eða valdir í kosningum. Í raun og veru hefur þróunin orðið sú, að gifurleg völd, fjárhagslegs og stjórnmálalegs eðlis, hafa safnast í hendur tiltölulega mjög fárra einstaklinga, sem gegna ábyrgðarmestu störfunum í efnahags- og stjórnmálalífi þjóðarinnar. Aldrei í sögu íslenska lýðveldisins hafa jafnfáir ráðið jafnmiklu um jafnmargra hag og nú, og það liggur mikið við að allur almenningur geti treyst því, að engin óeðlileg og óæskileg atriði hafi áhrif á hvernig þessu mikla valdi er beitt.

Að sjálfsögðu er ekki nema mannlegt, að aðili — einstaklingur eða fyrirtæki — sem á allan sinn hag undir því kominn, hverjar viðtökur erindi hans fær hjá forráðamönnum eða umsjármönnum þessara stofnana almannavalds, leiti ýmissa leiða til þess að tryggja sér velvild þess eða þeirra, sem málum ráða. E. t. v. smávægi- legur jólaglaðningur til forstöðumanns lánastofnunar? Kannske boð um sérstaka „kynnisferð“ til forstöðumanns opinberra framkvæmda frá fyrirtæki, erlendu eða innlendu, sem viðkomandi forstöðumaður stendur í samningum við um stórfamkvæmdir fyrir hönd íslenskra skattborgara? Ellegar þá kurteislegt og velviljað tilboð frá aðila, sem þarf á sérstakri fyrirgreiðslu fjárveitingavaldsins að halda, að það væri e. t. v. ekki úr vegi fyrir þá, sem um eiga að fjalla, að kynna sér starfsemina þeim að kostnaðarlausu? Allt þetta og ýmislegt fleira getur verið fyrir hendi. Allt kann þetta að vera ósköp saklaust og eðlilegt. En hvenær er svo ekki lengur? Hvar eru mörkin?

Í sumum ríkjum eru þau dregin í sérstakri löggjöf. Sem dæmi má nefna, að í Bandaríkjunum gilda þau lög, að opinber starfsmaður, hvort heldur hann er ráðinn eða kjörinn til starfans, má ekki taka við persónulegum gjöfum eða ókeypissþjónustu frá erlendum eða innlendum aðila í sambandi við starfa hans, sem er meira virði en 50 dollarar. Þá má hann ekki heldur þiggja sérstakan greiða eða umtalsverða fyrirgreiðslu, svo sem eins og ókeypis boðsferðir, frá aðilum, sem hann

hefur starfsleg samskipti við og ætla má að hann þurfi að fjalla um erindi frá, sem viðkomandi aðili hefði fjárhagslegan ávinning af hverja afgreiðslu hlyti. Í öðrum ríkjum eru ákvæði um þessi efni ekki jafnafráttarlaus, en þess í stað stuðst við trausta hefð, sem er svo sterk, að hverjum þeim opinberum starfsmanni, sem uppvis yrði að því að þiggja álíka greiða, gjöf eða fyrirgreiðslu og refsiverð er skv. bandarískum lögum, væri ekki stætt á öðru en greiða gjöfina, gjalda greiðann eða jafnvel að hverfa úr starfi. Svo eru auðvitað til enn önnur ríki þar sem samskipti eins og hér um ræðir eru talin sjálfsögður þáttur í opinberri þjónustu.

Hér á landi eru aðeins mjög lausleg og almennt orðuð ákvæði í lögum, er banna slíkt framferði opinbers starfsmanns sem hér er gert að umtalsefni. Þau er að finna í almennum hegningarlögum og í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þá virðist heldur engin sérstök hefð hafa skapast hér á landi um hvað megi teljast eðlilegt og hvað ekki í þessum efnum, heldur er matið í því efni algerlega persónubundið — það, sem einum þykir allt í lagi, finnst öðrum óhæft. Markalínan hefur ekki verið dregin í lögum né heldur skapast fyrir siðgæðishefð.

En að sjálfsögðu verður slík markalína að vera til með þjóð, sem vill telja sig siðmenntaða, og flm. hefur þá trú, að því fyrr sem hún verður dregin, því betra. Eðlilegast og öruggast er að það sé gert í löggjöf, þar sem mörk séu dregin á milli eðlilegrar kynningarstarfsemi, vináttu- og virðingarvottar við opinberan starfsmann, ráðinn eða kjörinn, annars vegar og óeðlilegra og óæskilegra „góðvildarkaupa“ hins vegar. Einmitt nú um þessar mundir vill svo til, að yfir stendur endurskoðun á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og flm. hafa frétt af því, að fyrir dyrum standi að hraða þeirri endurskoðun. Þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir því, að Alþingi óski eftir því við fjármálaráðherra að þau vandamál, sem að framan hefur verið rætt um, verði sérstaklega tekin til meðferðar við þá endurskoðun og gerðar tillögur um skynsamlega lagasetningu um, hvað sé eðlilegt og hvað óeðlilegt í því sambandi. Að sjálfsögðu eiga slík ákvæði um hvað sé siðlegt og hvað ósiðlegt í opinberri stjórnsýslu ekki að ná einungis til ráðinna starfsmanna ríkisins, heldur einnig kjörinna, svo sem alþingismanna og ráðherra, og sömuleiðis til sveitarstjórnarmanna og starfsfólks sveitarfélaga svo og annarra þeirra, sem gegna opinberum störfum. E. t. v. er ekki hægt að koma því við að láta lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ná yfir allar þessar stéttir í þjónustu hins opinbera, en þá gerir þingsályktunartillagan ráð fyrir því, að sérstök lög með sambærilegum lagaákvæðum og hér hafa verið gerð að umtalsefni verði sett varðandi þessar starfsstéttir. Einnig er gert ráð fyrir því í tillögunni, að önnur lög, svo sem almenn hegningarlög, verði endurskoðuð með tilliti til þeirra nýju og afdráttalaus reglna um siðgæði í almennri stjórnsýslu, sem óskað er að sett verði.

Sp. 10. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]
um votheysverkun.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera ráðstafanir til að stuðla að almennari votheysverkun en nú er.

Skal þetta gert með því að

- 1) kynna bændum reynslu þeirra, sem um árabíl hafa byggt heyöflun sína að öllu eða mestu leyti á votheysverkun,
- 2) veita hærri stofnlán til byggingar votheyshlaðna en þurrheyshlaðna og
- 3) veita sérstök stofnlán til að breyta þurrheyslöðum í votheyslöður.

Greinargerð.

Á s.l. sumri var mikil óþurrkatíð um mikinn hluta landsins. Talað er um óvenjulegt óþurrkasumar og svo var og um sumarið 1975. Þetta minnir áþreifanlega á, hve bændur eru almennt háðir veðurfari um heyöflun. Þó mætti ætla, að í allri þeirri tækniþróun, sem gengið hefur yfir landbúnaðinn á síðari árum, stæðu bændur betur að vigi í þessu efni en áður var. En það virðist síður en svo. Fjárhagsleg skakkaföll bænda af völdum óþurrka gerast nú stórum alvarlegri en áður var, þar sem nú er svo miklu kostað til áburðar og heyvinnslutækja. Er því ekki að ófyrirsynju að talað er um, hvernig bæta megi bændum tjón, sem þeir verða fyrir í óþurrkasumrum. En mest er um vert að forða frá tjóni með því að gera fóduröflunina óháðari veðurfarinu.

Nú eiga ekki allir bændur landsins sammerkt í þessu efni. Um langt árabil hafa sumir bændur verið svo óháðir veðurfarinu sem verða má. Öll eða nær öll heyverkun þeirra hefur verið í vothey. Þeir bændur, sem beitt hafa þessari heyverkunaraðferð alfarið, eru samt allt of fáir. Þeir teljast frekar til undantekningar, þegar litið er á bændastétt landsins í heild. Þó eru þess dæmi að allir bændur í heilum byggðarlögum verka hey sín í vothey, svo sem t. d. í Strandasýslu og á Ingjaldssandi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Með votheysverkun fá bændur öryggi svo sem frekast er unnt gegn duttlungum tíðarfarsins. Votheyssverkun tryggir fóduröflunina í óþurrkatíð. Með votheysverkun forða bændur frá áföllum og fjárhagstjóni, sem þeir verða fyrir í óþurrkasumrum, sem ekki hagnýta þessa aðferð.

En votheysverkun er ekkert neyðarúrræði til að mæta óþurrkum, þvert á móti. Auk öryggisins, sem þessi heyverkun veitir um fóduröflunina, fylgja aðrir hinir mikilvægustu kostir. Votheyssverkun tryggir fódurgildi heyfengsins, hvað sem líður tíðarfarinu. Votheyssverkun krefst miklu minni vélakosts en þurrheysverkun. Og votheysverkun krefst minni vinnu.

Þetta er reynsla þeirra bænda, sem um árabil hafa verkað allan eða meginhluta heyfengs síns í vothey jafnt í þurrkatíð sem óþurrkatíð. Reynslan hefur ótvírætt sannað, að votheysverkun er í senn öruggasta, ódýrasta og fyrirhafnarminnsta heyöflunaraðferðin. En til þess að svo megi verða þarf nægar haganlegar votheysgeymslur, réttan tækjabúnað og rétta meðhöndlun. Aðeins þeir, sem líta á votheysverkun sem neyðarúrræði í óþurrkatíð, sem gripið er til við ófullkomnar aðstæður þegar í óefni er komið, hafa aðra sögu að segja um gildi þessarar heyverkunaraðferðar.

Það er ekki vansalaust, að bændur landsins skuli ekki almennt hafa enn tekið upp votheysverkun. Þess vegna er hér lagt til, að bændum, sem búa við þurrheysverkun, verði kynnt reynsla þeirra sem byggja fóduröflunina á votheysgerð. Jafnframt er hér gerð tillaga um, að þeir bændur, sem vilja hverfa frá þurrheysverkun og hagnýta sér yfirburði votheysverunar, verði aðstoðaðir til þess með lánafyrirgreiðslu.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir, að ríkisstjórninni sé falið að gera þær ráðstafanir sem þarf til að stuðla að almennari votheysverkun en nú er. Hér er ekki einungis um að ræða aðgerðir til að firra bændur áföllum og tjóni, sem eru samfara óþurrkasumrum. Hér er um að tefla mál, sem hefur mikla þjóðhagslega þýðingu. Það varðar ekki litlu fyrir þjóðarbúskapinn, að fóduröflun landbúnaðarins geti orðið hagkvæmari og ódýrari en nú er.

Nd. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um rannsóknarlögreglu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur aðsetur í Reykjavík og lýtur yfirstjórn dómsmálaráðherra.

Hún skal hafa á að skipa starfsfólki, er sé sérhæft til að rannsaka ýmsar tegundir brota.

2. gr.

Forseti Íslands skipar yfirmann rannsóknarlögreglu ríkisins og nefnist hann rannsóknarlögreglustjóri ríkisins.

Hann skal fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa aflað sér þekkingar í þeim efnum, er varða eftirgrennslan brota.

Dómsmálaráðherra getur skipað honum fulltrúa með lögfræðiprófi.

3. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögreglurannsóknir brotamála í Reykjavík, að því leyti sem þær eru ekki í höndum lögreglustjóra þar, samkvæmt ákvæðum þessara laga eða annarra réttarreglna.

4. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins skal veita lögreglustjórum og sakadómurum, hvar sem er á landinu, aðstoð við rannsókn brotamála, þegar þeir óska og rannsóknarlögreglustjóri og/eða ríkissaksóknari telja það nauðsynlegt. Ríkissaksóknari getur og falið rannsóknarlögreglu ríkisins rannsóknir einstakra mála hvar sem er á landinu, þegar hann telur þess þörf. Loks getur rannsóknarlögreglustjóri að eigin frumkvæði tekið í sínar hendur rannsókn máls utan Reykjavíkur, en tilkynna skal hann viðkomandi lögreglustjóra um málið svo fljótt sem verða má, enda ber honum að veita rannsóknarlögreglu ríkisins alla nauðsynlega aðstoð. Ríkissaksóknari sker úr ágreiningi, sem rísa kann milli rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og viðkomandi lögreglustjóra í sambandi við lögreglurannsókn.

5. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins heldur skrá um myndir og fingraför, sem tekin eru samkvæmt heimild í 57. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, og geymir gögn samkvæmt reglum, er dómsmálaráðherra setur.

Lögreglustjórar skulu senda rannsóknarlögreglu ríkisins eintök mynda og fingrafara, sem tekin eru samkvæmt fyrrnefndu lagaákvæði.

6. gr.

Við embætti lögreglustjóra í Reykjavík skal starfa sérstök rannsóknarlögregludeild undir stjórn lögreglustjóra.

Deild þessi skal annast rannsókn eftirgreindra málaflokka:

1. Umferðarslys og brot á umferðarlögum.
2. Brot á lögreglusamþykktum.
3. Brot á áfengislögum, önnur en þau, er varða ólögmætan innflutning áfengis.

4. Brot á lögum um tilkynningar aðsetursskipta.
5. Aðra málaflokka, sem ákveðið kann að verða í reglugerð að fela embætti lög-
reglustjóra, sbr. 9. gr. laga þessara.

7. gr.

Við lögreglustjóraembætti utan Reykjavíkur skulu starfa sérstakar rannsóknar-
lögregludeildir samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra og eftir því sem fé er veitt til
í fjárlögum.

Deildir þessar skulu annast lögreglurannsóknir, aðrar en þær, sem falla undir
rannsóknarlögreglu ríkisins samkvæmt ákvæðum laga þessara.

8. gr.

Þegar rannsóknarlögreglustjóri er svo riðinn við mál eða aðila, að hann mætti
eigi gegna dómarastörfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Þegar
ráðherra berst slík tilkynning eða hann fær vitneskju um þetta með öðrum hætti,
skipar hann annan löghæfan mann til meðferðar þess máls, sbr. 2. gr. Sama gildir,
er rannsóknarlögreglustjóri hefur lögmat forföll.

Þegar dómsmálaráðherra skipar mann til að fara með einstakt mál samkvæmt
framansögðu, ákveður hann honum þóknun.

9. gr.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

Hann setur og reglur um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóra-
embættisins í Reykjavík og rannsóknarlögreglu ríkisins.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara er núverandi rannsóknarlögregla í Reykjavík lögð
niður.

Dómsmálaráðherra ákveður hverjir starfsmenn hennar flytjast til rannsóknar-
lögreglu ríkisins, hverjir til lögreglustjórans í Reykjavík og hverjir starfi áfram
við sakadómaraembættið í Reykjavík.

Hann ákveður einnig um skiptingu tækjabúnaðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins var lagt fyrir Alþingi á s. l.
vetri, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Á milli þinga hefur dómsmálaráðuneytið óskað
þess, að réttarfarsnefnd taki til athugunar umsagnir 6 aðila, sem allsherjarnefnd
neðri deildar leitaði eftir á síðasta þingi. Réttarfarsnefndin hefur samið álitserð
vegna þeirra umsagna og er hún prentuð sem fylgiskjal hér á eftir. Nefndin telur
ekki ástæðu til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu frá fyrri gerð utan eina
mínniháttar, svo sem nánar er greint frá í álitserðinni. Sú breyting er samkvæmt
áþendingu félags rannsóknarlögreglumanna í Reykjavík, um að bæta nokkrum orð-
um við 1. málslíð 4. greinar frumvarpsins til nánari afmörkunar. Frumvarpið er
því nú lagt fram óbreytt að öðru leyti, frá því, sem lagt var fram á síðasta þingi,
en því fylgdi þá svohljóðandi

Greinargerð.

Hinn 6. október 1972 skipaði Ólafur Jóhannesson, dómsmálaráðherra, nefnd
til að endurskoða dómstólakerfi landsins á héraðsdómsstiginu og gera tillögur um
hvernig breyta mætti reglum um málsmeðferð í héraði, til að afgreiðsla mála yrði

hraðari. Í nefnd þessa voru skipaðir Björn Fr. Björnsson, sýslumaður, Sigurgeir Jónsson, bæjarfógeti, Þór Vilhjálmsson, prófessor, og Björn Sveinbjörnsson, hæstaréttarlögmaður, formaður nefndarinnar. Hefur nefndin samið frumvarp það, sem hér liggur fyrir, ásamt tveim fylgifrumvörpum með því. Er annað þeirra um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, en hitt um breytingu á lögum um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl. nr. 74/1972.

Árið 1948 var lagt fyrir Alþingi frumvarp um meðferð opinberra mála, sem þeir Einar Arnórsson, dr. juris og hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson höfðu samið. Frumvarpið gerði ráð fyrir, að opinber ákærandi, saksóknari ríkisins, færi með ákærvaldið, sem á þeim tíma var í höndum dómsmálaráðherra. Í frumvarpinu var einnig ákvæði um, að sérstakur embættismaður, er lyti saksóknara ríkisins, og nefndur var rannsóknarstjóri, skyldi taka við yfirstjórn rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík í stað sakadómara. Hann skyldi og stjórna rannsóknum hvarvetna annars staðar á landinu, þegar saksóknari teldi þess þörf. Þá átti rannsóknarstjóri að vera sækjandi í héraðsdómi í þeim opinberu málum, sem þar sættu sókn og vörn eftir málshöfðun.

Helstu ákvæði frumvarpsins um fyrirhugað embætti rannsóknarstjóra og starfa hans voru í 2. og 3. mgr. 35. gr. og 1. mgr. 82. gr. þess og hljóðuðu svo:

35. gr., 2. og 3. mgr.:

„Forseti skipar rannsóknarstjóra. Skal hann hafa leyst af hendi lögfræðipróf og aflað sér samkvæmt vottorðum hæfrar stofnunar rækilegrar sérmenntunar í þeim efnum, er eftirgrennslan brota varða. Hann skal lúta saksóknara, hafa skrifstofu í Reykjavík, stýra rannsóknum þar og fara með stjórn þeirra lögreglumanna, sem ætlað er að rannsaka brot, að því er þau störf varðar. Þá skal hann og stjórn rannsóknum hvarvetna annars staðar á landinu, þegar saksóknari telur þess þörf, enda getur hann sent fulltrúa sinn eða rannsóknarlögreglumenn héraðsdómurum til aðstoðar bæði utan réttar og fyrir dómi. Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum fyrir mæli um rannsókn brota, að fengnum tillögum rannsóknarstjóra og lögreglustjóra í Reykjavík.

Rannsóknarstjóri nýtur sömu launakjara sem lögreglustjórinn í Reykjavík. Skipa má rannsóknarstjóra fulltrúa með lögfræðiprófi.“

82. gr., 1. mgr.:

„Þau mál, sem sæta sókn og vörn fyrir dómi eftir málshöfðun, sækir rannsóknarstjóri, er mál skal dæma í umdæmi hans, og annars staðar eftir ákvörðun saksóknara, eða fulltrúi rannsóknarstjóra . . .“.

Um ákvæði 35. gr. frumvarpsins sagði svo í greinargerð:

„Í 35. gr. eru fyrir mæli um lögreglustjórn. Sakadómari í Reykjavík fer nú með stjórn rannsóknarlögreglu þar. En eigi þykir það hentug skipan, enda á sakadómari að meta verk rannsóknarlögreglumanna. Nú á tímum er það og eitt af grundvallaratriðum réttarfars í opinberum málum að skilja glögg á milli dómsvalds annars vegar og lögreglustjórnar hins vegar. Er því hér það nýmæli sett, að rannsóknarstjóri skuli hafa stjórn þeirra lögreglumanna í Reykjavík, sem ætlað er að rannsaka brot, að því er þau störf varðar, svo og er þörf þykir og við verður komið, stýra rannsókn annars staðar á landinu. Þykir miklu skipta, að maður, er hafi fullkomna menntun og æfingu í lögreglurannsókn, hafi yfirstjórn hennar, leiðbeini lögreglumönnum og hafi umsjón með kennslu þeirra og þjálfun. Ætlast er til, að lögreglustjóri í Reykjavík fari með lögreglustjórn þar að öðru leyti, svo sem verið hefur, enda hvorum tveggja ætlað ærið verkefni, með því að bærinn vex og brot færast sífellt mjög í vöxt“.

Frumvarp þetta náði ekki fram að ganga, þar sem ákvæðin um opinberan ákæranda og rannsóknarstjóra mættu andspyrnu. Var þá lagt nýtt stjórnarfrumvarp fyrir Alþingi 1950, þar sem þessi ákvæði voru felld niður. Það frumvarp var síðan samþykkt sem lög nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála. Á Alþingi 1950 var og borið fram sérstakt stjórnarfrumvarp um saksóknara ríkisins og rannsóknarstjóra.

Ákvæði þess um rannsóknarstjóra voru í aðalatriðum samhljóða framangreindum ákvæðum frumvarpsins frá 1948. Frumvarp þetta náði eigi fram að ganga. Ákvæðin um opinberan ákæranda voru lögfest 1961, sbr. lög nr. 57/1961, en þau lög höfðu ekki að geyma nein ákvæði um rannsóknarstjóra.

Hinn 17. apríl 1968 samþykkti Alþingi „að fela ríkisstjórninni að undirbúa breytta skipan á yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík, þannig að bæði hin almenna lögregla og rannsóknarlögregla heyri framvegis undir lögreglustjóra.“ Samkvæmt þessari ályktun var á Alþingi 1969—1970 lagt fram stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 98, 23. desember 1961 um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík. 2. gr. þess frumvarps var svo hljóðandi:

„5. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjóri fer með lögreglustjórn, strandmál, útlendingaeftirlit, útgáfu vega-bréfa, framkvæmd refsidóma og umsjón fangelsa.

Rannsóknarstjóri, sem lýtur lögreglustjóra, stýrir lögreglurannsókn brotamála og fer með stjórn þeirra lögreglumanna, sem ætlað er að rannsaka brotamál, að því er þau störf varðar.

Forseti skipar rannsóknarstjóra, sem skal hafa leyst af hendi lögfræðipróf og öðlast sérþekkingu á þeim efnum, er eftirgrennslan brota varða. Áður en embættið er veitt, skal leita umsagnar lögreglustjóra um umsækjendur.

Dómsmálaráðherra getur falið lögreglustjóra og rannsóknarstjóra yfirstjórn og framkvæmd sérstakra þátta löggæslu eða lögreglurannsókna utan Reykjavíkur ótímabundið eða um stundarsakir, ef um einstök tiltekin lögreglumálefni eða aðgerðir er að tefla.“

Frumvarp þetta náði eigi fram að ganga.

Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að komið verði á fót sérstakri stofnun, rannsóknarlögreglu ríkisins. Yfirmaður þessarar stofnunar nefnist rannsóknarlögreglustjóri, sem þykir heppilegra orð en rannsóknarstjóri. Ljóst er, að embætti rannsóknarlögreglustjóra ríkisins verður mjög þýðingarmikið. Er eðlilegt, að það heyri beint undir dómsmálaráðherra, enda þarf rannsóknarlögreglustjóri að hafa jafna aðstöðu gagnvart öllum lögreglustjórum á landinu stöðu sinnar vegna. Hann verður að sjálfsögðu að hlíta fyrirmælum ríkissaksóknara lögum samkvæmt eins og aðrir lögreglustjórar.

Aðalatriðið, sem í frumvarpinu felst er, að yfirsakadómariinn í Reykjavík verður eigi lengur yfirmaður rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, svo sem nú er. Er þar með stigið spor í þá átt að aðskilja dómsvald í opinberum málum og lögreglustjórn, þó að eigi þyki fært að stiga það skref til fulls. Tæplega verður um það deilt, að rétt sé að fylgja fordæmi annarra þjóða um slíkan aðskilnað. Visast umi þetta til þess, sem tekið er upp hér að framan úr greinargerð með frumvarpinu frá 1948.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að starfandi verði sérstök rannsóknarlögregludeild við lögreglustjóraembættið í Reykjavík, er rannsaki til fullnustu vissa flokka brotamála, þar á meðal brot á umferðarlögum, sem er einn umfangsmesti málaflokkurinn a. m. k. að því er málafjöldi varðar. Þegar er starfandi sérstök umferðadeild hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík. Má ljóst vera, að það verður kostnaðarminna fyrir ríkissjóð og verulegt hagræði fyrir almenning, að slík brot séu rannsökuð til fullnustu á sama stað í stað þess sem nú er, að frumrannsókn fer fram hjá lögreglustjóraembættinu, sem síðan sendir málin til rannsóknarlögreglu til áframhaldandi rannsókna.

Rannsóknarlögreglu ríkisins er aftur á móti ætlað að rannsaka meiri háttar afbrot, svo sem brot á hegningarlögum. Ætlast er til, að hún hafi á að skipa hinum hæfustu mönnum, sem völ er á, sérfróðum á ýmsum sviðum rannsókna. Ekki er síst nauðsynlegt, að þar séu menn sérfróðir um bókhaldsrannsókn, en rannsókn mála dregst oft úr hófi fram, þegar bókhaldsrannsókn þarf að framkvæma. Rannsóknarlögreglustjóri á að geta sent sérfræðinga sína til aðstoðar lögreglustjórum hvar sem er á landinu, þegar þörf krefur. Einnig er eðlilegt, að rannsóknarlögregla

Innflutningsgjald af bifreiðum er áætlað 1 150 m.kr. í ár og er það 380 m.kr. umfram fjárlagaáætlun, bæði vegna meiri bifreiðainnflutnings en ætlað var, og vegna hækkandi innflutningsgjalds af jeppum. Á næsta ári má búast við nokkurri aukningu bílainnflutnings, sem var í lágmarki árið 1975 og voru þá aðeins fluttir inn 3 350 bílar samanborið við 8 400 bíla að meðaltali næstu þrjú árin á undan. Aukning bílainnflutnings var mjög mikil framan af þessu ári en búast má við að dragi úr henni á síðari hluta ársins. Hér er reiknað með innflutningi 3 800—3 900 bíla í ár og 4 100—4 200 bíla á næsta ári. Að óbreyttri gjaldskrá og með tilliti til verðbreytinga má reikna með, að innflutningsgjald af bifreiðum verði um 1 500 m.kr. á næsta ári.

Innflutningsgjald af benzíni er áætlað 1 895 m.kr. í ár en 2 260 m.kr. árið 1977. Þá er gert ráð fyrir, að benzíngjald fylgi hinni almennu verðlagsforsendu tekjuáætlunar, en í lögum er heimild til að hækka benzíngjald og þungaskatt eftir vísitölu byggingarkostnaðar. Í áætluninni er einnig gert ráð fyrir, að benzínsala aukist í hátt við fjölgun bíla. Gúmmígjald er áætlað 81 m.kr. á næsta ári.

Með lögum nr. 6 frá 13. febrúar 1976 var lagt sérstakt gjald á gasolíu og brennsluolíu, er nemur 1,33 kr. af hverju kg. Er gjald þetta innheimt með aðflutningsgjöldum. Álagning þessa gjalds var tengd breytingum á sjóðakerfi sjávarútvegsins á síðastliðnum vetri, er m. a. olfusjóður fiskiskipa var lagður niður og olíuverð til fiskiskipa hækkað. Jafnframt var söluskattur afnuminn af olíu til fiskiskipa, en ofangreindu gjaldi var ætlað að bæta ríkissjóði tekjutap vegna þessa. Áætlað er, að innheimta þessa gjalds nemi 322 m.kr. í ár, en 520 m.kr. á næsta ári miðað við óbreytta fjárhæð á hvert kg.

Önnur gjöld af innflutningi eru áætluð 229 m.kr. á næsta ári.

Skattar af framleiðslu. Tekjur undir þessum lið eru áætlaðar 5 578 m.kr. á árinu 1977 og munar þar mest um hið sérstaka vörugjald samkvæmt lögum nr. 20 frá 5. maí 1976, en með þeim lögum var gjaldið hækkað úr 10% í 12%. Hér er gert ráð fyrir ákvæðum þeirra laga óbreyttum allt árið 1977 að því er varðar álagningu vörugjaldsins, þ. e. 18% gjald á sama stofn. Tekjur af þessu gjaldi eru áætlaðar rúmir 4 milljarðar í ár. Á næsta ári má ætla að tekjur af gjaldinu verði um 5 250 m.kr. og er þá miðað við sömu verðforsendur innflutnings og áður var getið í áætlun um tolltekjur, en heldur minni aukningu gjaldskylds innflutnings að magni en notað er um almennan vöruinnflutning.

Tekjur af vörugjaldi af innlendri framleiðslu nokkurra vörutegunda og innfluttum vörum samkvæmt lögum nr. 97/1971 eru áætlaðar 160 m.kr. í ár og 165 m.kr. á næsta ári.

Á þessu ári hafa verið gerðar breytingar á samningi ríkisins við Íslenzka álfélagið, m. a. á þeim ákvæðum, er varða greiðslu framleiðslugjalds. Þá hefur skiptingu tekna af gjaldinu milli ríkissjóðs, Iðnlánasjóðs og Hafnarfjarðarbæjar einnig verið breytt. Framleiðsla og sala á áli hefur verið að færast í eðlilegt horf á þessu ári eftir samdrátt undanfarin tvö ár, og má búast við, að verksmiðjan framleiði með fullum afköstum á næsta ári. Hér er reiknað með 72 þús. tonna gjaldskyldri framleiðslu á árinu 1977 og lágmarksgjaldi, \$ 20 á hvert tonn. Endanlegt framleiðslugjald ræðst einnig af álverði, sem hefur farið hækkandi að undanfögnu, og afkomu fyrirtækisins, en um hvort tveggja er erfitt að segja fyrir um nú. Á þessum forsendum mun ál-gjaldið í heild nema rúmlega 265 m.kr. á núverandi gengi dollars, en af því koma 163 m.kr. í hlut ríkissjóðs og er aðeins sá hluti gjaldsins færður hér.

Skattar af seldum vörum og þjónustu. Í fjárlögum ársins 1976 námu tekjur á þessum lið 31 milljarði króna og búast má við, að innheimta ársins verði rúmir 34 milljarðar króna, en fjárlagaáætlun var í aðalatriðum miðuð við verðlag í lok árs 1975. Tekjur af söluskatti voru áætlaðar 21,4 milljarðar í fjárlagaáætlun þessa árs, og gera má ráð fyrir tæplega 24 milljarða króna innheimtu í ár. Hér er eingöngu

um að ræða hlut ríkissjóðs í hinu almenna 18% sölugjaldi auk 1% söluskattsauka, sem er óskiptur, en hlutur sveitarfélaga, 8% af almenna gjaldinu, er ekki meðtalinn, né 1% gjald á söluskattsstofn, sem lagt er á og ráðstafað samkvæmt lögum nr. 9/1976 um ráðstafanir til að draga úr áhrifum oliuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl. Í fjárlagafrumvarpi 1977 verður sú breyting, að tekjur af þessu gjaldi eru færðar með almennum tekjum ríkissjóðs sem hluti af söluskatti. Lögin um álagningu og ráðstöfun gjaldsins gilda til febrúarloka 1977, en hér er reiknað með óbreyttri tekjuöflun út árið og 1 600 m.kr. innheimtu. Að öðru leyti ræðst áætlunin um söluskatt af áðurnefndum forsendum um kauplag og verðlag og þjóðarútgjöld á árinu 1977. Samkvæmt þessum forsendum eykst innheimtustofn söluskatts um nær 18% milli árána 1976 og 1977. Innheimtur söluskattur er áætlaður 30,3 milljarðar króna 1977 eða um 36% heildartekna ríkissjóðs, en af þessari fjárhæð eru 1,6 milljarðar króna áðurnefnt sérstakt oliugjald, sem lagt hefur verið á síðan í marz 1974, en ekki fært á fjárlögum fram að þessu.

Launaskattur er í ár áætlaður tæplega 3,4 milljarðar króna eða 300 m.kr. umfram fjárlagaáætlun, sem var miðuð við kauplag í desember sl. Hér er gert ráð fyrir, að launaskattur verði áfram 3,5% og renni 2% til Byggingasjóðs. Á árinu 1977 er launaskattur áætlaður 4 215 m.kr. miðað við áðurnefnda almenna launaforsendu fjárlagafrumvarpsins.

Í fjárlögum 1976 er rekstrarhagnaður Á. T. V. R. áætlaður 6 milljarðar króna. Búast má við nokkru meiri tekjum í ár eða um 6,3 milljörðum króna, en áfengis- og tóbaksverð var hækkað í marz s. l. Hins vegar hefur söluverðmæti áfengis og tóbaks ekki aukizt í þeim mæli sem verðbreytingar gefa tilefni til átta fyrstu mánuði ársins samanborið við sama tímabil í fyrra. Miðað við núverandi útsöluverð óbreytt eru tekjur ríkissjóðs af sölu áfengis og tóbaks áætlaðar 7 230 m.kr. á árinu 1977.

Flugvallagjald samkvæmt lögum nr. 8/1976 er áætlað 230 m.kr. í ár og 250 m.kr. á árinu 1977.

Aðrir skattar af seldum vörum og þjónustu eru áætlaðir 279 m.kr. í ár — 241 m.kr. í fjárlagaáætlun — og 296 m.kr. á næsta ári.

Aðrir óbeinir skattar eru áætlaðir 3 464 m.kr. í ár sem er 600 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Munar þar mest um auknar tekjur af þinglýsingum og aukatekjum, einkum ýmis dómsmálagjöld, en þessi gjöld voru hækkuð verulega með lögum nr. 79/1975 frá 1. janúar sl. Hefur þessi breyting skilað meiri tekjum en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun. Stimpilgjald, aukatekjur og þinglýsingagjöld eru samtals áætluð 1 418 m.kr. í ár samanborið við 953 m.kr. í fjárlagaáætlun. Á næsta ári má búast við, að tekjur af þessum sköttum nemi samtals 1 619 m.kr. á forsendum fjárlagafrumvarps. Verðjöfnunargjald af raforku er áætlað 715 m.kr. í ár, en 725 m.kr. á næsta ári miðað við núverandi rafmagnsverð. Þungaskattur af dísilbifreiðum er áætlaður 780 m.kr. á næsta ári og gilda sömu forsendur um þá áætlun og áður var gerð grein fyrir um benzín gjald. Aðrar tekjur í þessum flokki eru aðallega áætlaðar með tilliti til almennra veltubreytinga.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta. Tekjur á þessum lið hækka úr 198 m.kr. í fjárlögum 1976 í 223 m.kr. í áætlun fyrir árið 1977, eingöngu vegna meiri tekna af frihöfninni á Keflavíkurflugvelli.

Ýmsar tekjur eru áætlaðar 587 m.kr. í ár eða 70 m.kr. umfram fjárlagaáætlun, vegna meiri vaxtatekna. Á árinu 1977 eru þessar tekjur áætlaðar 697 m.kr. og þar af eru vaxtatekjur 555 m.kr.

Yfirlit. Hér á eftir fer yfirlit yfir áætlaðar tekjur ríkissjóðs á árinu 1977 og til samanburðar er sýnd tekjuáætlun fjárlaga 1976 og endurskoðuð áætlun um tekjur þess árs. Innheimtar tekjur ríkissjóðs fyrstu sjö mánuði ársins námu 34 551 m.kr., sem er 37,6% aukning frá sama tímabili í fyrra. Hér er gert ráð fyrir, að heildar-

innheimtan verði 68,9 milljarðar króna í ár, þannig að 34,3 milljarðar króna innheimtist á síðustu fimm mánuðum ársins. Er það 42% meiri innheimta en á sömu mánuðum 1975.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1976 var sett fram endurskoðuð áætlun um tekjur ársins 1975, þar sem heildartekjur voru áætlaðar 49 721 m.kr. Endanlegar tölur um innheimtu 1975 liggja ekki fyrir, en hún nam sennilega 49 200 m.kr., þegar tekjuskattur er gerður upp á sama hátt og í áætlun fjárlagafrumvarpsins. Reyndist innheimta í fyrra þannig nokkuð undir áætlun í fjárlagafrumvarpi 1976, eða um 500 m.kr., sem er um 1% frávik.

Hlutdeild markaðra tekna í heildartekjum ríkissjóðs var um 13,5% árið 1975, en minnkar sennilega í rúmlega 12% í ár og verður nær óbreytt á næsta ári ef litið er framhjá oliugjaldi. Hlutdeild markaðra stofna árið 1977 ef oliugjald er tekið með er rúmlega 14%.

Samkvæmt yfirlitinu verður hlutdeild beinna skatta í tekjum ríkisins 16,0% 1976 í stað 16,5% í fjárlögum ársins, og hlutdeild óbeinna skatta hækkar úr 82,3% í 82,9%, en aðrar tekjur eru um 1%. Á árinu 1977 verður hlutdeild beinna skatta 16,8%, hlutdeild óbeinna skatta 82,2%, en aðrar tekjur eru áfram um 1%.

	Fjárlög 1976	Endurskoðuð áætlun 1976	Frumvarp 1977
1. Persónuskattar	2 079	2 079	2 808
2. Eignarskattar ¹⁾	1 022	1 038	1 267
3. Tekjuskattur ¹⁾	6 867	7 917	9 983
a) Einstaklingar	5 786	6 285	8 024
b) Félög	1 081	1 632	1 959
4. Gjöld af innflutningi	13 192	15 208	17 206
a) Almenn aðflutningsgjöld	10 507	11 571	12 616
b) Benzín- og gúmmigjald	1 767	1 972	2 341
c) Innflutningsgjald af bílum	770	1 150	1 500
d) Annað	148	515	749
5. Skattar af framleiðslu	2 629	4 335	5 578
a) Sérstakt tímabundið vörugjald	2 330	4 030	5 250
b) Annað	299	305	328
6. Skattar af seldum vörum og þjónustu	30 978	34 059	42 291
a) Söluskattur	21 430	23 860	30 300
b) Launaskattur	3 072	3 381	4 215
c) Á.T.V.R.	6 000	6 300	7 230
d) Annað	476	509	546
7. Aðrir óbeinir skattar	2 861	3 464	3 965
8. Aðrgreiðslur úr B-hluta	198	198	223
9. Ýmsar tekjur	516	587	697
Samtals	60 342	68 885 ²⁾	84 018
Markaðar tekjur	7 764	8 335	11 827
Almennar tekjur	52 578	60 550	72 191
Beinir skattar	9 968	11 034	14 058
Óbeinir skattar	49 660	57 066	69 040
Aðrar tekjur	714	785	920

¹⁾ Byggingarsjóðsgjald meðtalið.

²⁾ Í áætlunum um tekjur ríkissjóðs, sem fylgdu frumvarpi til laga um fjáröflun til landhelgisgæzlu o. fl. frá maf s. l. var reiknað með að tekjur ríkissjóðs yrðu um 63,9 milljarðar króna.

Lánahreyfingar

Niðurstöðutala á úthlið lánahreyfinga er 10 360 m.kr. og á innhlið 9 608 m.kr., þannig að fram kemur 752 m.kr. halli, sem jafnaður er með afgangi á rekstrarreikningi. Lántökur, sem ráðgerðar eru innanlands, eru byggðar á lögum nr. 36/1975 um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg og á heimild í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins ásamt 3. gr. laga nr. 77/1974 um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innan lands. Heimildar fyrir erlenda lántöku verður leitað í sérstöku lagafrumvarpi, sem lagt verður fyrir haustþingið. Í því sem hér fer á eftir verður gerð grein fyrir einstökum liðum lánahreyfinganna, en þess skal getið, að nánar verður fjallað um þessi mál í skýrslu ríkisstjórnarinnar um lánsfjáráætlun fyrir árið 1977, sem lögð verður fram á þingi í haust.

Lánahreyfingar út

Sem fyrr greinir er niðurstöðutala á úthlið lánahreyfinga 10 360 m.kr., sem skiptist þannig að 2 788 m.kr. renna til endurgreiðslu almennra ríkissjóðslána, 530 m.kr. til endurgreiðslu spariskirteinalána, sem útgefin voru 1965, 150 m.kr. til endurlána til sveitarfélaga vegna hafnargerðar við Grundartanga, 74 m.kr. eru lánsframlag til iðnþróunarsjóðs Portúgals, sbr. lög nr. 61/1976, og 6 818 m.kr. renna til framkvæmda B-hluta stofnana. Auk framkvæmda B-hluta stofnana er ráðgert að afla 2 090 m.kr. lánsfjár til framkvæmda A-hluta aðila, eða samtals 8 908 m.kr., en hliðstæð tala á árinu 1976 er 9 770 m.kr. eða 862 m.kr. hærri. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting framkvæmdafjárins á einstök verkefni og til samanburðar eru sýndar tölur fyrir árið 1976 í m.kr.

Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir

	Fjárlög 1976	Frumvarp 1977
A-hluti fjárlaga:		
Vegagerð	1 050	1 500
Landshafnir	310	100
Hafnargerð við Grundartanga	50	450
Þangverksmiðja	80	–
Orkustofnun v./jarðhitarannsóknna	34	40
	1 524	2 090
B-hluti fjárlaga:		
RARIK, almennar framkvæmdir o. fl.	1 740	1 619
Sveitarafvæðing	150	200
Norðurlína	578	1 144
Krófluvirkjun:		
a. Stöðvarhús og vélar	2 778	1 989
b. Borholur og aðveitukerfi	730	814
c. Lína Krafla—Akureyri	655	155
Jarðboranir ríkisins	40	–
Járnblendiverksmiðja, hlutafé og fjármagnsútgjöld	975	897
Landhelgisgæzla v/ flugvélakaupa	600	–
	8 246	6 818
Samtals A- og B-hluti	9 770	8 908

Vegagerð. Gert er ráð fyrir 1 500 m.kr. lánsfjáröflun til vegagerðar. Með þessu móti yrðu útgjöld vegagerðar í heild 5 400 m.kr., sem er svipað framkvæmdamagn og verður á árinu 1976, en skipting þess fjár verður að venju ákveðin í vegáætlun, sem ætlunin er að afgreidd verði samhliða fjárlögum. Lánsfjáröflun til vegagerðar árið 1976 er 1 350 m.kr. auk 250 m.kr. verktakaláns.

Landshafnir. Hér er um að ræða framkvæmdir við landshöfnina í Njarðvík, 65 m.kr., til að ljúka við gerð grjótgarðs, og við landshöfnina í Rifi 35 m.kr. til áframhalds framkvæmda þar. Fjáröflun til landshafna lækkar um 210 m.kr. frá 1976, vegna þess að framkvæmdum í Þorlákshöfn er lokið.

Hafnargerð við Grundartanga. Kostnaðaráætlun um þetta verk er um 650 m.kr., en 50 m.kr. verður aflað árið 1976 vegna undirbúningskostnaðar. Af þeim 600 m.kr., sem eftir eru, koma 450 m.kr. í hlut ríkisins og 150 m.kr. í hlut viðkomandi sveitarfélaga. Er gert ráð fyrir að ríkissjóður annist fjáröflun vegna sveitarfélagahlutans. Tekið skal fram, að framangreind kostnaðaráætlun er háð allmikilli óvissu vegna hugsanlegra breytinga á þeirri gerð hafnar, sem áætlunin miðast við, en þau mál verða væntanlega orðin skýrari, þegar lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar verður lögð fram síðar í haust.

Orkustofnun vegna jarðhitarannsókna. Þær jarðhitarannsóknir, sem hér um ræðir, eru svonefndar hitastigulsboranir, sem ráðgert er að fram fari víða um land í þeim tilgangi að leita að jarðhita á svæðum, þar sem engin ummerki um jarðhita eru greinanleg á yfirborði. Eru 40 m.kr. ætlaðar til þessa verks, en 34 m.kr. árið 1976.

Rafmagnsveitur ríkisins, alm. framkvæmdir. Alls er ráðgert að afla 1 619 m.kr. til almennra framkvæmda RARIK. Er það 196 m.kr. hærrí fjárhæð en 1976, en þá var auk þess um 317 m.kr. fjáröflun að ræða vegna skuldagreiðslna. Skipting þessa fjármagns á helztu verkefni er þessi: Hofsráveita til lúkningar framkvæmda 25 m.kr., Bessastaðarárvirkjun til skuldagreiðslna 70 m.kr., stofnlínur 354 m.kr., aðveitustöðvar 760 m.kr., innanbæjarkerfi 300 m.kr., dísilstöð (færanleg) 25 m.kr., vélar og tæki 60 m.kr. og meiri háttar viðhaldsverk 60 m.kr. Auk lánsfjár til að standa undir þessum framkvæmdum koma til tekjur af heimtaugargjöldum sem áætlaðar eru 35 m.kr. Frekari grein verður gerð fyrir þessum málum í skýrslu um lánsfjáráætlun.

Sveitarafvæðing. Lánsfjáröflun til sveitarafvæðingar er hér áætluð 200 m.kr., eða 50 m.kr. meira en 1976. Auk þess er gert ráð fyrir, að hluta Orkusjóðs af olúgjaldi verði m. a. varið til styrkingar dreifikerfis í sveitum.

Norðurlína. Heildarkostnaður við Norðurlínu á árinu 1977 er áætlaður 1 144 m.kr., þar af greiðsla afborgana og vaxta af lánnum, svonefnd fjármagnsútgjöld, 286 m.kr. og framkvæmdir 858 m.kr. Helztu framkvæmdaliðir eru lúkning línulaagna 85 m.kr., og aðveitustöðvar við Vatnshamra 307 m.kr., Laxárvatn 247 m.kr. og á Akureyri 219 m.kr. Á fjárlögum 1976 var lánsfjáröflun til Norðurlínu 578 m.kr.

Kröfluvirkjun:

a. Stöðvarhús og vélar. Nauðsynleg fjáröflun árið 1977 er 1 989 m.kr. Þar af eru fjármagnsútgjöld áætluð 851 m.kr. og lúkning framkvæmda 1 138 m.kr. Árið 1976 var fjáröflun til þessa verks 2 778 m.kr.

b. Borholur og aðveitukerfi. Fjáröflun er ráðgerð samtals 814 m.kr. þar af fjármagnsútgjöld 242 m.kr. og framkvæmdakostnaður 572 m.kr. Er þá gert ráð fyrir, að boraðar verði fimm viðbótarholur á árinu 1977, þannig að í lok þess árs

verði til 11 holur, og að síðustu 3 holurnar verði boraðar á árinu 1978. Fjáröflun til þessa verks var 730 m.kr. árið 1976 skv. fjárlögum, en framangreind áætlun miðast við, að aflað verði 250—350 m.kr. viðbótarfjármagns á yfirstandandi ári.

c. *Lina Krafla-Akureyri*. Fjáröflun til þessa verks er áætluð 155 m.kr., sem er að meginhluta, eða 125 m.kr., fjármagnsútgjöld, en 30 m.kr. eru ætlaðar til frágangs línunnar. Fjáröflun 1976 til línunnar var 655 m.kr.

Járnblendiverksmiðja. Vegna hlutafjárframlags og fjármagnsútgjalda er á þessu stigi áætlað að þurfi 897 m.kr. á árinu 1977 til járnblendiverksmiðjunnar, þar af er hlutafjárframlag 680 m.kr. og fjármagnsútgjöld 217 m.kr. Á hliðstæðan hátt og á við hafnargerð við Grundartanga og getið er hér að framan, eru þessi mál nokkurri óvissu háð meðan ekki hefur verið gengið endanlega frá samningum eignaraðila. Þess er þó að vænta, að áður en þingið afgreiðir fjárlög verði málin orðin það ljós, að unnt verði að meta fjármagnsþörf á árinu 1977 á raunhæfari hátt en við gerð fjárlagafrumvarpsins.

Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á afborgunum almennra lána ríkissjóðs í fjárlögum 1976 og frumvarpi 1977 í þús.kr.

Fjárl. nr.	Stofnun	Fjárlög 1976	Frumvarp 1977	Mismunur
02.422	Ríkisútgáfa námsbóka	916	416	÷ 500
04.231	Skógrækt ríkisins	615	356	÷ 259
04.241	Landnám ríkisins	1 679	1 789	110
10.256	Landmælingar	10 841	10 250	÷ 591
11.201	Iðnþróunarstofnun Íslands	864	580	÷ 284
15.191	Ýmis lán ríkissjóðs			
	Seðlabankinn v/yfirdráttarskulda	1 323 000	1 393 000	70 000
	Seðlabankinn v/Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins	270 000	352 314	82 314
	Seðlabankinn v/yfirdráttarskuldar RARIK	186 200	228 965	42 765
	Seðlabankinn v/Áburðarverksmiðju	-	40 000	40 000
	Seðlabankinn v/framl. til Atvinnumálanefndar ríkisins	14 300	-	÷ 14 300
	Seðlabankinn, ýmis lán önnur en til vegagerðar	82 179	46 071	÷ 36 108
	Spariskirteinalán (endurlán)	65 626	73 180	7 554
	Ýmis endurlán (erlend)	23 437	15 212	÷ 8 225
	Ríkisfyrirtæki í B-hluta	1 000	1 000	-
	Ríkisfyrirtæki í A-hluta	400	400	-
	Innlánsstofnanir (bankar og sparisjóðir)	4 986	2 682	÷ 2 304
	Lánastofnanir (fjárfestingarsj. og lífeyrissj.) erl. fé	9 124	9 996	872
	Lánastofnanir (fjárfestingarsj. og lífeyrissj.) innl. fé	3 039	3 040	1
	Bæjar- og sveitarfélög	663	13	÷ 650
	Ýmis erlend lán	95 612	50 861	÷ 44 751
	Ýmis innlend lán	11 760	6 995	÷ 4 765
	Yfirtekin lán v/kaupa á Baldri	56 000	52 902	÷ 3 098
	Lán til vegagerðar:			
	Seðlabankinn v/yfirdráttarskuldar	66 000	80 913	14 913
	Seðlabankinn, erlent lán	87 912	110 820	22 908
	Spariskirteinalán (endurlán)	69 470	111 966	42 496
	Önnur endurlán (erlend)	108 167	124 839	16 672
	Innlánsstofnanir (bankar og sparisjóðir)	4 228	3 102	÷ 1 126
	Lánastofnanir, erlent fé	23 969	66 456	42 487
	Ýmis innlend lán	561	28	÷ 533
	Samtals	2 522 548	2 788 146	265 598

Lánahreyfingar inn

Svo sem fram hefur komið er niðurstöðutala á innhlið lánahreyfinga 9 608 m.kr., þar af innlend fjáröflun 3 860 m.kr. og erlend fjáröflun 5 748 m.kr. Skv. fjárlögum 1976 var innlend fjáröflun áætluð 2 956 m.kr. og erlend fjáröflun 6 850 m.kr., eða samtals 9 806 m.kr. Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á fjáröflun til framkvæmda skv. fjárlögum 1976 og þessu frumvarpi í m.kr.

	Fjárlög 1976	Frumvarp 1977	Hækkun
Innlend fjáröflun:			
Innheimt af endurlánuðu spariskirteinafé ..	1 520	1 610	90
Verðbréfaútgáfa	1 400	1 700	300
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	2 920	3 310	390
Erlend fjáröflun:			
Alþjóðabankinn v/Þorlákshafnar	225	-	÷ 225
Önnur erlend lán	6 625	5 598	÷ 1 027
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	6 850	5 598	÷ 1 252
Fjáröflun samtals	9 770	8 908	÷ 862

Mismunur á heildarlántökum til framkvæmda, 8 908 m.kr., og niðurstöðutölu á innhlið lánahreyfinga, 9 608 m.kr., er 700 m.kr. Þar af verður 530 m.kr. varið til innlausnar spariskirteina, sem útgefin voru 1965, og það fé tekið af liðnum „innheimt af endurlánuðu spariskirteinafé“, 150 m.kr. til endurlána vegna hafnargerðar við Grundartanga og 20 m.kr. eru innheimtar afborganir af almennum lánveitingum ríkissjóðs. Er sundurliðun þessa innheimtufjár sýnd á eftirfarandi yfirliti í þús.kr.

	Fjárlög 1976	Frumvarp 1977	Mismunur
Atvinnuöfnunarsjóður	14 200	-	÷ 14 200
Landsvirkjun v/aðflutningsgjalda	3 375	3 375	-
Lagmetisiðjan Siglósið	346	346	-
Bífréiðakaupalán	3 610	3 600	÷ 10
Gjaldeyriseild bankanna	940	940	-
Hampiðjan hf. v/ Heyrnleysingjaskólans	1 000	1 000	-
Þvottahús ríkisspítala	1 500	-	÷ 1 500
Borgartún 7, húseign	2 816	2 816	-
Skuldabréf Sameinuðu þjóðanna	385	450	65
Ýmsir aðilar	8 000	7 473	÷ 527
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	36 172	20 000	÷ 16 172

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins

Hér að framan hefur verið rakið í stórum dráttum, hvern þátt launa- og verðlagshækkunar eiga í hækkun útgjalda frá síðustu fjárlögum. Í þessum hluta greinargerðarinnar verður á nákvæmari hátt en í yfirlitshlutunum fjallað um breytingar einstakra fjárlagaliða frá fjárlögum 1976, og verða í því skyni raktar orsakir breytinga, aðrar en beinar hækkunar launataxta og almennar verðlagshækkunar.

00 Æðsta stjórn ríkisins

- 101 **Embætti forseta Íslands.** Framlag til forsetaembættisins hækkar um 34 222 þús. kr. Meginskýringin er fólgin í því, að ráðgert er að verja 29 000 þús. kr. til nauðsynlegra breytinga og endurbóta á forsetasetrinu á Bessastöðum, en óhjákvæmilegt er að framkvæmdir verði í einum samfelldum áfanga, þar sem rýma þarf húsið á meðan. Aðrar hækkanir nema 5 222 þús.kr., að mestu vegna umsáminna launahækkana, en að nokkru vegna vanáætlunar í fjárlögum 1976 miðað við reikningstölur.
- 301 **Ríkisstjórn.** Kostnaður eykst um 16 736 þús.kr. Þar af eru eðlilegar launahækkanir ráðherra og bifreiðastjóra 12 283 þús. kr., rekstur ráðherrabifreiða 1 350 þús. kr. vegna verðlagshækkana, og loks stafa 3 103 þús. kr. af vanáætlunum á yfirvinnu bifreiðastjóra og rekstrarkostnaði bifreiða, þegar lagðar eru til grundvallar reikningstölur 1975 og tillit tekið til launa- og verðlagshækkana síðan.

01 Forsætisráðuneytið

- 101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun nemur 15 931 þús. kr., þar af 4 000 þús. kr. vegna hluta Íslands í norrænum fjárveitingum á vegum ráðherranefndar Norðurlandaráðs, en fjárveiting árið 1976 í þessu skyni hefur reynzt mjög vanáætluð, og 3 714 þús. kr. (20 þús. dollara) framlag til Thor Thors sjóðsins, sem ákveðið hefur verið af ríkisstjórninni í samræmi við tillögu nefndar, sem falið var að samræma aðgerðir vegna 200 ára afmælis Bandaríkjanna. Þá hækkar framlag vegna Hrafnsýrarnefndar um 1 500 þús. kr., en niður fellur 1 900 þús. kr. framlag til kvennaársnefndar, og hækkanir á öðrum liðum nema samtals 8 617 þús. kr., að mestu vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana.
- 171 **Byggðasjóður.** Skv. lögum nr. 63/1976 skal framlag ríkissjóðs miðast við, að ráðstöfunarfé sjóðsins verði eigi lægra en sem svarar 2% af útgjöldum fjárlaga. Í samræmi við yfirlýsingu forsætisráðherra mun þessu ákvæði þó ekki beitt á yfirstandandi kjörtímabili, og skv. eldri ákvæðum verður heildarframlag til sjóðsins því 1 630 000 þús. kr. Hækkun á framlagi ríkissjóðs nemur þannig 507 000 þús. kr.

02 Menntamálaráðuneytið

- 101 **Aðalskrifstofa.** Á þessum lið kemur fram 3 815 þús. kr. lækkun við beinan samannburð við fjárlagatölu 1976, en þetta stafar af tilfærslu tiltekinna viðfangsefna af aðalskrifstofu ráðuneytisins á aðra fjárlagaliði. Samtals nemur slíkur tilflutningur 57 132 þús. kr., þannig að raunveruleg hækkun þeirra liða, sem eftir eru, nemur 53 317 þús. kr. Eftirtaldir liðir eru fluttir af aðalskrifstofunni: Fræðsluskrifstofur á grunnskólastigi 19 452 þús. kr. í fjárlögum 1976, til fyrrverandi barnakennara 147 þús. kr., endurskoðun námsefnis 34 283 þús. kr., námskeið kennara, sem ekki hafa full réttindi, 950 þús. kr., styrkur til náms í talkennslu fyrir vangefin börn 400 þús. kr., gjöf Jóns Sigurðssonar 1 000 þús. kr., kostnaður vegna náms erlendis í íbróttabiálfun fatlaðra 500 þús. kr. og styrkur til hjúkrunarkennaranáms á Norðurlöndum 400 þús. kr. Hækkanir verða á eftirtöldum liðum: Ráðning skrifstofumanns 1 038 þús. kr., ýmsir styrkir, sem ekki voru áætlaðir í fjárlögum 1976, en greiddast þó á ári hverju, 10 000 þús. kr., áhrif kjarasamninganna á launagreiðslur 24 956 þús. kr. og hækkanir ýmissa rekstrarliða, að mestu í samræmi við verðlagshækkanir, 17 323 þús. kr.

- 201 **Háskóli Íslands.** Framlag úr ríkissjóði hækkar um 313 018 þús. kr. Sú breyting er nú gerð á framsetningu, að sýndar eru brúttóstærðir gjalda og tekna, þannig að byggingarframlag frá happdrætti háskólans er talið með eigin tekjum og raunveruleg framkvæmdaútgjöld sýnd í gjaldahlið. Þetta hefur ekki áhrif á fjárveitingaþörf úr ríkissjóði. Þá er gert ráð fyrir tilflutningi reiknistofu frá Raunvísindastofnun á háskólann sjálfan. Af heildarhækkun framlags má rekja 259 301 þús. kr. til eðlilegra launahækkana og aukningar stundakennslu vegna nemendafjölgunar, 2 580 þús. kr. til nýráðninga við háskólann, þ. e. ritari á yfirstjórn 1 146 þús. kr. og erlendur kennari í stað gistilektors við námsbraut í sjúkrapjálfun 1 434 þús. kr. Að öðru leyti hækkar rekstrarkostnaður háskólans sjálfs um 44 457 þús. kr. nettó, að mestu vegna verðlagshækkana. Loks er hreinn kostnaðarauki vegna reiknistofnunar 6 680 þús. kr., sem skýrist þannig: Gert er ráð fyrir ráðningu nýs kerfisritara 1 670 þús. kr., launaliður að öðru leyti nemur 15 304 þús. kr. og önnur rekstrargjöld 19 406 þús. kr., en eigin tekjur reiknistofnunarinnar eru áætlaðar 29 700 þús. kr.

Sem fyrr greinir eru nú sýnd framkvæmdaframlög frá happdrætti háskólans, og eru þau áætluð 225 000 þús. kr. Til framkvæmda rennur einnig beint framlag úr ríkissjóði 55 000 þús. kr., sem er óbreytt tala frá fjárlögum 1976. Verða því 280 000 þús. kr. til ráðstöfunar, og er áætluð skipting sem hér segir í þús. kr.:

Framkvæmdir á Landspítalalóð	144 000
Framkvæmdir á háskólalóð	62 000
Tækjakaup	30 000
Viðhald húsa, lóða og búnaðar	30 000
Skipulagning lóðar og áætlanagerð	7 000
Húsgögn og búnaður v/nýrra námsbrauta	5 000
Ýmis húsgögn og búnaður	2 000
Samtals	280 000

Á Landspítalalóð er ráðgert að framkvæmdir hefjist haustið 1976 við byggingu, er hýsa mun tannlæknakennslu o. fl. Af fjárveitingum fyrri ára hafa verið notaðar fjárhæðir til annarra framkvæmda á Landspítalalóð, og er gert ráð fyrir, að þær endurgreiðist af fjárveitingum 1977 sem hér segir: Frá geðdeild Landspítalans 48 000 þús. kr., frá Fæðingardeild 9 000 þús. kr. og frá rannsóknast. Landspítalans 21 600 þús. kr. Samtals yrðu þannig til ráðstöfunar 222 600 þús. kr. vegna þessarar framkvæmdar. Á háskólalóð er ráðgert að hefja framkvæmdir við almennt kennsluhús á árinu.

- 231 **Náttúrufræðistofnun Íslands.** Af heildarhækkun þessa liðar, 9 752 þús. kr., eru 1 500 þús. kr. til kaupa á bifreið, en 8 252 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana.
- 232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Framlag hækkar um 7 574 þús. kr., þar af venjubundinn rekstur vegna launa- og verðlagshækkana 3 874 þús. kr., og framlög til einstakra viðfangsefna 3 700 þús. kr., sem skiptist þannig: Ylræktarverkefni í Hveragerði 2 000 þús. kr., frumathuganir á nýtingu náttúruauðæfa landsins 675 þús. kr., starfsáætlun 550 þús. kr. og þátttökugjald í Nordforsk 475 þús. kr.
- 276 **Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.** Hækkun nemur 3 051 þús. kr., sem kemur þannig fram, að framlag frá Happdrætti Háskóla Íslands hækkar um 12 000 þús. kr., en beint framlag ríkissjóðs lækkar um 8 949 þús. kr. Heildartekjur sjóðsins verða 55 641 þús. kr., þar af frá happdrættinu 45 000 þús. kr. og ríkissjóði 10 641 þús. kr., og verður ráðstafað þannig: Endurgreiðslur lána 32 641 þús. kr., lúkning byggingar Rannsóknastofnunar bygging-

- ariðnaðarins 10 000 þús. kr., viðgerðir á húsi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins 10 000 þús. kr. og lagfæring lóða 3 000 þús. kr.
- 301 **Menntaskólinn í Reykjavík.** Kostnaður eykst um 56 235 þús. kr., þar af 10 000 þús. kr. til kaupa á eignum í nágrenni skólans, sem eignarnámsskvöð hvílir á, en að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkunarir.
- 302 **Menntaskólinn á Akureyri.** Kostnaður eykst um 48 502 þús. kr., þar af eðlilegar launa- og verðlagshækkunarir 46 549 þús. kr., ráðning ritara í hálfstarf 553 þús. kr., hækkun stofnkostnaðar vegna endurbóta á húsum skólans og lóð 2 150 þús. kr., og eigin tekjur skólans hækka um 750 þús. kr.
- 304 **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Auk eðlilegrar kostnaðaraukningar við rekstur 46 100 þús. kr., er gert ráð fyrir ráðningu húsvarðar 1 000 þús. kr. og hækkun framlags til að ganga frá húsbýggingu 250 þús. kr. (í 5 000 þús. kr.), eða samtals 47 350 þús. kr.
- 305 **Menntaskólinn við Tjörnina.** Samtals eykst kostnaður um 39 285 þús. kr., þar af hækkun launa- og rekstrarkostnaðar 34 885 þús. kr. og stofnkostnaður 4 400 þús. kr. Verður stofnkostnaðarframlag með þessu 12 000 þús. kr. til að ganga frá breytingum í nýjum húsakynnum skólans.
- 307 **Menntaskólinn á Austurlandi.** Byggingarframlag hækkar um 14 000 þús. kr. og verður 71 000 þús. kr. Er þar um að ræða vissan áfanga útboðsverks, sem ætlunin er að vinna á árinu. Heildarkostnaðaráætlun við verkið, þ.e. mötuneyti og heimavist, sem í byrjun verður að hluta notuð til kennslu, er 303 000 þús. kr. Er miðað við, að byggingu þessara húsa verði lokið á árinu 1979, en tækjakaup verði að hluta gerð á árinu 1980.
- 311 **Fjölbrautarskólinn í Breiðholti.** Kostnaðaráætlun hækkar um 90 539 þús. kr., sem er því nær þreföldun. Auk verðlagshækkana stafar það af mikilli nemendafjölgun og nokkurri vanáætlun í fjárlögum 1976.
- 312 **Flensborgarskóli, fjölbrautarskóli.** Hækkun nemur 28 591 þús. kr. sem skýrist annars vegar af verðlagshækkunum, og hins vegar af nemendafjölgun, en áætlað er að nemendum fjölgi um rösklega þriðjung á árinu.
- 313 **Fjölbrautarskóli á Suðurnesjum.** Hér er um nýjan skóla að ræða, sem hefur starfsemi haustið 1976. Heildarkostnaður er áætlaður 39 305 þús. kr.
- 423 **Endurskoðun námsefnis.** Liður þessi er fluttur af aðalskrifstofu ráðuneytisins og nemur alls 52 858 þús. kr., sem er 18 575 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1976. Ekki er gert ráð fyrir neinni fjölgun námsstjóra í þessari áætlun, en hækkun sú, sem verður umfram eðlilega launa- og verðlagshækkun, og meta má nálægt 7 000 þús. kr., skýrist af vanáætlun í fjárlögum 1976 miðað við reikningstölur 1975.
- 431 **Iðnfræðsluráð.** Framlag hækkar um 15 956 þús. kr., þar af almennar rekstrarhækkunarir 5 701 þús. kr. og hækkun framlags til námskrárgerðar 10 255 þús. kr. Er þar um rösklega tvöföldun að ræða, og nemur framlagið til námskrárgerðar í heild 20 107 þús. kr.
- 501 **Tækniskóli Íslands.** Kostnaður eykst um 31 307 þús. kr., sem kemur þannig fram, að eðlilegar launa- og verðlagshækkunarir eru 42 907 þús. kr., stofnkostnaður lækkar um 11 000 þús. kr. og tekjuhækkun nemur 600 þús. kr. Stofn-

kostnaðarframlag verður alls 25 000 þús. kr., þar af 20 000 þús. kr. til að ljúka innréttingum í húsnæði skólans og 5 000 þús. kr. til kaupa á húsbúnaði.

- 514 **Iðnskólinn í Reykjavík.** Hækkun á þessum lið nemur 86 581 þús. kr. Þrátt fyrir nokkra fjölgun nemenda og deilda er þessi hækkun langt umfram launa- og verðlagshækkunarir. Erfiðlega hefur gengið á undanförunum árum að afla raunhæfra áætlana frá viðkomandi aðilum, og hefur afleiðingin orðið allmikil vanáætlun í fjárlögum. Að þessu sinni hefur verið tekið mið af reiknings-
tölum 1975 og er hækkunin frá þeirri heildartölu um 70%.
- 516 **Iðnskólar almennt.** Framlag hækkar um samtals 12 176 þús. kr., þar af við-
hald 2 176 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður 10 000 þús. kr. Viðhalds-
kostnaður í heild er áætlaður 8 000 þús. kr., eða 37,4% hærri en í fjárlögum
1976. Gjaldfærður stofnkostnaður nemur samtals 42 300 þús. kr., sem er 31,0%
hækkun frá fyrra ári, og skiptist þannig á einstaka skóla í þús. kr.

Reykjavík	22 000
Hafnarfjörður	3 300
Akranes	2 000
Ísafjörður	3 000
Akureyri	3 000
Neskaupstaður	1 000
Vestmannaeyjar	8 000
Samtals	42 300

Í Reykjavík verður 6 000 þús. kr. varið til skuldagreiðslna, 8 000 þús. kr. til tækjakaupa og 8 000 þús. kr. til að ljúka eldri byggingaráföngum. Í Hafnar-
firði verða 3 300 þús. kr. varið til tækjakaupa og 2 000 þús. kr. í sama skyni
á Akranesi. Á Ísafirði er um að ræða framlag til innréttinga og búnaðar og á
Akureyri lúkninu fyrir byggingaráfanga. Á Neskaupstað verður fjárhæðinni
varið til breytinga á húsnæði og kaupa á búnaði, og loks er fjárveiting til
skólans í Vestmannaeyjum ætluð til framhalds innréttinga á sameiginlegu
húsnæði fyrir iðnskóla, vélaskóla og stýrimannaskóla.

- 521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Kostnaðaraukning nemur 27 808 þús. kr., sem skýrist
þannig að eðlilegar launa- og verðlagshækkunarir eru 32 267 þús. kr., en niður
eru felldar fjárveitingar til eldhúsrekstrar, 4 459 þús. kr., þ. á m. fjórar stöður
starfsfólks. Ákveðið hefur verið, að nemar skólans fái mótuneytisaðstöðu að
fullu í Landspítalanum, enda var heimild til rekstrar eldhúss í hjúkrunar-
skólanum einungis til bráðabirgða, þar til aðstaða skapaðist í hinu nýja eld-
húsi Landspítalans til að anna þörf hjúkrunarskólans í þessu efni.
- 522 **Nýi hjúkrunarskólinn.** Við þessa stofnun er gert ráð fyrir ráðningu eins kenn-
ara til viðbótar, 1 491 þús. kr., og nettóhækkun annarra liða er 3 819 þús. kr.,
eða samtals 5 310 þús. kr.
- 562 **Leiklistarskóli Íslands.** Fjárveiting hækkar um 10 372 þús. kr. eða 70%, og
verður samtals 25 122 þús. kr. Áætlun til fjárlaga 1976 hefur reynzt óraunhæf,
enda fyrirkomulag á starfsemi skólans háð mikilli óvissu við síðustu fjár-
lagagerð. Áætlun fyrir næsta ár byggist á því, að engir nýir nemendur verði
teknir í skólann á næsta skólaári.
- 563 **Tónlistarskólar.** Mjög veruleg hækkun verður á ríkisframlagi til tónlistarskóla,
eða 77 747 þús. kr., sem auk almennra verðlagshækkana skýrist að verulegu
leyti að ákvæðum nýrra laga um hækkun á kostnaðarpátttöku ríkissjóðs úr

þriðjungi í helming. Við áætlum hlutaðeigandi aðila til fjárlaga 1976 virðist hafa láðzt að taka fullt tillit til kostnaðaráhrifa þessara nýju laga. Framan- greind hækkun kemur þannig fram, að fjárveiting til Tónlistarskólans í Reykjavík hækkar um 13 670 þús. kr., til annarra tónlistarskóla um 58 149 þús. kr., til Barnamúsikskólans um 6 128 þús. kr., en niður fellur stofnframlag til Söngskólans í Reykjavík, 200 þús. kr.

- 581 Verzlunarskólar. Skv. lögum nr. 51/1976 um viðskiptamenntun á framhalds- skólastigi, greiðir ríkissjóður rekstrarkostnað viðkomandi skóla að fullu, nema kostnað við heimavistir, sem greiðast að fjórum fimmtu hlutum úr ríkissjóði. Hækkun fjárveitingar er 67 162 þús. kr., eða 80%, þar af vegna Verzlunar- skóla Íslands 35 574 þús. kr. og vegna Samvinnuskólans 31 588 þús. kr.
- 609 Héraðsskólar almennt. Framlag hækkar um 8 900 þús. kr., þar af viðhald 6 050 þús. kr., eða 30,3%, og stofnkostnaður 2 850 þús. kr. Verður stofnkostnaður í heild 123 500 þús. kr. og skiptist á einstaka skóla sem hér segir í þús. kr.:

Reykholt	14 000
Núpur	8 500
Reykjanes	5 000
Reykir	27 000
Laugar	50 000
Eiðar	10 000
Skógar	5 000
Laugarvatn	4 000
Samtals	123 500

Í Reykholti verður 11 000 þús. kr. varið til endurbóta gamla skólahússins og 3 000 þús. kr. til að ljúka teikningum af síðasta byggingaráfanga. Á Núpi er um að ræða endurbætur á eldri húsum og á Reykjanesi breytingar á heima- vistarhúsi vegna tengingar við nýbyggingu. Á Reykjum verður fjárveitingu varið til að ljúka byggingu kennsluhúss. Á Laugum rennur fjárveiting til framhalds á byggingu íþróttahúss og er áætlað að 50 000 þús. kr. muni þá vanta til að ljúka byggingunni. Á Eiðum verður 7 000 þús. kr. varið til breytinga á íþróttas- al og 3 000 þús. kr. til almennra endurbóta og lóðarlögunar. Á Skógum eru 3 000 þús. kr. ætlaðar til að ljúka byggingu skólastjórabústaðar og 2 000 þús. kr. til endurbóta á elzta húsi skólans. Loks er fjárveiting til skólans á Laugar- vatni ætluð til endurbóta á húsum.

- 679 Sameiginlegur kostnaður skólanna á Laugarvatni. Framlag hækkar um 1 150 þús. kr. og verður 4 000 þús. kr. til ýmissa smærri framkvæmda.

- 700—780 Grunnskólar, rekstur. Heildarlækkunin, sem fram kemur á þessum lið, nemur 1 522 730 þús. kr., en þar af eru tvö viðfangsefni flutt á þennan fjárlaga- lið, þ. e. akstur skólabarna 240 000 þús. kr. fluttur af liðnum grunnskólar al- mennt, og fræðsluskrifstofur 30 000 þús. kr. fluttar af aðalskrifstofu ráðuneytis- ins. Aðrar hækkunir eru því 1 252 730 þús. kr., þar af laun 1 227 487 þús. kr. eða 47,7%, og önnur rekstrargjöld 25 243 þús. kr., eða 35,7%. Launaliður hækkar nokkru meira en nemur almennum verðlagshækkunum, og skýrist sá mismun- ur annars vegar af eðlilegri magnaukningu, og hins vegar af því að stunda- kennsla var ekki hækkuð til samræmis við almennar launahækkunir í fjárlög- um 1976, því að ákveðið var að þær skyldu einungis taka til fastra launa í fjárlagaáætlun. Að því er stundakennslu í grunnskólum varðar reyndist þessi áætlunaraðferð óraunhæf. Liðurinn önnur rekstrargjöld að frátöldum akstri skólabarna hækkar nokkru meira en nemur verðlagshækkun, en við áætlunar-

gerð hefur verið höfð hliðsjón af reikningstölum 1975. Liðurinn akstur skólubarna hækkar um 70 000 þús. kr. eða 41,2%, sem samsvarar taxtahækkun kílómetragjalds, og kostnaður við fræðsluskrifstofu eykst um 10 548 þús. kr. eingöngu vegna launa- og verðlagshækkana.

- 791 **Grunnskólar, almennt.** Á liðnum kemur fram 37 074 þús. kr. lækkun vegna tilfærslu aksturskostnaðar á annan lið, en fjárveiting 1976 var 170 000 þús. kr., þannig að raunverulega verður hækkun annarra liða 132 926 þús. kr. Mest munar þar um stofnanir afbrigðilegra barna, en kostnaður við þær er áætlaður 59 667 þús. kr. eða 55,2% hærri en í fjárlögum 1976. Auk almennra verðlagshækkana kemur hér til aukning þjónustu og nokkur vanáætlun í fjárlögum 1976. Aukakostnaður vegna orlofs kennara eykst um 29 002 þús. kr., sem er meira en tvöföldun, að verulegu leyti afleiðing rýmkaðra ákvæða kjarasamninga um orlofsheimildir. Aðrar hækkanir eru yfirleitt í samræmi við almennar verðlagshækkanir og koma þannig fram á einstökum liðum: Forfallakennsla o. fl. 31 632 þús. kr., framkvæmd sundskyldu í skólum 8 625 þús. kr., yfirvinna skólastjóra 2 617 þús. kr., skiðakennsla 300 þús. kr. og kostnaður við stjórnskipaða prófdómara 1 083 þús. kr.
- 792 **Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.** Þessi framlög hækka um 257 764 þús. kr., eða 25,2%, og nema samtals 1 280 000 þús. kr. Eins og venja hefur verið mun fjárveitinganefnd ákveða skiptingu þessa fjár á einstakar framkvæmdir.
- 803 **Dagvistunarheimili, stofnkostnaður.** Framlag til byggingar dagvistunarheimila hækkar um 16 600 þús. kr., eða 24,2% og verður samtals 85 000 þús. kr.
- 872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Sem kunnugt er voru sett ný lög um sjóðinn fyrr á þessu ári, og er nú unnið að samningu reglugerðar í samræmi við þau lög. Með öllu er óljóst við gerð fjárlagafrumvarps, hver fjárbörf sjóðsins muni reynast á næsta ári, en líklegt er, að það mál skýrist verulega, áður en fjárlög verða afgreidd á þinginu. Á þessu stigi er gert ráð fyrir 160 000 þús. kr. hækkun ríkissjóðsframlags, og verður það samtals 1 000 000 þús. kr. Ekki er tekin afstaða til hugsanlegrar lántöku sjóðsins þessu til viðbótar.
- 881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Hækkun þessa liðar nemur 14 995 þús. kr., þar af styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum 1 755 þús. kr., til Grænlandings til að læra íslensku 120 þús. kr. og til hjónagarða 13 120 þús. kr. til að efna fyrirheit ríkisins um minningargjöf.
- 884 **Til jöfnunar á námskostnaði.** Hækkun framlags á þessum lið er 20 000 þús. kr., og verður það samtals 150 000 þús. kr.
- 907 **Listasafn Íslands.** Hér er gert ráð fyrir 36 686 þús. kr. hækkun fjárveitingar. Þar af eru eðlilegar launa- og verðlagshækkanir 5 936 þús. kr. og hækkun byggingarframlags 30 750 þús. kr., eða í 45 000 þús. kr. Heildaráætlun um byggingarkostnað safnsins er 321 000 þús. kr., þar af nauðsynleg húsa- og lóðakaup 50 000 þús. kr. Fjárveiting 1977 miðast við framkvæmdaáætlun, þar sem gert er ráð fyrir nokkuð jöfnum árlegum fjárveitingum, þar til framkvæmdum lyki á árinu 1981.
- 973 **Þjóðleikhús.** Framlag hækkar um 85 423 þús. kr. Þar af eðlilegar launa- og verðlagshækkanir 75 061 þús. kr., kostnaður við þrjá starfsmenn (heimilaðir af fjárveitinganefnd) 3 110 þús. kr., laun eins leikara og kórstjóra, sem féllu

- niður við síðustu fjárlagaáætlanagerð af vangá 3 102 þús. kr., og kostnaður vegna listdansflokksins eykst um 4 150 þús. kr. og verður af hálfu Þjóðleikhússins 7 150 þús. kr.
- 976 **Meningarsjóður.** Sú 3 700 þús. kr. hækkun, sem fram kemur á þessum lið, stafar af áætlaðri hækkun miðagjalds, er rennur í sjóðinn.
- 977 **Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu.** Framlag hækkar um 35 750 þús. kr. og verður alls 50 000 þús. kr. Með þessari fjárveitingu auk geymds fjármagns frá fyrri árum, er gert ráð fyrir, að byrjunarframkvæmdir geti hafizt á árinu, en unnið er að tillögu um framkvæmdaáætlun þessa verks, og æskilegt að afstaða verði tekin til slíkrar áætlunar í fjárveitinganefnd. Fyrir liggur áætlun um heildarkostnað við framkvæmdina að fjárhæð 1 765 000 þús. kr.
- 982 **Listir, framlög.** Liður þessi hækkar um 29 885 þús. kr., og kemur hækkunin þannig fram á einstökum viðfangsefnum: Launasjóður rithöfunda skv. lögum 12 144 þús. kr., rithöfundasjóður vegna almenningsbókasafna, fluttur af liðnum almenningsbókasöfn, sem fellur niður, 8 000 þús. kr. Er hér um 6 340 þús. kr. hækkun að ræða frá fjárlögum 1976 vegna nýrra laga. Listamannalaun hækka um 4 000 þús. kr., heiðurslaun listamanna um 1 300 þús. kr. og starfslaun listamanna um 1 000 þús. kr. Framlag til listdansflokksins hækkar um 2 458 þús. kr. og verður 4 458 þús. kr., höfundagreiðslur skv. lögum vegna flutnings verka við guðspjónustur 1 483 þús. kr., og loks fellur niður á þessum fjárlagalið framlag til tónskóla í Garðabæ, 500 þús. kr.
- 983 **Ýmis vísindaleg starfsemi.** Kostnaður eykst um 3 656 þús. kr. vegna sérstakra rannsókna við Kröflu, en aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1976.
- 984 **Norræn samvinna.** Framlag hækkar um 4 333 þús. kr., sem kemur þannig fram, að kostnaður vegna norrænna menningarfjárlaga eykst um 4 139 þús. kr., norrænt samstarf 685 þús. kr. og norræna tölfræðistofnunin 39 þús. kr., en framlag til norræna vatnafræðifélagsins lækkar um 100 þús. kr. og niður fellur sérstakt framlag til norræna hússins í Reykjavík 430 þús. kr.
- 985 **Félagsheimilassjóður.** Hækkunin, 20 700 þús. kr., er vegna áætlunar um tekjur af skemmtanaskatti, sem renna í sjóðinn.
- 986 **Íþróttassjóður.** Framlag til sjóðsins hækkar um 18 858 þús. kr., sem kemur þannig fram að rekstrarstyrkur eykst um 3 200 þús. kr. og byggingarframlag um 32 258 þús. kr., en niður fellur framlag vegna umsaminna skuldagreiðslna 16 600 þús. kr. Byggingarframlög verða samtals 100 000 þús. kr., sem skiptast þannig, að síðasta greiðsla af fjórum vegna íþróttamannvirkja, sem samþykkt voru á fjárlögum 1973 nemur 55 000 þús. kr., greiðslur vegna mannvirkja, sem tekin voru á fjárlög 1974 og 1975 nema 20 000 þús. kr. hvor um sig, og greiðsla vegna mannvirkja, sem tekin voru á fjárlög 1976, 5 000 þús. kr.
- 987 **Endurbætur á Viðeyjarstofu.** Framlag hækkar um 675 þús. kr. og verður 4 000 þús. kr.
- 988 **Æskulýðsmál.** Liður þessi hækkar um 3 075 þús. kr. Ýmsir liðir eru nú færðir yfir á Æskulýðsráð ríkisins, samtals 745 þús. kr. í fjárlögum 1976, en auk þess hækkar framlag til ráðsins um 955 þús. kr. Á einstökum liðum verða eftirtaldar breytingar að öðru leyti: Framlag til UMFÍ hækkar um 1 400 þús. kr., til bandalags ísl. skáta um 500 þús. kr., til starfsemi KFUM og K 170 þús. kr.,

til isl. ungtemplara 75 þús. kr. og til bandalags isl. farfugla 25 þús. kr., en framlag til sambands bindindisfélaga í skólum, 50 þús. kr. í fjárlögum 1976, fellur niður.

- 989 Ýmis íþróttamál. Framlag hækkar um 6 100 þús. kr., þar af Íþróttasamband Íslands 6 000 þús. kr. og skiðaskólinn í Kerlingafjöllum 100 þús. kr.
- 991 Húsafriðunarsjóður. Skv. lögum er hér um að ræða framlag, sem miðast við ákveðna fjárhæð pr. íbúa og hækkar til samræmis við byggingarvisitölu. Hækkun er 2 387 þús. kr. og verður framlagið alls 6 503 þús. kr.
- 999 Ýmislegt. Hrein hækkun á þessum lið er 2 917 þús. kr. og skýrist hún í eftirfarandi upptalningu: Af aðalskrifstofu ráðuneytisins er flutt á þennan lið námskeið kennara, sem ekki hafa full réttindi 950 þús. kr., styrkur til náms í talkennslu fyrir vangefin börn 400 þús. kr., til fyrrverandi barnakennara 147 þús. kr., gjöf Jóns Sigurðssonar 1 000 þús. kr., kostnaður vegna náms erlendis í íþróttapjálfun fatlaðra 500 þús. kr. og styrkur til hjúkrunarkennaranna á Norðurlöndum 400 þús. kr. Er hér um óbreyttar fjárhæðir að ræða frá fjárlögum 1976. Framlag til Reykhóltsstaðar hækkar um 1 750 þús. kr., en þessir liðir falla niður: Safnahús á Sauðárkróki 250 þús. kr., á Blönduósi 200 þús. kr., á Húsavík 250 þús. kr. og héraðsskjalasafn á Egilsstöðum 250 þús. kr. Loks er framlag til Lögbergs—Heimskringlu, 1 280 þús. kr á fjárlögum 1976, flutt á utanríkisráðuneytið.

03 Utanríkisráðuneytið

- 101 Aðalskrifstofa. Kostnaður eykst um 43 811 þús. kr., þar af tilfærsla stöðu fulltrúa frá sendiráðinu í Kaupmannahöfn á aðalskrifstofu 1 670 þús. kr. Aðrar hækkanir á yfirstjórn nema 27 649 þús. kr. og eiga rætur að rekja til almennra launa- og verðlagshækkana. Einstök viðfangsefni utan yfirstjórnar hækka sem hér segir: Tekin er inn sérstök fjárveiting til ráðstefnu ræðismanna Íslands erlendis 7 000 þús. kr., kostnaður við upplýsinga- og kynningastarfsemi eykst um 2 900 þús. kr., við þátttöku í alþjóðaráðstefnum 2 650 þús. kr., samninga við erlend ríki 1 200 þús. kr., markaðsmál 390 þús. kr., kaup á kvikmyndum fyrir sendiráðin 287 þús. kr. og kjörræðismenn 65 þús. kr.
- 201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli. Hækkun á þessum lið nemur 60 111 þús. kr., þar af 3 438 þús. kr. vegna ráðningar þriggja tollvarða í sambandi við nýtt vopnaleyttækis, en að öðru leyti hækka launagjöld um 56 025 þús. kr. Þá hækka önnur rekstrargjöld um 10 395 þús. kr., þar af leigugjöld vegna aukins húsnæðis og verðlags 3 811 þús. kr., niðurgreiðsla á fæði starfsmanna skv. samningum 1 180 þús. kr. og hækkun af völdum almennra verðlagshækkana nemur 5 404 þús. kr. Viðhaldsliður hækkar um 1 005 þús. kr. m. a. vegna málningar lögreglustöðvar, en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 7 252 þús. kr., þar sem niður fellur fjárveiting til leitartækis. Loks hækka tekjur um 3 500 þús. kr.
- 301—312 Sendiráðin. Heildarkostnaður við sendiráðin eykst um 86 381 þús. kr. Launaliður hækkar um 59 108 þús. kr., en gert er ráð fyrir óbreyttu starfsmannahaldi í sendiráðunum að öðru leyti en því, að staða fulltrúa í Kaupmannahöfn flyzt tímabundið á aðalskrifstofu ráðuneytisins, svo sem fyrr greinir, og tímabundin ráðning ritara er fyrirhuguð í Kaupmannahöfn. Aðrar orsakir breytinga á launalið eru grunnkaupshækkanir íslensks starfsfólks, gengis-

breytingar, vísitöluhækkunar í viðkomandi löndum og hækkun húsaleigu. Skipting hækkunar launaliðs er þannig í þús. kr.:

Nýráðningar	÷ 1 034
Grunnkaupshækkunar íslensks starfsfólks	18 193
Gengisbreytingar	15 759
Vísitöluhækkunar til íslensks starfsfólks	16 111
Erlent starfsfólk	4 541
Launatengd gjöld v/íslensks starfsfólks	2 285
Húsaleiga	3 253
Samtals	59 108

Húsaleigukostnaður hækkar ekki meira en raun ber vitni vegna þess, að keypt hefur verið húsnæði fyrir sendiráðsritara í New York skv. heimild í fjárlögum 1976, sem kemur til með að spara ríkinu veruleg útgjöld. Er ætlunin að halda áfram slíkum húsa kaupum fyrir sendiráðin eftir því sem heimilað verður í fjárlögum. Liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar um 15 285 þús. kr., þar af áhrif gengisbreytinga 6 670 þús. kr. og ýmsar aðrar hækkunar 8 615 þús. kr. Viðhaldsliður hækkar um 10 522 þús. kr., einkum vegna gagngerðra breytinga á sendiherrabústað í Osló, og loks hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um samtals 1 466 þús. kr.

- 399 Ýmis utanríkismál. Liðurinn hækkar um 7 000 þús. kr., þar af 5 000 þús. kr. vegna samskipta við Vestur-Íslendinga, 1 500 þús. kr. vegna Lögbergs—Heimskringlu (fært af menntamálaráðuneytinu og hækkar um 220 þús. kr.) og 500 þús. kr. vegna aðstoðar Íslands við þróunarlöndin.
- 401 Alþjóðastofnanir. Heildarhækkun framlaga til alþjóðastofnana er 43 772 þús. kr., og skiptist í meginatriðum sem hér segir: Alþjóðaframskiptastofnunin (IDA) 11 780 þús. kr., NATO 5 040 þús. kr., þróunaraðstoð S.Þ. 3 057 þús. kr., OECD 2 770 þús. kr., tillag til S.Þ. 2 150 þús. kr., gæslulið S.Þ. við botn Miðjarðarhafis 2 080 þús. kr., Evrópuráðið 2 070 þús. kr., EFTA 1 730 þús. kr., UNESCO 1 540 þús. kr., til alþjóðahafrafrannsóknna 1 530 þús. kr. og aðrir liðir samtals 10 025 þús. kr.

04 Landbúnaðarráðuneytið

- 171 Jarðeignir ríkisins. Framlög hækka um samtals 7 830 þús. kr., þar af vegna ábúendaskipta 6 907 þús. kr., skuldar við jarðasjóð 600 þús. kr. og ýmissa greiðslna 925 þús. kr., en framlag til nýbygginga lækkar um 602 þús. kr. Skipting heildarframlagsins, 31 390 þús. kr., verður þá þannig í þús. kr.:

Ábúendaskipti	15 200
Nýbyggingar	8 490
Skuld við jarðeignasjóð	2 500
Ýmsar greiðslur	5 200
Samtals	31 390

- 172 Jarðasjóður. Hækkun á þessum lið er 3 450 þús. kr. og verður 12 000 þús. kr., sem er lágmarksframlag skv. jarðalögum (nr. 65/1976).
- 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Kostnaður við stofnunina eykst um 66 237 þús. kr. Er þar yfirleitt um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkunar, að öðru leyti en því, að inn er tekin fjárveiting vegna sjö staða, samtals 9 349

- þús. kr., sem setnar höfðu verið án heimildar, en fjárveitinganefnd samþykkti við athugun á mannahaldi ríkisstofnana fyrr á þessu ári, og 1 494 þús. kr. vegna stöðu aðstoðarsérfræðings við bütækniðeild.
- 231 **Skógrækt ríkisins.** Fram kemur 44 634 þús. kr. hækkun, en þar sem framlag til Skógræktarfélagss Íslands, sem er 3 800 þús. kr. í fjárlögum 1976, er flutt á annan fjárlagalið, er raunveruleg hækkun meiri sem þeirri fjárhæð svarar, þ. e. 48 434 þús. kr. Verðtrygging framkvæmda skv. landgræðsluáætlun nemur 11 909 þús. kr., eðlilegar launa- og verðlagshækkunar 30 125 þús. kr., stofn- kostnaðaraukning m. a. vegna endurbóta húss að Stálpastöðum og tækjakaupa 8 540 þús. kr., styrkur til skógræðslu einstaklinga hækkar um 860 þús. kr., til Fljótsdalsáætlunar um 800 þús. kr., og loks hækkar tekjuáætlun um 3 800 þús. kr.
- 235 **Landgræðsla.** Þessi liður hækkar um 97 753 þús. kr., þar af verðtrygging landgræðsluáætlunar 76 547 þús. kr., eðlilegar launa- og verðlagshækkunar 21 206 þús. kr., hækkun framlags til byggingar starfsmannahúss 6 500 þús. kr. (verður 15 000 þús. kr.) og tekjuaukning nemur 6 500 þús. kr.
- 241 **Landnám ríkisins.** Framlag lækkar um 7 808 þús. kr., sem skýrist þannig, að eðlilegar rekstrarkostnaðarhækkunar eru 1 742 þús. kr., framlag til Inn-Djúps- áætlunar hækkar um 350 þús. kr., en lækkun verður á framlögum til gras- kögglaverksmiðju í Flatey 2 550 þús. kr. og vegna taps Fóðuriðjunnar í Ólafsdal 1 200 þús. kr., og eftirfarandi liðir falla niður: Bygging gróðurhúsa 950 þús. kr., til varmaveitna 950 þús. kr. og grænfóðurverksmiðju 4 750 þús. kr. Loks lækkar áætlun um eigin tekjur um 500 þús. kr.
- 242 **Mat á landbúnaðarafurðum.** Kostnaður eykst um 3 707 þús. kr., og er orsökkin auk verðlagshækkana ný lög um flokkun og mat á ull og gærum (nr. 21 og 22/1976), sem kveða svo á, að ríkissjóður greiði laun matsmanna, sem vinna að framkvæmd laganna.
- 247 **Embætti yfirdýralæknis.** Fjárveiting hækkar um 31 889 þús. kr. Inn er tekin fjárveiting vegna tveggja nýrra dýralækna 3 240 þús. kr., en niður fellur fjár- veiting vegna dýralæknis í Hrísey 1 521 þús. kr. Að öðru leyti hækkar rekstrar- kostnaður um 19 470 þús. kr., að mestu vegna launa- og verðlagshækkana, og byggingarframlag hækkar um 10 700 þús. kr. í 24 000 þús. kr. Er það vegna byggingar dýralæknisbústaða á Kirkjubæjarklaustri, Barðaströnd og Þórshöfn, 8 000 þús. kr. á hvern stað.
- 271 **Landgræðslusjóður.** Framlag til sjóðsins hækkar um 1 607 þús. kr. og verður í heild 16 958 þús. kr. Er hér um að ræða hluta vindlingagjalds, er rennur í sjóðinn.
- 272 **Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey.** Þessi liður er fluttur af fjárlagalið 299, ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála. Framlag lækkar um 4 711 þús. kr. og verður 14 289 þús. kr., er skiptist þannig, að 8 000 þús. kr. eru ætlaðar til að ljúka byggingarframkvæmdum og tækjakaupum, 750 þús. kr. til afborgunar lána og rekstrarkostnaður er 5 539 þús. kr.
- 286 **Landbúnaður, framlög.** Á liðnum kemur fram 1 686 493 þús. kr. lækkun, vegna þess að tiltekin viðfangsefni, samtals að fjárhæð 1 690 528 þús. kr. í fjárlögum 1976, eru hvert um sig gerð að sjálfstæðum fjárlagalið, eins og fram kemur hér á eftir, þ. e. jarðræktarframlög, framræsla, Stofnlánadeild landbúnaðarins, uppþætur á útfluttar landbúnaðarafurðir og til búfjárræktar skv. lögum. Við-

fangsefni þau, sem eftir eru, hækka því um 4 035 þús. kr., eða sem hér segir: Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir 4 000 þús. kr., framleiðnisjóður landbúnaðarins 1 190 þús. kr., nautgriparæktunarsambönd 25 þús. kr. og búfjárryggingar skv. lögum 10 þús. kr., en niður fellur framlag til mjólkurbúa og smjòrsamlaga 1 190 þús. kr.

- 287 **Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Framlag hækkar um 98 650 þús. kr. og verður í heild 392 200 þús. kr. Þar af er fast framlag skv. lögum 25 000 þús. kr. og mótfamlag gegn 1% álagi á sòluvörur landbúnaðarins 367 200 þús. kr.
- 288 **Jarðræktarframlög.** Framlög þessi, sem eru verðtryggð og greiddast á næsta ári eftir framkvæmdaárið, hækka um 345 324 þús. kr. frá fjárlögum 1976. Auk verðlagshækkana er skýringin fólgin í því, að áður hefur ekki verið áætlað fyrir verðhækkunum á framkvæmdaárinu, heldur hefur verðbótin verið greidd umfram fjárlagaáætlun. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu framlaganna ásamt hækkun frá fjárlögum 1976 í þús. kr.

	Frumvarp 1977	Hækkun frá fjárlögum 1976
Vatnsveitur	108 000	40 500
Plógræsi	13 750	2 950
Önnur jarðrækt	330 000	199 500
Byggingarframkvæmdir	220 000	86 800
Héraðsráðunautar	48 567	15 574
Samtals	720 317	345 324

- 289 **Framræsla.** Liðurinn hækkar um 70 000 þús. kr. og verður 150 000 þús. kr., þar af sérstök flýttigreiðsla 28 000 þús. kr.
- 290 **Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.** Áætlun um þessar uppbætur er 1 800 000 þús. kr., sem er 910 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1976. Ljóst var við afgreiðslu fjárlaganna, að sú fjárhæð myndi ekki nægja að óbreyttum lögum og reglum, og var ætlunin að endurskoðun færi fram á uppbótarkerfinu á árinu. Sú endurskoðun hefur hins vegar ekki farið fram við gerð þessa fjárlagafrumvarps, og er því óleystur vandi af þessum sökum á árinu 1976. Miðað við fullnýtingu verðábyrgðar á árinu 1977 má ætla, að 2 200 000 þús. kr. þyrfti að greiða úr ríkissjóði á því ári. Eru útflutningsuppbætur þannig áætlaðar um 400 000 þús. kr. lægri en nemur fullri nýtingu 10% verðábyrgðarinnar á árinu 1977, en stefnt er að endurskoðun á uppbótarkerfinu og á þeirri forsendu er áætlunin gerð.
- 291 **Til búfjárræktar skv. l. nr. 31/1973.** Hækkun framlags er 36 123 þús. kr., sem er verulega umfram verðlagshækkanir, en í ljós hefur komið allmikil vanáætlun í fjárlögum 1976.
- 299 **Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála.** Á þessum lið kemur fram 11 330 þús. kr. lækkun, sem skýrist þannig: Framlag til einangrunarstöðva holdanauta, 19 000 þús. kr. í fjárlögum 1976, er flutt á sérstakan fjárlagalið, niður fellur framlag til heykögglaferksmiðju á Svalbarðseyri 650 þús. kr., á liðinn flyzt framlag til Skógræktarfélags Íslands 3 800 þús. kr. (óbreytt), og verðuppbætur á landgræðsluáætlun á þessum lið nema 4 520 þús. kr.

- 501 Bændaskólinn á Hvanneyri. Kostnaður eykst um 35 216 þús. kr., þar af ráðning nýs kennara 1 609 þús. kr. og eðlilegar launa- og verðlagshækkningar 20 557 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 13 050 þús. kr. og verður alls 50 000 þús. kr. Skipting er þessi í þús. kr.

Lúkning áfanga skólabyggingar	30 000
Viðgerðir á eldra skólastjórabúsi	8 500
Lúkning skólastjórabústaðar	6 000
Endurbygging útihúsa	2 500
Tækjakaup	3 000

Samtals 50 000

- 503 Garðyrkjuskólinn á Reykjum. Á þessum lið verður 14 601 þús. kr. hækkun, þar af eðlilegar rekstrarkostnaðarhækkningar 10 051 þús. kr. og hækkun stofnkostnaðarframlags 4 550 þús. kr. Verður stofnkostnaður alls 15 000 þús. kr., sem varið verður til heimavistarálmu 10 000 þús. kr., anddyris 4 000 þús. kr., endurbóta á skólastjórabústað 500 þús. kr. og á kennarabústað 500 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneytið

- 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Kostnaður við stofnunina eykst um 28 824 þús. kr., þar af 1 734 þús. kr. vegna ráðningar útibússtjóra á Neskaupsstað, 1 670 þús. kr. vegna ráðningar sérfræðings í efnafræðideild, og aðrar rekstrarkostnaðarhækkningar 25 420 þús. kr., sem að visu er nokkuð umfram launa- og verðlagshækkningar, en hliðsjón hefur verið höfð af reikningstölum 1975 við þessa áætlun.
- 215 Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Þessi liður hækkar um 60 848 þús. kr. Eðlilegar launa- og verðlagshækkningar nema 50 552 þús. kr., en önnur aukning, 10 296 þús. kr., er vegna fjölgunar starfsfólks í sambandi við auknar kröfur um gæðaeftirlit o. fl. Er hér um að ræða ráðningar í 8½ stöðu, þar af 3 stöður, sem setnar höfðu verið án heimildar, en fjárveitinganefnd samþykkti fyrir á árinu.
- 271 Byggingarsjóður hafrannsóknaskips. Framlag eykst um 28 986 þús. kr., þar af vegna gengisbreytinga 6 314 þús. kr., hækkun afborgana 26 261 þús. kr., en eitt lán hafði verið afborgana laust fyrstu árin, en vaxtagreiðslur lækka um 3 589 þús. kr.
- 274 Aflatryggingasjóður. Framlag hækkar um 50 809 þús. kr. og verður 164 500 þús. kr. Þar af er fast framlag vegna togaradeildar 2 500 þús. kr. og mótframlag ríkissjóðs, sem er fjórðungur útflutningsgjalds, 162 000 þús. kr. Heildartekjur sjóðsins eru áætlaðar 1 580 500 þús. kr.
- 299 Ýmislegt á sviði sjávarútvegs. Framlög á þessum fjárlagalið hækka um 94 488 þús. kr., og skýrist sú hækkun þannig: Fiskveiðasjóður 113 000 þús. kr., veiðieftirlit 19 180 þús. kr., verðuppbót á línufisk 5 000 þús. kr., athugun á svartolíunotkun 150 þús. kr., eftirlit með hvalvinnslustöðvum 53 þús. kr., skólabátur 30 þús. kr., og upp er tekið sérstakt framlag vegna ársfundar hafrannsóknaráðsins hér á landi, 1 500 þús. kr. Aftur á móti falla niður framlög vegna rekstrarhalla togara 42 750 þús. kr., norrænnar fiskimálaráðstefnu 1 425 þús. kr. og heimildarkvikmyndar um sjómennsku 250 þús. kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

- 101 Aðalskrifstofa. Af hækkuninni, 12 140 þús. kr., eru 553 þús. kr. vegna ráðninga skrifstofustúlku í hálftrú starf, áhrif kjarasamninganna nema 7 364 þús. kr., og aðrir rekstrarliðir hækka um 4 223 þús. kr., sem eru nokkru meira en verðlagshækkunum nemur, en hliðsjón hefur verið höfð af reikningstölum 1975.
- 202 Ríkissaksóknari. Kostnaður eykst um 13 777 þús. kr., þar af ráðning fulltrúa 1 734 þús. kr., ráðning í eina og hálftrú skrifstofumanna 1 658 þús. kr., og aðrir hækkunir nema 10 385 þús. kr., sem er meiri hækkun en verðlag gefur tilefni til, en miðað er við, að umsvif stofnunarinnar aukist.
- 205 Sakadómaraembætti. Á þessum lið verður 61 919 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig: Gert er ráð fyrir ráðningu tveggja ritara 2 045 þús. kr., og fulltrúa 1 670 þús. kr., hækkun fastra launa vegna áhrifa kjarasamninganna er 29 851 þús. kr., önnur laun hækka um 16 108 þús. kr. eða 76% vegna aukinna umsvifa, og annar rekstrarkostnaður eykst um 12 245 þús. kr. af völdum verðlagshækkana.
- 206 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Kostnaður við lögreglustjóraembættið eykst um 282 245 þús. kr. Launaliður hækkar um 215 780 þús. kr., þar af ráðning þriggja lögreglumanna vegna rannsókna á umferðarslysum 3 556 þús. kr., áhrif kjarasamninganna eru 103 582 þús. kr., og hækkun annarra launa en fastra við almenna löggæzlu er 108 642 þús. kr., og er þar tekið tillit til reynslu undanfarinna ára. Hækkun annarra rekstrarliða er 46 205 þús. kr. og gjaldfærðs stofnkostnaðar 20 260 þús. kr. Verður stofnkostnaðarfjárveiting samtals 26 416 þús. kr., þar af vegna lögreglustöðvar í Breiðholti 15 000 þús. kr. og bifreiða- og tækjakaupa 11 416 þús. kr.
- 207 Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík. Framlag lækkar um 105 þús. kr. og verður 12 090 þús. kr. Verður því annars vegar varið til kaupa á lyftu 7 500 þús. kr. og hins vegar til pappalagningar á þak, 4 590 þús. kr.
- 212—237 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Á undanförunum árum hefur verið allverulegt misræmi milli fjárveitinga hvers árs og þess, sem raunverulega er eytt af embættunum á viðkomandi ári. Til þess að ráða bót á þessu vandamáli hefur sérstaklega verið höfð hliðsjón af raunverulegum reikningstölum frá árinu 1975 við ákvörðun um fjárveitingar. Þetta leiðir til þess, að ýmsir gjaldaliðir hækka mun meira en kjarasamningar og verðlagshækkunir gefa tilefni til, en heildarhækkun framlags er 522 507 þús. kr. eða 70,3%. Launaliður hækkar um 369 564 þús. kr., eða 65,8%. Við athugun á starfsmannahaldi ríkisins pr. 1. jan. 1975 kemur í ljós, að allmikið var um starfsfólk hjá embættunum, sem ekki hafði fengið tilskilda formlega ráðningarheimild. Ákvað fjárveitinganefnd fyrr á þessu ári að heimila ráðningar, er svöruðu til 17 851 þús. kr., en jafnframt kom í ljós, að í fjárlögum 1976 höfðu fallið niður fjárveitingar að fjárhæð 4 582 þús. kr. vegna staða, sem áður hefðu verið heimilaðar. Umræddar stöður eru sýndar í eftirfarandi upptalningu (fjárhæðir í þús. kr.).

Samþykkt af fjárveitinganefnd:

Akranes:	½ skrifstofumaður	613
Stykkishólmur:	½ ritari	523
	Lögregluþjónn	1 266
Akureyri:	1½ ritari	1 598
Vestmannaeyjar:	2 ritarar	2 128
Keflavík:	½ fulltrúi	835
	Lögregluþjónn	1 185
Hafnarfjörður:	Skrifstofumaður	1 146
	½ skrifstofumaður	553
	Skrifstofustjóri	1 670
	Fulltrúi (í stað 1½ skrifstofumanns)	1 670
	4 lögregluþjónar	4 664
	Samtals	17 851

Stöður, sem féllu niður í fjárlögum 1976:

Ísafjörður:	Ritari	1 146
Blönduós:	½ ritari	511
Akureyri:	Ritari	1 146
Hvolsvöllur:	½ skrifstofumaður	553
Eskifjörður:	Skrifstofumaður	1 226
	Samtals	4 582

Þá hefur verið fallizt á starfsliðs aukningu, sem hér segir í þús. kr.:

Akranes:	Fulltrúi	1 854
Ísafjörður:	Fulltrúi	1 854
Ólafsfjörður:	½ skrifstofumaður	592
Akureyri:	2 lögregluþjónar	2 589
Húsavík:	Skrifstofumaður	1 182
Höfn:	Skrifstofumaður	1 405
Keflavík:	½ ritari	592
Hafnarfjörður:	4 skrifstofumenn	5 557
Kópavogur:	Skrifstofumaður	1 315
	Samtals	16 940

Að öðru leyti hækkar yfirvinna o.þ.h. í löggæzlu um 146 004 þús. kr., sem er talsvert meira en tvöföldun, en höfð var hliðsjón af reynslu fyrri ára við þessa áætlunargerð. Loks hækka ýmsar aðrar launagreiðslur um 184 187 þús. kr., eða 40,7%. Liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar um 120 007 þús. kr., eða 81,9%, en hækkun frá reikningi 1975 er þó ekki meiri en 38,5%. Viðhaldsliður hækkar um 19 880 þús. kr., sem er talsvert meira en tvöföldun, en reynslan sýnir að á undanförunum árum hefur verið ráðstafað mun meira fé af þessum lið en fjárlög gerðu ráð fyrir. Loks hækkar gjaldfærður stofn- kostnaður um 14 750 þús. kr. og eigin tekjur embættanna hækka um 1 694 þús. kr. Stofnkostnaðarframlög nema samtals 39 330 þús. kr., og eru hæstu framlögin til Keflavíkur til að ljúka skrifstofubyggingu 11 880 þús. kr., Bolungarvíkur til innréttinga o.fl. 5 500 þús. kr., Kópavogs til tækjakaupa o.fl. 3 250 þús. kr., Patreksfjarðar til húsakaupa 2 000 þús. kr. og Blönduóss til tækjakaupa 2 000 þús. kr., en til annarra embætta renna samtals 14 700 þús. kr.

- 251 **Landhelgisgæzla.** Kostnaður eykst um 682 180 þús. kr., þar af 155 200 þús. kr. vegna landhelgissjóðs, þar sem til kemur endurgreiðsla af láni vegna flugvélar-kaupa. Aðrar hækkanir eru því 526 980 þús. kr., eða 58,3%, sem er verulega umfram launa- og verðlagshækkanir, en sem kunnugt er varð mikil aukning

- umsvifa í sambandi við landhelgisdeiluna, og var sérstök fjáröflun lögfest í maí s. l. af því tilefni. Af sérstökum orsökum hækkunar skal nefnt, að ráðgerð er ráðning flugmanns og tveggja flugvirkja, samtals 14 000 þús. kr., en til kemur rekstur viðbótarflugvélar (FOKKER) á árinu, og viðhald fluggæzlu hækkar um 41 252 þús. kr., m. a. vegna reglubundinnar meiri háttar skylduskoðunar.
- 252 Bifreiðaeftirlit.** Framlag hækkar um 63 604 þús. kr., þar af átta stöður, sem setnar voru án heimildar en samþykktar af fjárveitinganefnd fyrr á þessu ári 10 012 þús. kr., tímabundnar lausráðningar 4 579 þús. kr., launakostnaður vegna bifreiðastjóra- og ökukennaranámskeiða, að öllu leyti borinn af tekjum, 4 517 þús. kr. og aðrar launahækkunarir, einkum vegna kjarasamninganna, 28 981 þús. kr. Liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar um 18 127 þús. kr. eða 43,6%. Viðhaldsliður hækkar um 1 583 þús. kr., eigin tekjur hækka um 3 823 þús. kr., en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 372 þús. kr. Verður hann alls 18 640 þús. kr., sem skiptist þannig að 9 700 þús. kr. verður varið til lokafrágangs skrifstofuhúsnæðis, 5 100 þús. kr. til innréttinga í skoðunarsal, 3 200 þús. kr. til prófunarbrautar o. fl. á lóð og 640 þús. kr. til búnaðar í skoðunarsal.
- 253 Almannavarnir.** Hækkun nemur 4 690 þús. kr., þar af erindreki samþykktur af fjárveitinganefnd 1 386 þús. kr., en aðrar hækkunarir, 3 304 þús. kr., stafa af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.
- 255 Umferðarráð.** Á þessum lið verður 8 637 þús. kr. hækkun, þar af ráðning ritara, samþykkt af fjárveitinganefnd, 1 146 þús. kr., og nettóhækkun annarra liða er 7 491 þús. kr.
- 261 Öryggiseftirlit ríkisins.** Staðið er undir kostnaði við rekstur eftirlitsins með tekjum af öryggiseftirlitsgjaldi. Í fjárlagaáætluninni er um að ræða fjölgun um skrifstofumann í hálfu starfi, 553 þús. kr., og öryggisskoðunarmann í stað aðstoðarmanns í $\frac{2}{3}$ stöðu 661 þús. kr.
- 262 Löggildingarstofan.** Auk eðlilegrar hækkunar rekstrarkostnaðar, 2 855 þús. kr., hækkar framlag til stofnkostnaðar um 13 507 þús. kr., eða samtals 16 362 þús. kr. Stofnkostnaður verður samtals 16 500 þús. kr., þar af til kaupa á rennismælitæki 12 000 þús. kr. og til innréttinga á nýju leiguhúsnæði 4 500 þús. kr.
- 281 Dómsmál, ýmis kostnaður.** Hækkun á þessum lið er 12 668 þús. kr., þar af 8 400 þús. kr. vegna málskostnaðar, 4 000 þús. kr. vegna meðdómsmanna og 268 þús. kr. vegna annarra liða.
- 282 Ýmis löggæzlukostnaður.** Hækkun nemur 12 755 þús. kr., sem skiptist þannig, að kostnaður vegna héraðslögreglu eykst um 2 330 þús. kr., vegna endurnýjunar lögreglubifreiða 6 450 þús. kr. og vegna annars löggæzlukostnaðar, svo sem tímabundinnar löggæzlu, 3 975 þús. kr.
- 283 Fangamál, ýmis kostnaður.** Þessi liður hækkar um 17 576 þús. kr. og kemur þannig fram á einstökum viðfangsefnum: Bygging ríkisfangelsa og vinnuhæla 15 750 þús. kr. (verður 30 000 þús. kr.), sjúkrakostnaður refsifanga 1 112 þús. kr., fangahjálp 490 þús. kr., geðlækninga- og sálfræðipjónusta við refsifanga 434 þús. kr., en kostnaður við námskeið fangavarða lækkar um 210 þús. kr.
- 301 Þjóðkirkjan.** Kostnaður eykst um 103 150 þús. kr., þar af ráðning skrifstofumanns á biskupsstofu 1 226 þús. kr., prestur í Hafnarfirði 1 235 þús. kr., launa-

hækkanir af völdum kjarasamninganna eru 69 713 þús. kr., liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar um 13 980 þús. kr., einkum vegna verðlagshækkana, og viðhaldsliður hækkar um 9 585 þús. kr., þar af viðhald embættisbústaða 9 325 þús. kr. og annað viðhald 260 þús. kr. Framlög til bygginga á prestsetrum hækka um 5 750 þús. kr. og til kaupa á eignum á kirkjujörðum um 500 þús. kr. Loks hækka ýmsir styrkir um 1 161 þús. kr.

- 373 **Kristnissjóður.** Framlag hækkar um 8 132 þús. kr., en það hefur reynzt nokkuð vanmetið í fjárlögum 1976. Hér er um að ræða lögbundið framlag, sem nemur launum í níu prestaköllum, er lögð voru niður með lögum nr. 35/1970.

07 Félagsmálaráðuneytið

- 271 **Húsnæðismálastofnun ríkisins.** Hækkun framlaga til stofnunarinnar nemur samtals 715 030 þús. kr., þar af hluti byggingarsjóðs ríkisins af launaskatti 654 000 þús. kr., byggingarsjóðsgjöld af tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum 60 130 þús. kr. og framlag vegna heilsuspillandi húsnæðis 900 þús. kr.
- 272 **Byggingarsjóður verkamanna.** Framlag hækkar um 109 300 þús. kr. og verður alls 325 000 þús. kr. Skiptist sú fjárhæð þannig, að 210 000 þús. kr. er mótfamlag vegna ársins 1977, en 115 000 þús. kr. eru eftirstöðvar frá 1976, sem samízt hefur um, að greiddar verði á árinu 1977.
- 371 **Lánasjóður sveitarfélaga.** Hækkun framlags er 17 250 þús. kr. og verður það alls 82 500 þús. kr., en skv. lögum skal framlag ríkissjóðs vera 2½% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
- 399 **Vatnsveitur.** Framlag til vatnsveitna hækkar um 11 875 þús. kr. og verður alls 38 000 þús. kr.
- 972 **Bjargráðasjóður.** Hér er um að ræða lögbundið framlag, sem er annars vegar 50 kr. á hvern íbúa landsins og hins vegar 0,25% af söluvörum landbúnaðarins. Jafnhá framlög frá sveitarfélögum renna í sjóðinn. Ríkissjóðsframlagið hækkar um 9 600 þús. kr. og verður í heild 40 000 þús. kr.
- 974 **Styrktarsjóður fatlaðra.** Framlag hækkar um 1 200 þús. kr. og verður 5 000 þús. kr.
- 975 **Styrktarsjóður vangefinna.** Hækkun nemur 8 175 þús. kr. og verður í heild 40 000 þús. kr.
- 981 **Vinumál.** Þessi liður hækkar um 10 678 þús. kr., og skiptist hækkunin þannig á viðfangsefni: Sáttanefndir í vinnudeilum 2 017 þús. kr., ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota 1 807 þús. kr., jafnréttisráð 1 600 þús. kr., félagsdómur 702 þús. kr. og framkvæmd áætlunar um opinberan stuðning við samtök vinnu- markaðarins vegna hagræðingarstarfsemi 552 þús. kr. Þá er tekið inn framlag til hagdeildar ASÍ og vinnuveitendasambandsins 4 000 þús. kr.
- 999 **Ýmislegt.** Framlög á þessum lið hækka um 40 213 þús. kr., þar af meðlög 33 640 þús. kr., Slysavarnafélag Íslands 4 238 þús. kr., til dvalarheimilis aldraðra að Fellsenda 2 000 þús. kr. og aðrir liðir samtals 620 þús. kr., en niður fellur styrkur til félagsins Sjálfsbjargar vegna ráðstefnuhalds, 285 þús. kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

- 101 Aðalskrifstofa. Kostnaður við aðalskrifstofu ráðuneytisins eykst um 19 838 þús. kr., þar af vegna ráðningar afgreiðslustúlku 946 þús. kr. og almennra launahækkana 10 233 þús. kr. Aðrir rekstrarliðir hækka um 8 659 þús. kr., sem er mun meira en verðlagshækkanir gefa tilefni til, en hins vegar eðlileg hækkun miðað við raunverulega útkomu á undanförunum árum.
- 271 Tryggingastofnun ríkisins. Framlög á þessum lið eru vegna slysatrygginga, lífeyrstrygginga og sjúkratrygginga, og er sýnt á eftirfarandi yfirliti, hvernig heildarframlagið skiptist á þessa þrjá tryggingarflokka og samanburður gerður við fjárlagatölur 1976.

Almannatryggingar 1976 og 1977
(Í millj. kr.)

	Fjárlög 1976	Frumvarp 1977	Hækkun
Slysatryggingar	552,5	834,5	282,0
Lífeyrstryggingar	7 715,0	11 671,0	3 956,0
(Þar af atvinnurekendur)	(1 080,0) ¹⁾	(1 634,0)	(554,0)
Sjúkratryggingar	8 713,0	7 676,0	÷ 1 037,0
Samtals	16 980,5	20 181,5	3 201,0
Hlutur ríkissjóðs	15 348,0	17 713,0	2 365,0
Hluti atvinnurekenda	1 632,5	2 468,5	836,0

¹⁾ Tala þessi er oftalin í fjárlögum 1976 um 242 m. kr., en hefur hér verið leiðrétt.

Framlög til almannatrygginga hækka samkvæmt þessu um 3 201 000 þús. kr. og koma af þeirri fjárhæð 2 365 000 þús. kr. í hlut ríkissjóðs og 836 000 þús. kr. í hlut atvinnurekenda. Við þennan samanburð ber að hafa í huga, að út af þessum lið hefur verið færður daggjaldakostnaður ríkisspítala, sem áætlaður er 4 396 000 þús. kr. á árinu 1977, og er aukningin því meiri sem svarar þessari fjárhæð. Eins og vikið er að framfarir í þessari greinargerð, er tilgangur þeirrar ráðstöfunar að taka ríkisspítala undan daggjaldakerfinu og fjármagna rekstur þeirra beint með fjárveitingum á fjárlögum, annars vegar að ná fram meira eftirliti með útgjöldum þessara umfangsmiklu stofnana, og hins vegar að koma á meira samræmi milli stjórnunaraðildar og fjárhagslegrar ábyrgðar í þeim sjúkrahúsum, sem rekin verða sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Sem bein afleiðing þessarar ákvörðunar er nauðsynlegt að breyta lögum um kostnaðarþátttöku aðila í sjúkratryggingum, og verður frumvarp þess efnis lagt fyrir þingið. Miðað við að þessi ráðstöfun raski í engu framlögum hvors aðila til sjúkratrygginga, hefur hún í för með sér, að sveitarfélög bera um fjórðung daggjaldakostnaðar annars staðar en á ríkisspítölum og þar sem um langlegusjúklinga er að ræða, og ríkið þrjá fjórðu hluta.

Kostnaður við lífeyrstryggingar og framlög ríkissjóðs skv. fjárlögum 1976 og frumvarpi 1977 eru sýnd í eftirfarandi yfirliti.

Lífeyristryggingar 1976 og 1977
(Í millj. kr.)

	Fjárlög 1976	Frumvarp 1977	Hækkun
Ellilífeyrir	4 144	6 069	1 925
Tekjutrygging	1 605	2 830	1 225
Uppbót á lífeyri	348	507	159
Órorkustyrkur	266	419	153
Barnalífeyrir	357	499	142
Mæðralaun	251	343	92
Fæðingarstyrkur	234	281	47
Ekkjubætur og lífeyrir	219	324	105
Bætur samtals	7 424	11 272	3 848
Kostnaður	140	167	27
Til varasjóðs	151	232	81
Gjöld samtals	7 715	11 671	3 956
Hluttur ríkissjóðs	6 635	10 037	3 402
Hluti atvinnurekenda	1 080	1 634	554

Heildaraukning kostnaðar við lífeyristryggingar er þannig 3 956 000 þús. kr. Þar af koma 3 402 000 þús. kr., eða 86%, í hlut ríkissjóðs, og 554 000 þús. kr., eða 14%, í hlut atvinnurekenda. Orsök þessarar hækkunar, auk eðlilegrar mannfjölgunar í hverjum bótaflokki, eru þær bótahækkanir, sem ákveðnar hafa verið frá samþykkt síðustu fjárlaga, þ. e. 5% frá 1. janúar, 10% frá 1. apríl og 9% frá 1. ágúst fyrir almennar bætur og 18% fyrir tekjutryggingarmörk, og auk þess áætlaðar hækkanir til samræmis við umsamdar launahækkanir allt til ágústmánaðar 1977. Þannig eru 1 104 000 þús. kr. af hækkun ríkishlutans vegna áætlaðra hækkana framyfir það, sem þegar hefur verið ákveðið, þar af 624 000 þús. kr. á árinu 1977.

Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á kostnaði við sjúkratryggingar skv. fjárlagaáætlun 1976 og frumvarpi 1977.

Sjúkratryggingar 1976 og 1977
(Í millj. kr.)

	Fjárlög 1976	Frumvarp 1977	Hækkun
Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum	8 190	6 513	÷1 677
Læknishjálp	831	836	5
Lyf	820	881	61
Dagpeningar	345	476	131
Tannlækningar	180	325	145
Ýmis sjúkrakostnaður	534	742	208
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	138	205	67
Til varasjóðs	51	46	÷5
Samtals	11 089	10 024	÷1 065
Útgjaldahluti	9 168	7 764	÷1 404
Framlag ríkissjóðs á árinu	8 713	7 676	÷1 037

Útgjaldahluti ríkissjóðs vegna sjúkratrygginga lækkar samkvæmt þessum samburði um 1 404 000 þús. kr., en þegar tekið er tillit til færslu kostnaðar við rekstur ríkisspítala á sérstaka fjárlagaliði í A-hluta, samtals 4 396 000 þús. kr., er í raun um 2 992 000 þús. kr. hækkun að ræða. Kemur þetta fram á liðnum vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum, sem koma út með 1 677 000 þús. kr. lækkun í þessum samburði, en hækka í raun um 2 719 000 þús. kr., þegar daggjaldakostnaður ríkisspítala er meðtalin. Orsökina er sú, að frá samþykkt síðustu fjárlaga hafa daggjöld á sjúkrahúsum hækkað sem hér segir: Frá 1. apríl um 8,7% að meðaltali, frá 1. júlí um 9,1% og auk þess er áætlað fyrir væntanlegri hækkun 1. október auk hækkana 1. febrúar og 1. júlí á næsta ári. Kostnaðarauki ríkissjóðs vegna þessara áætluðu hækkana er 1 188 000 þús. kr., þar af 480 000 þús. kr. vegna hækkana á næsta ári. Er hér haft mið af umsömdum launahækkunum. Orsök tiltölulega lítillar hækkunar á liðnum læknishjálpi og lyf á m. a. rætur að rekja til fyrirhugaðrar hækkunar á kostnaðarþátttöku einstaklinga í sérfræðipjónustu lækna og lyfjum í samræmi við verðlagshækkunir, þannig að miðað sé við óbreytta hlutfallslega þátttöku aðila. Um aðra liði áætlunarinnar er það að segja, að þeir eru yfirleitt í samræmi við hækkun verðlags og líklega magnaukningu, og er þá miðað við verðlag í árslok 1976. Undantekning frá þessu er liðurinn tannlækningar, sem hækkar hlutfallslega mun meira en aðrir liðir, en þar mun vera um að ræða allmikla vanáætlun í fjárlögum 1976 eftir reynslu fyrri hluta ársins, en sú áætlun var háð mikilli óvissu, þar sem engin reynsla var fengin af hinu útvíkkaða bótakerfi fyrir tannlækningar, sem ekki kom til framkvæmda fyrr en undir mitt ár 1975. Eins og fram kemur á töflunni eru heildarútgjöld sjúkratrygginganna talin 10 024 000 þús. kr. og útgjaldahluti ríkissjóðs 7 764 000 þús. kr., eða 2 260 000 þús. kr. lægri. Af þessum mun bera sveitarfélög 1 060 000 þús. kr., að teknu tilliti til hækkunar gjaldskrár einstaklinga vegna sérfræðipjónustu lækna og lyfjakaupa, en þær 1 200 000 þús. kr., sem á vantar, samsvara áætlaðri innheimtu á svonefndu sjúkratryggingagjaldi (1% á útsvarsstofni), en við gerð fjárlagafrumvarpsins hefur ekki verið gengið endanlega frá því máli, og bíður það afgreiðslu þingsins. Í fjárlögum 1976 er mismunur heildarútgjalda og hluta ríkissjóðs 1 921 000 þús. kr., þar af áætlað sjúkratryggingagjald 1 100 000 þús. kr. og hlutur sveitarfélaga 821 000 þús. kr. Loks skal þess getið, að mismunur á útgjaldahluta og framlags ríkissjóðs á árinu stafar af því, að ávallt færirst eitthvað af greiðslum skuldbindinga, sem stofnað er til á árinu, yfir áramót, en áætlaðar mismunur á árinu 1977 er 88 000 þús. kr. Eðlilegt er, að ógreiddir reikningar af þessu tagi hækki með aukinni umsetningu.

- 272 **Atvinnuleysistryggingasjóður.** Framlag hækkar um 436 000 þús. kr., þar af atvinnuleysistryggingagjald atvinnurekenda, sem fært er á tekjuhlið frumvarpsins, 135 000 þús. kr., móttframlag ríkissjóðs 270 000 þús. kr. og sérstök 31 000 þús. kr. hækkun vegna 5% niðurskurðar í fjárlögum 1976.
- 301 **Skrifstofa ríkisspítalanna.** Kostnaður eykst um 26 476 þús. kr., þar af tveir skrifstofumenn, er setið höfðu í óheimiluðum stöðum, en samþykktir voru af fjárveitinganefnd, 2 556 þús. kr., ráðning viðskiptafræðings, skrifstofumanns og tölvufræðings í hálfri starf, er fjárveitinganefnd samþykkti við meðferð fjárlagafrumvarps 1976 í sambandi við starfsmannaaukningu á ríkisspítölum, en fært var af vangá á sjúkratryggingalið, 4 028 þús. kr., og eðlilegar launa- og verðlagshækkunir nema 19 892 þús. kr.
- 312 **Blóðbankinn.** Á liðnum kemur fram 833 þús. kr. lækkun, sem skýrist þannig, að ráðning hjúkrunarkonu og ritara, sem samþykkt var af fjárveitinganefnd fyrr á þessu ári, nemur 2 450 þús. kr., annar rekstrarkostnaður hækkar um 16 081 þús. kr., og áætlun um eigin tekjur hækkar um 19 364 þús. kr.

322 Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Kostnaðaraukning er 11 477 þús. kr., þar af inn-réttingakostnaður í nýju leiguhúsnæði 5 121 þús. kr., og rekstrarkostnaður 6 356 þús. kr.

371—378 Ríkisspítalar. Eins og fram hefur komið hefur verið tekin ákvörðun um það að færa ríkisspítala yfir í A-hluta fjárlaganna og fjármagna rekstur þeirra með beinum fjárveitingum í stað daggjalda. Auk ríkisspítalanna er hér einnig tekið með Gunnarsholtsheimilið. Áætluð daggjöld á árinu 1977 miðast við umsamdar launahækkningar fram til júlí 1977, og eru ríkissjóðsframlög til þessara spítala miðuð við sömu forsendu. Rekstrarframlögin nema samtals 4 396 000 þús. kr. og skiptast á einstök sjúkrahús sem hér segir í millj. kr.:

Landspítali	2 555
Fæðingardeild	410
Kleppspítali	703
Vífilsstaðir	253
Kristnes	135
Kópavogshæli	290
Gunnarsholtsheimilið	50
Samtals	4396

Framlög til stofnkostnaðar á ríkisspítölum hækka um 35 800 þús. kr. og verða samtals 374 800 þús. kr. Skiptast þau þannig á einstök sjúkrahús í þús. kr.:

Landspítalinn	292 000
Fæðingardeild	30 000
Kleppspítalinn	20 000
Vífilsstaðaspítali	20 000
Kristneshælið	12 800
Samtals	374 800

Á Landspítala verður 125 000 þús. kr. varið til áframhalds við byggingu geðdeildar, þar með talin göngudeild á 1. hæð, 28 000 þús. kr. til rannsóknastofa, 30 000 þús. kr. til símtöðvar, 21 000 þús. kr. til röntgentækja (skuldagr.), 18 000 þús. kr. til sjúkramóttöku, 10 000 þús. kr. til færslu deilda í samræmi við framtíðarskipulag, 40 000 þús. kr. til meiri háttar tækjakaupa og 20 000 þús. kr. til stjórnunar, eftirlits, teikninga o. þ. h. Á fæðingardeild eru 15 000 þús. kr. ætlaðar til lokafrágangs o. fl. við nýbyggingu og 15 000 þús. kr. til að hefja endurbætur á gömlu fæðingardeildinni. Á Kleppi eru 20 000 þús. kr. ætlaðar til endurbyggingar gamla spítalans og skuldagreiðslna, á Vífilsstöðum renna 20 000 þús. kr. til lúkningar á byggingu barnaheimilis, og loks verður 12 800 þús. kr. fjárveitingu til Kristneshælis varið til breytinga á vinnustofum á sjúkradeild, bifreiðakaupa og kaupa á húsi af SÍBS. Auk þessa eru 20 000 þús. kr. af fjárveitingu til Gæzlúvistarsjóðs ætlaðar til byggingar vinnuskála við Gunnarsholtsheimilið.

381 Til sjúkrahúsa og læknisbústaða. Samtals hækka framlög á þessum lið um 201 473 þús. kr., sem kemur þannig fram að framlög til byggingar sjúkrahúsa og læknisbústaða hækka um 184 965 þús. kr., styrkur til heilsuverndarstöðva hækkar um 25 008 þús. kr., en niður falla styrkir til St. Jósefsspítala 8 500 þús. kr., þ. e. byggingarstyrkur 3 500 þús. kr. og styrkur til kaupa á röntgentæki 5 000 þús. kr. Byggingarframlög til sjúkrahúsa og læknisbústaða nema samtals 929 800 þús. kr., og verður áætlun um sundurliðun á einstakar framkvæmdir lögð fyrir fjárveitinganefnd.

- 391 **Héraðslæknar og heilsugæzlustöðvar.** Liðurinn hækkar um 103 417 þús. kr., þar af 50 000 þús. kr. sem eru greiðslu vegna gæzluvakta héraðslækna skv. kjarasamningum, en að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagshækkanir að ræða.
- 399 **Ýmis heilbrigðismál.** Framlög á þessum lið hækka um samtals 38 820 þús. kr. og munar þar mest um skóla heilbrigðisstétta 9 770 þús. kr., ljósmæðralaun 6 652 þús. kr., Krabbameinsfélag Íslands 3 775 þús. kr., lyfjaeftirlit 2 920 þús. kr., daggjaldanefnd 2 839 þús. kr., lyfjaskrárnefnd 1 964 þús. kr., námsferðir héraðslækna og embættislækna 1 912 þús. kr., matvælarannsóknir 1 375 þús. kr. og blóðrannsóknir ungbarna 1 237 þús. kr. Aðrir liðir hækka um samtals 6 376 þús. kr.
